

Snýst um að finna kjarkinn sinn

Nanna Kristín tók sem leikstjóri handrit Abbababb! sínum eigin tókum. > 32



Storminn lægir ekki í bráð

Britney Spears hefur endurheimt sjálfræði sitt en deilir áfram við fjölskylduna. > 30



ERTU AÐ FLYTJA?

orkusalan



# FRÉTTABLAÐIÐ

204. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 10. SEPTEMBER 2022

## Ég var ekki feig

Fyrir ári settist Svava Magnúsdóttir ásamt vinkonum sínum á veitingastað í sólinni á Tenerife. Augnablikum síðar náði hún ekki andanum og fann ekki fyrir fótunum. Toppur á pálmatré hafði fallið af himnum ofan og olli henni varanlegum mænuskaða. > 24



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



## Nýupptekið í næstu verslun

Matvörubúðirnar eru heldur betur orðnar litríkar enda er íslenska haustuppskeran komin í rekkana beint frá grænmetisbændum landins. Íslenskt grænmeti er eins ferskt og hægt er að ímynda sér.



## Svöngum börnum á Akureyri sagt hafa snarfjölgað

bth@frettabladid.is

**AKUREYRI** Á Facebook-síðunni Matargjafir á Akureyri og nágrenni kemur fram að beiðnir um aðstoð streymi inn.

Stjórnandi hópsins segir að margir foreldrar eigi ekki fyrir nesti fyrir börn sín. Ástandið sé að snarversna.



Hilda Jana Gísladóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar

Hilda Jana Gísladóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar, tekur málið upp í aðsendri grein í norðlenska staðarblaðinu Víkudegi.

Hilda Jana bendir á ábyrgð ríkisvaldsins á að búa svo um hnútana að enginn líði skort.

Bæjarfulltrúinn gagnrýnir einnig ef Akureyrarbær ætli ofan á þetta ástand að hækka matargjaldskrá í grunnskólum og leikskólum um 10 prósent líkt og boðað hafi verið. Það muni bitna helst á tekjulágum, einstæðum og öryrkjum. ■

## Ferð til fjár



Mikið fjör var í Skafholtsrétt í Þjórsárdal í gær en fram undan eru fjárréttir við á landið. Í dag verður meðal annars réttað í Fljótstungurétt á Hvitársíðu, Ljárskógarétt í Laxárdal, Hraunsrétt í Skutulsfirði, Syðridalsrétt í Bolungarvík, Auðkúlurétt við Svinavatn, Stafnsrétt í Svartárdal, Deildardalsrétt í Skagafirði, Hraungerðisrétt í Eyjafjarðarsveit, Gunnarsstaðarétt í Pistilfirði og Tungnarétt í Biskupstungum svo nokkur dæmi séu nefnd.

FRÉTTABLAÐIÐ/SÍGTRYGGUR ARI

## Sögð falsa dánarvottorð en fær bætur

ingunnlara@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Vietnömsk kona, sem var talin hafa lagt fram fölsuð dánarvottorð eiginmanns síns og tveggja stjúpdætra í von um að fá dánarbætur, hafði betur í máli gegn íslenska ríkinu. Landsréttur hefur dæmt henni tvær milljónir króna í bætur.

Konan stefndi íslenska ríkinu fyrir brot á mannréttindum við rannsókn lögreglu á vottorðunum. Hún var með réttarstöðu sakbornings í áratug, eða frá maí 2011 til maí 2021. Var rannsókninni hætt og málið fellt niður í fyrra.

Konan bjó á Íslandi í nokkur ár ásamt fjölskyldu sinni. Eiginmaður hennar og stjúpdætur fengu líf- og sjúkdómtryggingu hérlendis og ári síðar sótti konan um dánarbætur vegna andláts þeirra. Sagði hún fjölskylduna hafa druknað í Vietnam. Þrjú lík óþekktara einstaklinga



Málið teygði anga sína út fyrir strendur Vietnam. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fundust á svæðinu sem hún sagði vera mann sinn og stjúpdætur en frásögn konunnar breyttist itrekað og var ekki talin trúverðug. ■

Nánar á [frettabladid.is](https://frettabladid.is)

# Stökkbreyting á kostnaði við nýtt hjúkrunarheimili

Nýtt hjúkrunarheimili á Húsavík sem átti að kosta 2,2 milljarða mun kosta rúma 5,3 samkvæmt nýrri áætlun. Aukin hlutdeild hefur verið sett á sveitarfélögin og hefur þeirra kostnaður fjórfaldast.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**NORÐURLAND** Sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum sjá fram á stökkbreytingu kostnaðar vegna nýs hjúkrunarheimilis á Húsavík. Það er ríkið sem sér um verkkaupin. Verkefni sem átti að kosta sveitarfélögin 330 milljónir árið 2019 stefnir nú í 1,2 milljarða króna og byggingin sjálf er ekki hafin.

„Við eigum eftir að fara í frekari samtöl við ráðuneytið út af þessu,“ segir Hjálmar Bogi Hafliðason, forseti sveitarstjórnar og oddviti Framsóknarflokksins. Þegar hann sat í minnihluta sveitarstjórnar gagnrýndi hann skiptingu kostnaðar, en eftir sveitarstjórnarkosningarnar í vor er hann kominn í meirihluta.

Í febrúar árið 2019 sömdu sveitarfélögin Norðurþing, Tjörneshreppur, Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppur við heilbrigðisráðuneytið um uppbyggingu nýs 60 rýma hjúkrunarheimilis á Húsavík. Átti það að leysa eldra húsnaði, Hvamm, af hólmi en það þótti ekki uppfylla nútímakröfur. Áætlað var að heildarkostnaður yrði 2,2 milljarðar og sveitarfélögin myndu greiða 15 prósent, eða 330 milljónir króna.

Míðað við þetta var kostnaður Norðurþings um 250 milljónir, Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps (sem hafa nú sameinast) um 76 milljónir og Tjörneshrepps, sem telur 60 íbúa, 3 milljónir.

Kostnaðaráætlunin hefur hins vegar rokið upp, nú síðast um þriðjung, og í dag stendur verkið



Híð nýja hjúkrunarheimili verður byggt norðan við Hvamm og Heilbrigðisstofnun Norðurlands. MYND/NORÐURÞING



Mér finnst óeðlilegt að sveitarfélögin séu að kosta þetta.



Hjálmar Bogi Hafliðason, forseti sveitarstjórnar Norðurþings

í rúnum 5,3 milljörðum króna. Það eina verklega sem hefur verið framkvæmt er jarðvinnan, það er að grafa stóra holu fyrir grunninn norðan við Hvamm sem kostaði nokkra tugi milljóna króna.

Stór breyting fyrir sveitarfélögin er að hlutur þeirra hefur hækkað úr 15 prósentum í rúmlega 23. Það er að sveitarfélögin eru látin greiða tengibyggingu úr nýja hjúkrunarheimilinu yfir í Hvamm og Heil-

brigðisstofnun Norðurlands þar sem eldhúsið er.

„Eins og staðan er í dag eiga sveitarfélögin að borga tengiganginn að fullu, sem ég hef gagnrýnt,“ segir Hjálmar. „Mér finnst óeðlilegt að sveitarfélögin séu að kosta þetta.“

Lauslega reiknað er kostnaður sveitarfélaganna því kominn upp í rúmlega 1,2 milljarða króna. Þar af um 935 milljónir á Norðurþing, 283 á Þingeyjarsveit og rúmar 12 á Tjörneshrepp. Þetta er um fjórföld kostnaðaraukning frá upprunalegu áætlunum og hækkanin sjálf í kringum 200 þúsund krónur á hvern íbúa í sveitarfélagnum.

Hin nýja kostnaðaráætlun ráðuneytisins fer núna fyrir samræmingarnefnd um opinberar framkvæmdir. Hjálmar býst við að útbod geti hafist í kringum áramótin. Þrátt fyrir þessar miklu hækkningar sé enn hugur í sveitarstjórnarfólki að hefjast handa. „Sveitarfélögin eru öll sammála um að halda áfram með þetta verkefni.“

Svör hafa ekki borist frá heilbrigðisráðuneytinu við fyrirspurn Fréttablaðsins. ■



### Helga Helgadóttir

Tannlæknir

Hef hafði störf á tannlæknastofunni Valhöll. Ég vil bjóða alla nýja og eldri viðskiptavinum velkomna.

helgah@tannur.is    568-2522



Urðarhvarf 8 B - 6. hæð, 203 Kópavogur

Við erum ein af leiðandi tannlæknastofum á Íslandi. Bjóðum upp á alhliða tannlækningar með áherslu á gæði og þjónustu.



# MEST SELDI BÍLL ALLRA TÍMA TOYOTA COROLLA



Verð frá: 5.090.000 kr.

KINTO ONE Langtímaleiga  
Verð frá: 117.000 kr. á mánuði

TOYOTA – MEST SELDA  
BIFREIÐATEGUNDIN  
Á ÍSLANDI

**32**  
ÁR Í RÖÐ

TOYOTA TRYGGINGAR  
váttryggt af TM



Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6  
570 5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
460 4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
420 6600

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
480 8000



2018

UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULEIFINGAR  
UMHVERFISFYRIRTAKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

# Prófessor segir endalok breska konungsveldisins afar ólíkleg

sigurjon@frettabladid.is

**BRETLAND** Karl III. Bretakonungur ávarpaði bresku þjóðina í gær og var það í fyrsta skiptið sem hann kom fram opinberlega frá andláti móður sinnar, Elisabetar II. Bretadrottningar. Sagði Karl meðal annars að gildi bresku þjóðarinnar yrðu að vera stöðug, þrátt fyrir breytingar og áskoranir sem hún hefur orðið fyrir. „Það er nú líklegast að valdaskiptin hafi engar stjórnskipulegar afleiðingar, embætti þjóðhöfðingjans er algjörlega valdalaust,“ segir Ólafur Þ. Harðarson prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

Í kjölfar andláts Elisabetar hafa margir velt því fyrir sér hvort líklegt sé að konungsveldið riði til falls.

„Það er náttúrulega engin leið að segja en mér finnst það afar ólíklegt,“ segir Ólafur. Elisabet hafi verið táknrænt sameiningartákn og mjög elskuð af þegnum sínum. „Það er nú ólíklegt að Karl nái þeirri stöðu, hann er líklegur til að vera umdeildari,“ segir hann.

Lýðveldissinnar hafa aldrei verið sterkir í Bretlandi, að sögn Ólafs. „Í rauninni hafa engar tilraunir komið upp í gegnum tíðina til að afnema konungdæmið, ekki síðan 1649,“ segir hann.



Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði við HÍ

„Það er ólíklegt að það verði einhverjar alvöru raddir sem vilja breyta Bretlandi úr konungsveldi í lýðveldi en við getum sagt að á meðan það var kannski útilokað á meðan Elisabet var við völd, þá sé það bara afar ólíklegt á meðan Karl er við völd,“ segir Ólafur. ■



Karl III. Bretakonungur minnst móður sinnar, Elisabetar II., í ávarpi til bresku þjóðarinnar í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY



Í Grímsey. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

## Skjálfti yfir fjóra austur af Grímsey

benediktboas@frettabladid.is

**NÁTTÚRA** Skjálfti 4,1 að stærð varð í gær klukkan 13.19 um 16 kílómetra austur af Grímsey.

Tilkynningar bárust Væðurstofnunni um að skjálftinn hefði fundist á Akureyri og á Siglufirði. Þó nokkrir eftirskjálftar yfir þrjár að stærð fylgdu í kjölfarið.



### Yfir 2.500 skjálftar hafa mælst í hrinunni.

Samkvæmt Væðurstofnunni eru þessir skjálftar hluti af hrinu sem hófst þann 8. september. Alls hafa rúmlega 2.500 skjálftar mælst frá því að hrinan hófst en stærsti skjálftinn mældist eina mínútu yfir fjögur í fyrradag og var hann 4,9 að stærð.

Hrinur á þessum slóðum eru algengar þar sem flekaskil liggja á þessu svæði, það eru engin merki um gosóróa á svæðinu. ■

# Jafnvel aðeins fjórðungur tekna eftir

Af 150.000 króna lífeyris-sparnaði sitja aðeins 50.000 krónur eftir vegna skatta og skerðinga. 75 prósent af eign á verðbréfareikningi brunnu upp, að sögn eldri borgara.

bth@frettabladid.is

**LÍFEYRISMÁL** Jóhann Páll Jóhannsson, þingmaður Samfylkingarinnar, segir að nýju löggin um tilgreinda séreign sem fjallað hefur verið um í Fréttablaðinu hafi verið keyrð áfram af stjórnarflokkunum gegnum þingið síðasta vor. Löggin felí í sér að nú sé það einungis viðbótarlífeyrissparnaður sem ekki komi til skerðingar á greiðslum frá Tryggingastofnun.

„Hjá fólki sem þegar hefur safnað séreign af iðgjaldi í lífeyrissjóð kemur séreignin ekki til lækkunar á greiðslum almannatrygginga ef einstaklingurinn hefur lífeyristöku fyrir 1. janúar 2023,“ segir Jóhann Páll.

„En ef manneskja hefur lífeyristöku degi síðar skella skerðingarnar á af fullum þunga gagnvart allri þeirri séreign sem viðkomandi hafði safnað,“ segir Jóhann Páll sem situr í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Tæknifræðingi á sjötugsaldri brá í brún þegar hann sá að vegna nýrra lífeyrissjóðslaga, sem samþykkt voru í júní og taka gildi eftir áramót, myndu skerðingar éta upp greiðslur sem hann hafði áætlað frá Tryggingastofnun. Skerðingin næmi tugum milljóna. Lýsti maðurinn því í Fréttablaðinu að annað hvort þyrfti hann að hætta störfum mun fyrir en áætlað væri, tapa 15-20 milljónum vegna séreignarsjóðs sem



Lögjafinn sá fyrir hvaða hæpnu afleiðingar gætu orðið af nýju lagafrumvarpi, segir þingmaður stjórnarandstöðunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



### Nú stend ég eftir með um það bil fjórðung af upprunalegri upphæð.

Steinar Guðmundsson, eldri borgari

hann hafði lengi greitt í eða selja og greiða mikinn hátekjuskatt.

„Ég velti því upp í umræðum um málið í þingsal hvort í þessu gæti hugsanlega falist ólögmet og aftur-



Jóhann Páll Jóhannsson, þingmaður Samfylkingar

virk skerðing á lífeyrisréttindum og benti á að ástæða væri til að láta kannna þetta sérstaklega,“ segir Jóhann Páll.

Stjórnarmeirihlutinn hunsaði ýmsar athugasemdir sem bárust að sögn Jóhanns Páls. Frumvarpið hafi verið keyrt í gegn þótt fjöldi umsagnaraðila, meðal annars BSRB, Kennarasambandið og Reykjavíkurborg, hefðu gagnrýnt ýmis ákvæði þess harðlega.

Þingmaðurinn segir ljóst að

stokka verði upp í skerðingarkerfi almannatrygginga.

„Ég hef langmestar áhyggjur af tekjulægstu hópnum. Almenna frítekjumarkíð hjá fólki á ellilífeyri er enn þá aðeins 25 þúsund krónur og allar lífeyrissjóðstekjur umfram þá fjárhæð koma til skerðingar á greiðslum Tryggingastofnunar.“

Miðgildi lífeyrissjóðstekna hjá eldri konum er um 150 þúsund krónur á mánuði. Af slíkum lífeyrissparnaði situr aðeins þriðjungur eftir sem auknar ráðstöfunartekjur. 100 þúsund krónur renna til ríkisins vegna skatta og skerðinga að sögn Jóhanns Páls.

„Jaðarskattbyrðin er 67 prósent. Ég er sannfærður um að þetta stríði gegn réttlætisvitund fólksins í landinu. Við verðum að breyta almannatryggingakerfinu í grundvallaratriðum til að verja afkomuöryggi og mannlega reisn okkar allra.“

Steinar Guðmundsson, 79 ára eldri borgari, segist hafa átt smáaura inni á verðbréfareikningi sem hann hafi geymt til elliáranna.

„Ég ákvað svo að leysa þetta út á síðasta ári. Við úttekt tók skatturinn sín 43 prósent, eftirstöðvar voru lagðar á bankareikning. Á vormánudum endurreiknaði Tryggingastofnun lífeyrisgreiðslur mínar eftir að þessi gjörð kom fram á skattaskýrslu. Tryggingastofnun tók þetta sem fjármagnstekjur og nú er verið að krefja mig um endurgreiðslu á ofgreiðslu á lífeyri síðasta árs,“ segir Steinar.

„Nú stend ég eftir með um það bil fjórðung af upprunalegri upphæð. Fleiri eru hlunnfarnir og hafa verið. Það er gott að fjármagnseigendur sjái nú líka óréttlæti hins opinbera,“ segir Steinar. ■

EIGUM LOKSINS TIL AFHENDINGAR

## JEEP RENEGADE TRAILHAWK 4XE PLUG-IN HYBRID

Alvöru jeppi – alvöru fjórhjóladrif - Eini jeppinn í sínum stærðarflokki með lágt drif

Einungis nýir Jeep frá ÍSBAND eru með 5 ára ábyrgð!

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8

8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAHLÖÐU

PLUG-IN HYBRID

ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300  
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

4XE  
PLUG-IN HYBRID

JEEP.IS

**POTTURINN STEFNIR Í**

**75**

**MILLJÓNIR**

  
þægilegt  
í appinu

  
inná  
lotto.is

  
eða næsta  
sölustað



LEIKURINN OKKAR



Fá friðindi fyrir stafræna umbyltingu í borgarkerfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Sérstök hlunnindi fyrir starfsmenn

benediktboas@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Tæp tvö ár eru frá því borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti að fjárfesta 10 milljarða í stafrænni umbreytingu á þriggja ára tímabili. Staðan var rædd á borgarráðsfundi á fimmtudag.

Í bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins er bent á rannsókn McKinsey and Company sem sýnir að stafræn umbreyting hefur mistekist í minnst 70 prósentum tilvika.

„Helstu ástæður þess eru taldar skortur á aga til þess að skilgreina og stíga réttu skrefin í upphafi stafrænnar umbyltingar og ekki síður að halda fókusi á meðan á ferlinu stendur. Það er því mikilvægt að sýna verkefnum aðhald og fylgjast með ráðstöfun fjármuna af gaumgæfni,“ segir í bókun flokksins.



### Flokkur fólksins segir fé sett í að uppgötva hluti sem þegar séu til.

Af hálfu Flokks fólksins var bent á að starfsmenn sem vinna að verkefnum fái sérstök hlunnindi eins og samgöngustyrk, heilsuræktarstyrk og menningar- og sundkort, einnig rafskútur til notkunar á vinnutíma.

„Nálgun sviðsins undanfarin ár hefur einkenst af fumkenndri tilraunastarfsemi þar sem miklum tíma og fjármunum hefur verið eytt í að uppgötva hluti sem nú þegar eru til,“ segir í bókun Flokks fólksins.

Sjálfstæðisflokkurinn benti síðar á fundinum á að stafræn skráning starfsmanna borgarinnar í Ráðhúsinu og á Höfðatorgi virkaði ekki og hefði ekki gert í mörg ár.

„Úrbætur varðandi þetta einfalda atriði myndi einnig eflaust auka trúverðugleika Reykjavíkurborgar gagnvart starfsfólki sínu og gera það jákvæðara varðandi þá stafrænu vegferð sem borgin er á.“ ■

# Sveppaunnendur fagna rannsókn á eiginleikum

bth@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** „Jú, ég fagna því ef efnið verður dregið fram úr skuggunum. Ég er mjög opinn fyrir þessari leið en við megum ekki örvænta þótt eitt gangi ekki upp heldur prufa þá bara annað,“ segir Brynjúlfur Jóhannsson.

Brynjúlfur er í hópi þeirra sem hafa haldið því fram að efnið psilocybin, ofskynjunarefni sem meðal annars finnst í ákveðinni tegund

af sveppum, sé lyf sem geti læknað kvilla.

Samkvæmt yfirlitsgrein lækna Árnýjar Jóhannesdóttur og Engilberts Sigurðssonar í Læknablaðinu sýnir ný safngreining marktækan árangur psilocybin-meðferðar hjá vissum hópum við alvarlegu þunglyndi. Ekki er talið ólíklegt að markaðsleyfi fái til að útdeila efninu sem lyfi.

Brynjúlfur hefur átt í útistöðum við yfirvöld, meðal annars vegna



Brynjúlfur Jóhannsson

ofskynjunarsveppa. Dæmi eru um hörmulegar afleiðingar eftir neyslu ofskynjunarsveppa. Ígrunduð ávísun á efnið undir eftirliti heilbrigðis-

starfsmanns gæti orðið leið í baráttu gegn alvarlegu þunglyndi, þar sem aðrar leiðir duga ekki, að sögn Engilberts Sigurðssonar geðlæknis.

„Ég horfi ekki á þetta efni sem neina töfralausn, það hefur alltaf haft þá áru að best sé að nálgast það af virðingu. Ég hef notað sveppi með engri virðingu og það endaði illa en ég fagna því ef visindin eru að sýna fram á ábata af notkun efnisins í ákveðnum tilvikum,“ segir Brynjúlfur. ■

# Átta fyrir dóm eftir helgi ákærð fyrir að svíkja fé út úr Ábyrgðarsjóði launa

Eftir helgi hefst aðalmeðferð í stóru fjárvikamáli sem teygir sig meira en áratug aftur í tímann. Átta manns eru sakadír um að svíkja tugmilljónir út úr Ábyrgðarsjóði launa.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Á mánudag hefst aðalmeðferð í stóru fjárvikamáli gegn átta einstaklingum í Héraðsdómi Reykjaness. Hin ákærðu í málinu eru meðal annars sökuð um að hafa svikið fé út úr Ábyrgðarsjóði launa. Málið teygir sig meira en áratug aftur í tímann.

Ákæra var gefin út í málinu fyrir meira en ári. Samkvæmt Ásmundu Björgu Baldursdóttur, saksóknara hjá héraðssaksóknara, hefur málinu meðal annars verið frestað vegna Covid og af öðrum ófyrirsjáanlegum orsökum.

Meðal ákærðu eru Eggert Skúli Jóhannesson og sonur hans Jóhannes Gísli Eggertsson, en hinn síðarnefndi hefur hlotið nokkra dóma fyrir auðgunarbrot. Greint var frá því árið 2018 að þeir hefðu tekið yfir fjölmiðilinn Fréttatímann.

Einnig eru Hörður Alexander, bróðir Jóhannesar, og Halla Árnadóttir, amma hans, ákærð sem og Friðfinnur V. Hreinsson, Guðlaugur Hermannsson, Gunnar Bender og Jóhann Ósland Jósefsson. Fólkið tengist annaðhvort ættar- eða fjölskylduböndum.

Þar sem margir koma að málinu er gert ráð fyrir að aðalmeðferðin taki tvo daga, 12. og 13. september.

Meðal þess sem kemur fram í ákærinni er að Eggert sé sakadír um að hafa blekkt starfsmenn Ábyrgðarsjóðs launa til að sam-



### Fólkið tengist fjölskyldu- eða vina-böndum.

þykja kröfu upp á rúmlega 4,1 milljón króna. Hafi hann tilkynnt það sem vangöldin laun sín og Höllu hjá hinu gjaldþrota félagi Skipamiðlun árið 2008.

Einnig að Eggert hafi blekkt starfsmenn Ábyrgðarsjóðs til að samþykka kröfu upp á rúmar 2,8 milljónir vegna vangöldinna launa hins gjaldþrota Almenna leigufélags árin 2012 og 2013.

„Blekkingar kærða Eggerts fólust í að vekja og hagnýta sér þá röngu hugmynd hjá starfsmönnum ábyrgðarsjóðs launa, að hann hefði verið launþegi Almenna leigufélagsins,“ segir í ákærinni.

Aðrir eru einnig sakadír um að

hafa beitt sömu aðferð eða aðstoð að við svik. Til dæmis er Jóhannes Gísli sakadír um að hafa svikið út tæpar 2,9 milljónir vegna gjaldþrots félagsins B400 árin 2013 til 2014.

Jóhann Ósland var skráður stjórnarformaður Skipamiðlunar, Almenna leigufélagsins og B400 og er sakadír um að hafa búið til ráðningarsamninga.

Fleiri félög koma við sögu og ávallt sama aðferðin. Meðal annars fyrir félögin Alexöndru og K 100. Samanlagt hljóðar upphæðin upp á tugi milljóna króna. Einnig er ákært fyrir peningaþvætti, það er fyrir að hafa veitt illa fengnu fé viðtöku. ■

Ákæru voru gefnar út fyrir meira en ári síðan.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Mínúturnar eru fjölskylduvænni á Akranesi

Það er STUTT

AKRANES

# KRÓNAN

## Bænda markaður um helgina!

Hjá bönda í gær ...  
... hjá okkur í dag

**Mmm ...**

Glæný uppskera  
af íslensku grænmeti  
án umbúða og allur  
flutningur þess er  
kolefnisjafnaður!





Ólíklegt er að íbúðaskortur leysist í bráð.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK

# Blikur á lofti á íbúðamarkaði



Ólafur  
Arnarson  
olafur  
@frettabladid.is

Sérfræðingar telja hverfandi líkur á því að sá mikli hús-næðisskortur sem ríkir á höfuðborgarsvæðinu leysist í bráð. Ekkert lát sé á eftirspurn en mikil óvissa um aukio framboð.

Gríðarlegur skortur er á íbúðum á höfuðborgarsvæðinu og það sem af er þessu ári hefur vísitala íbúðaverðs hækkað um 17,4 prósent. Hækkunin síðustu tólf mánuði er 25,5 prósent og á síðustu tveimur árum hefur íbúðaverð hækkað um 44,8 prósent.

Ástæða þessara miklu hækkana er sú að eftirspurn á íbúðamarkaði er miklu meiri en framboð. Svo rammt kveður að framboðsskorti að í maí kynnti innviðaráðherra áform um byggingu 35 þúsund íbúða á næstu tíu árum.

Fasteignasalar, sem Fréttablaðið hefur rætt við, segja að mjög hafi dregið úr eftirspurn hjá fyrstu kaupendum og vaxtahækkunir Seðlabankans og hertar reglur um eigið fé hafi þar áhrif. Þeir verða hins vegar varir við aukna eftirspurn fjárfesta eftir íbúðum og svo virðist sem fjárfestar leiti nú í fasteignir fremur en aðra eignaflokka sem hafa lækkað á sama tíma og fasteignir hækka stöðugt í verði.

## Ekki víst að toppi sé náð

Í síðasta júlí virtist hægja nokkuð á hækkun fasteignaverðs, þegar vísitala íbúðaverðs hækkaði um 1,1 prósent en mánuðina á undan hafði hún hækkað á bilinu 2,2 til 3,1 prósent í hverjum mánuði. Óvíst er þó að þetta tákni að nú muni hægja á verðhækkunum. Í júlí 2021 hækkaði vísitalan um 0,7 prósent en rauk svo upp um 1,6 prósent í ágúst.

Almennt telja þó viðmælendur Fréttablaðsins að vaxtahækkunir Seðlabankans séu farnar að hafa áhrif en þau áhrif séu enn sem komið er misvísandi. Fyrstu kaupendur eigi nú minni möguleika en áður á að komast inn á markaðinn á meðan fjárfestari aðilar og fjárfestar leiti í fasteignir sem fjárfestingu.

Magnús Árni Skúlason, hagfræðingur hjá Reykjavík Economics, segir litlar horfur á að framboð anni eftirspurn í bráð. Hann bendir á að síðasta áratug hafi flutt hingað á fjórða tug þúsunda umfram brottflutta og þetta sé ein orsök íbúðaskorts. Hann bendir á að Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, hafi nýlega sagt að í það stefni að það þurfi nálægt 20 þúsund innflytjendur í öll þau störf sem þarf að manna á komandi árum.

## Vaxtahækkunir farnar að bíta

„Fátt bendir til að þessi vandi sé að leysast. Tölur um fjölda íbúða í byggingu hafa verið á reiki. Á síðasta ári var þorri íbúða í byggingu á höfuðborgarsvæðinu á fyrri byggingarstigum. Á endanum koma þær út á markaðinn en þetta dugar hvergi nærri til.“

Magnús segir fjölgun íbúða í sölu í síðasta mánuði benda til þess að vaxtahækkunir Seðlabankans séu farnar að bíta. Athygli vekur að fjölgunin stafi ekki af nýjum íbúðum í sölu heldur hafi eldri eignum fjölgað sem sé til marks um að lengri tíma taki nú að selja eignir en áður. Þó beri að hafa í huga að í sögulegu samhengi séu mjög fáar íbúðir í sölu.

Magnús Árni segir talsvert um það í Evrópu að fjárfestar kaupir íbúðir jafnvel til að láta þær standa tómar. „Þegar verðbólga fer á flug hafa fasteignir löngum verið örugg höfn til að varðveita verðgildi peninga. Því miður hefur ekki verið gerð nein rannsókn á því hér á landi hvort einhver brögð eru að þessu og þá í hve miklum mæli.“

## Fjárfestar færa sig í fasteignir

Aðrir eignaflokkar en fasteignir hafa átt slæmu gengi að fagna hárlandis á þessu ári. Úrvalsvisitalan hefur lækkað um 17 prósent á árinu og skuldabréf hafa einnig lækkað skarpt. Ástæðurnar fyrir þessu eru nokkrar. Covid-faraldurinn hafði mjög skaðleg áhrif á aðfangakæðjur sem kemur niður á afkomu fyrirtækja. Þetta veldur verðlækkun hlutabréfa. Innrásarstríð

## Fasteignir betri en hlutabréf

Taka má dæmi um fjárfesti sem átti 10 milljónir til að fjárfesta um síðustu áramót. Á hlutabréfamarkaðnum væru þessar 10 milljónir orðnar að 8,29 milljónum í dag vegna þess að lækkun hlutabréfa á árinu er 17,2 prósent.

Ef hann hefði tekið þessar 10 milljónir og keypt íbúð um áramótin, hefði hann væntanlega getað keypt 50 milljóna króna íbúð. Miðað við að vísitala íbúðaverðs hefur hækkað um 17,4 prósent á árinu væri höfuðstóll hans, sem í upphafi árs var 10 milljónir, orðinn 18,7 milljónir og ávöxtun hans á þessum átta mánuðum væri með öðrum orðum 87 prósent. Hér er miðað við að fjárfestirinn leigi út íbúðina og að leigutekjur hans standi undir kostnaði við lán og annan rekstur hennar. ■

## Munur á fjárfestingu í hlutabréfum og fasteign 2022

Höfuðstóll 1/1/22	Ávöxtun	Höfuðstóll nú
Hlutabréf 10 milljónir	-17,1%	8,29 milljónir
Fasteign* 10 milljónir	17,4%	18,7 milljónir

\*Miðað er við að höfuðstóllinn sé 20 prósent af andvirði 50 milljóna fasteignar.



Á síðasta ári var þorri íbúða í byggingu á höfuðborgarsvæðinu á fyrri byggingarstigum. Á endanum koma þær út á markaðinn en þetta dugar hvergi nærri til.



Magnús Árni  
Skúlason,  
hagfræðingur

Rússa í Úkraínu hefur sömuleiðis valdið miklum skorti á hrávörum og sett orkumarkað í uppnám. Hvort tveggja veldur því að hlutabréf og skuldabréf eiga undir högg að sækja.

Íslenski Seðlabankinn hefur gengið mun harðar fram í að hækka vexti en aðrir seðlabankar og svo virðist sem vaxtahækkunirnar hafi að einhverju marki orðið til þess að fjárfestar hafa fært sig úr hluta- og skuldabréfum yfir í fasteignir, sem hækka enn í verði.

## Vextir hækka byggingarkostnað

Vaxtahækkunirnar valda einnig hækkun byggingarkostnaðar. Verktakar sem Fréttablaðið ræddi við segja vaxtakostnað nú vera á bilinu 20-30 prósent byggingarkostnaðar. Svo hár kostnaður stuðli að herra fasteignaverði en annars væri þó að á endanum séu takmörk fyrir því að hve miklu leyti hægt sé að velta fjármagnskostnaði út í verð íbúða.

Annað atriði sem hamlar framboði íbúða er lóðaskortur. Stærstu verktakafyrirtæki landsins gætu byggt allt að helmingi fleiri íbúðir en þau gera nú, ef ekki væri fyrir lóðaskort. Þar strandar að mestu á skipulagsyfirlöndum. ■





**SUBARU**

*Confidence in Motion*



ENNEEM / SIA / NNO12107

# SUBARU FORESTER

TILBÚINN Í ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

## SUBARU e-BOXER

Nýja kynslóðin af e-BOXER vél SUBARU sameinar BOXER-vél og rafmótor fyrir sportlegan akstur í hljóðlátu og þægilegu farþegarými án óæskilegs hávaða og titrings, jafnvel þegar ekið er á ójöfnum vegum. Hann er stöðugur í beygjum, þrátt fyrir jeppahæðina, auk þess að vera vandlega þróaður til að draga úr þreytu á lengri ferðalögum til að allir geti notið ánægjulegrar akstursupplifunar. Komdu og reynsluaktu nýjum Forester e-BOXER í dag.

### Til afhendingar strax!

**SUBARU FORESTER e-BOXER, 4x4, SJÁLFSKIPTUR**

Verð frá: 7.490.000 kr.

### 5 ÁRA ÁBYRGÐ\*

\*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á [www.subaru.is](http://www.subaru.is)



**Bílasala Akureyrar**  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

**BL söluumboð**  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**Bílasala Reykjaness**  
Reykjanesbæ  
[www.bilalareykjaness.is](http://www.bilalareykjaness.is)  
419 1881

**OPIÐ Í DAG  
FRÁ 12-16**

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)



## Starfsmenn á skipulagssviði ferðast fyrir milljónir króna

benediktboas@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Á þriggja mánaða tímabili, milli apríl og júní, ferðust starfsmenn á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar fyrir 4,3 milljónir króna.

Dýrust var ferð Ólafar Örvarsdóttur sviðsstjóra á The Nordic Planning Network ráðstefnuna í Kaupmannahöfn en hún kostaði 505 þúsund. Ferð Glóeyjar Helgudóttur Finnsdóttur, skrifstofustjóra



Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

skrifstofu sviðsstjóra, til Malmö kostaði 311 þúsund.

Athygli vekur að Nikulás Úlfar Másson byggingarfulltrúi tók Herjólf til Vestmannaeyja á SATS-

fund fram og til baka og rukkar fjögur þúsund krónur en Hjalti Guðmundsson, framkvæmdastjóri reksturs og viðhalds, rukkar 89 þúsund fyrir sömu ráðstefnu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins spurði hvort það væri ekki sjálfsagt að gæta hófs í þessum ferðalögum.

„Notast mætti við fjarfundi og streymi. Flokkur fólksins minnir á að margt smátt gerir eitt stórt. Króna hér og króna þar verða að lokum margar krónur.“ ■



Vilt þú sækja um styrk hjá borginni?

## Við viljum styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga

### Sem stuðlar að farsælli þróun borgarsamfélagsins, auknum lífsgæðum og fjölbreyttu mannlífi

Styrkir eru m.a. veittir til verkefna á eftirtöldum sviðum:

- félags- og velferðarmála
- skóla- og frístundamála
- íþróttá- og æskulýðsmála
- mannréttindamála
- menningarmála

Umsóknir eru rafrænar, sótt er um á [www.reykjavik.is/styrkir](http://www.reykjavik.is/styrkir)  
Umsóknarfrestur er frá 12. september til 12. október kl. 12.00 á hádegi.  
Gert er ráð fyrir að úthlutun styrkja verði lokið í ársbyrjun 2023.  
Nánari upplýsingar: [styrkir@reykjavik.is](mailto:styrkir@reykjavik.is)

English

The City of Reykjavík is currently accepting grant applications for the 2023 fiscal year. The goal of this grant program is to encourage and strengthen cooperation with non-profit organizations, individuals, and businesses, in constructive activities and services. In accordance with the City's policies and priorities. Grants will be awarded for projects in the following fields:

- social and welfare
- education and leisure
- sports and youth
- human rights
- culture

To apply go to: [www.reykjavik.is/en/grants](http://www.reykjavik.is/en/grants)

The application deadline is at 12:00 pm on October 12th 2022.

Allocation of grants will be completed at the beginning of 2023.

More information: [styrkir@reykjavik.is](mailto:styrkir@reykjavik.is)

Wiecej informacjji: [styrkir@reykjavik.is](mailto:styrkir@reykjavik.is)



„Ég var ekki að kaupa fasteign á 100 milljónir til missa bílastæðið,“ segir Páll Þórir Ólafsson á Ægisíðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Hleðslustöðvar valda óánægju íbúa á Ægisíðu

Framkvæmdir vegna hleðslustöðva framán við Ægisíðu 115 og 117 komu íbúum í opna skjöldu. Skrifstofustjóri hjá borginni segir um að ræða hluta áætlunar um hleðslustöðvar á borgarlandi.

gar@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** „Mér list svo illa á þetta að ég er að hugsa um að stofna mótmælagrúppu og fara á fund okkar yndislega borgarstjóra,“ segir Páll Þórir Ólafsson sem er ósáttur við að hafist hefur verið handa við að koma upp hleðslustöðvum á bílastæðum framán við heimili hans á Ægisíðu 115.

Við fjölbýlishúsið Ægisíðu 115 og 117 eru sex bílastæði sem Páll segir hafa tilheyrt íbúðunum sex í fjölbýlishúsinu allar götur frá árinu 1941. „Það hefur ekki verið vandamál hingað til. En svo vaknaði ég upp við að það voru allt í einu komnar girðingar í kring um öll bílastæðin og gröfur byrjaðar að grafa allt draslið upp og í tætlur,“ lýsir Páll atburðarásinni í fyrradag.

Páll segist hafa grennslast fyrir um hvað væri á seyði og þá fengið að vita að koma ætti fyrir hleðslustöðvum á vegum borgarinnar. Hann eigi hins vegar ekki rafmagnsbíl frekar en aðrir í húsinu og hafi spurt verktakann hvar hann eigi framvegis að leggja bílnum sínum. „Þú getur bara lagt einhvers staðar á Ægisíðu, var svarið,“ segir hann og er ósáttur. „Ég var ekki að kaupa fasteign á 100 milljónir til að missa bílastæðið og þurfa að leggja hálfan kílómetra í burtu.“

Guðmundur B. Friðriksson, skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg, segir umrædd bílastæði reyndar vera á borgarlandi. Þar sé verið að koma fyrir sökklum og lögnum fyrir



Kannski er ástæða til að grenndarkynna þessar framkvæmdir í næstu umferð.


Guðmundur B. Friðriksson, skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg

hleðslustöðvar. Alls sé um að ræða tuttugu slíka stöði á þessu ári og tuttugu á ári næstu tvö árin með tveimur til sex stöðvum á hverjum stað. Síðan verði útboð vegna uppsetningar og reksturs stöðvanna.

„Hann hefur nokkuð til síns máls,“ svarar Guðmundur þeirri gagnrýni Páls að framkvæmdir hafi farið í gang án þess að íbúum væri gert viðvart. Það væri þó sama vinnulag og við aðrar minni háttar framkvæmdir á borð við gerð hraðahindrana og þrenginga.

„Kannski er ástæða til að grenndarkynna þessar framkvæmdir í næstu umferð,“ segir Guðmundur sem itrekar að umrædd bílastæði framán við Ægisíðu 115 og 117 séu ekki í eigu íbúanna þar heldur séu þau á borgarlandi. Áætlun borgarinnar miði að því að skapa aðgang að hraðhleðslustöðvum fyrir þá sem ekki hafi eigin stæði á sinni lóð.

„Ég ætla ekkert gefa þetta eftir, langt í frá,“ segir Páll sem kveður húsið hafa verið gert upp í upprunalegri mynd fyrir meira en 40 milljónir króna. „Í raun hefðum við átt að vera búin að fá verðlaun fyrir besta íbúðarhúsið í Vesturbænum. Og nú er hér allt í steik.“ ■



Tuttugu hleðslustöðvar eru á áætlun borgarinnar á árinu. MYND/REYKJAVÍKURBORG

# Blásuð vindi í seglin



## Ársfundur atvinnulífsins

Fyrirtækin okkar í aðdraganda  
kjaraviðræðna

**29. september í Borgarleikhúsinu**

Ársfundur atvinnulífsins fer fram 29. september nk. í Borgarleikhúsinu kl. 15:00. Fundurinn er snarpar 60 mínútur þar sem við stillum saman strengi í aðdraganda kjaraviðræðna.

Á meðal framsögumanna eru Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, Eyjólfur Árni Rafnsson, formaður Samtaka atvinnulífsins og Ole Erik Almlid, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins í Noregi (NHO) sem gefur okkur innsýn í kjarasamningslíkan Norðmanna.

Að fundi loknum gerum við okkur glaðan dag með veitingum og ljúfum tónum.

Fundurinn er opinn öllum og skráning í mætingu eða streymi fer fram á:  
**[sa.is/arsfundur](https://sa.is/arsfundur)**



sa.is

**Við hlökkum til að sjá þig.**

# Mikilvægi Íslands í varnarmálum eykst sífellt

Í flugstöð NATO í Keflavík eru reglulega flugsveitir á vegum NATO við loftrýmisgæslu og sinna Danir því nú. Þaðan eru einnig gerðar út af bandaríska sjóhernum tvær kafbátæftirlitsvélar. Fjölmíðlar fengu í gær að heimsækja stöðina og kynna sér aðstæður.

thp@frettabladid.is

**VARNARMÁL** Innan skamms fer danski flugherinn af landi brott en hann hefur verið hér við loftrýmisgæslu á vegum NATO síðan í um miðjan ágúst og nýtur við það aðstoðar Landhelgisgæslunnar. Alls eru um 60 manns hér á vegum Dana. Fjölmíðlum var boðið að skoða aðstæður, ræða við forsvarsmenn flughersins og fulltrúa sjóhersins, sem verið hefur við kafbátæftirlit með hafinu kringum landið í tæpa sex mánuði. Hann fer af landi brott innan skamms en sjóherinn hefur ekki fasta viðveru hér allt árið.

Líkt og gefur að skilja er mikil leynd yfir störfum NATO hér á landi og ekki oft sem fjölmiðlum gefst tækifæri til að skoða flugstöðina og aðbúnað hersveita. Stjórnstöð loftrýmisgæslunnar hefur verið endurnýjuð mikið undanfarin ár og er sögð með þeim fullkomnari. Þar vinna á annan tug manna á vegum gæslunnar.

Þrátt fyrir að innrás Rússa í Úkraínu breytti landslaginu í varnarmálum Evrópu og NATO-ríkja vildu þeir sem rætt var við vegna loftrýmisgæslunnar ekkert segja um áhrif þess á hana eða varnir bandalagsins hér. Ekki fengust svör við þeirri spurningu blaðamanns hve langan tíma það tæki að senda F-16 vélar danska flughersins af stað ef raunveruleg hættu staðjaði að. Sú vél sem fjölmiðlar fengu að skoða var fullhláðin vopnum og virtist reiðubúin til flugtaks innan skamms ef kallið kæmi.

Bandaríska sjóherinn er hér með tvær kafbátæftirlitsvélar af Boeing P-8 Poseidon gerð, sem byggja á Boeing 737-farþegavélum og eru



Poseidon-kafbátæftirlitsvél bandaríska sjóhersins er búin nýjustu tækni til kafbátaleitar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Kevin M. Harrington, yfirmaður bandaríska sjóhersins í Keflavík, segir samstarfið við Landhelgisgæsluna með besta móti og ber Íslandi vel söguna.

með níu manna áhöfn. Kevin M. Harrington, yfirmaður flugsveita bandaríska sjóhersins í NATO-flugstöðinni í Keflavík, segir mikilvægi Íslands fyrir eftirlit með sjó og landi sífellt að aukast.

Ólíkt loftrýmisgæslunni er kafbátæftirlitið ekki á vegum NATO heldur er það í samræmi við skuldbindingar Íslands sem aðildarríki að bandalaginu og varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna frá 1951, þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland og samkomulag milli Íslands og Bandaríkjanna frá 2016.

Fjöldi þeirra sem eru hér á vegum sjóhersins er um hundrad en voru fyrr í sumar um 200. Hann segir samstarfið við Landhelgisgæsluna með besta móti. Gæslan sýni mikinn sveigjanleika þegar hingað eru sendir stórir hópar frá sjóhernum, oft með stuttum fyrirvara. Utanríkisráðuneytið fer með varnarmál en

Gæslan framkvæmir varnartengd verkefni samkvæmt samningi við ráðuneytið.

Kafbátæftirlit er stöðugt vígbún- aðarkapphlaup, kafbátarnir verða sífellt hljóðlátari og eftirlitstæknin sífellt betri. Poseidon-vélnar voru teknar í notkun árið 2013 og leystu af hólmi Lockheed P-3 Orion-vélar sem sjóherinn hóf notkun á árið 1961.

„Poseidon-vélin er hönnuð til hernaðar gegn skipum, söfnunar upplýsinga, njósna og eftirlits en einkum og sér í lagi til hernaðar gegn kafbátum. Við leitum að kafbátum á stóru hafsvæði og ef þörf krefur getum við ráðist gegn þeim,“ segir Harrington. Það er ekki óal-gengt að hvalir finnist við leit að kafbátum, svo þróuð er eftirlitstæknin.

„Við leit notumst við einkum við baujur þínar hljóðsjá sem varpað er í hafið og geta fundið kafbát. Einnig er ratsjörbúnaður um borð ef ske kynni að kafbáturinn komi að yfirborðinu ásamt öðrum skynjurum.“ Í byrjun mánaðar var greint frá því í fjölmiðlum að rússneskur kafbátur fannst í Miðjarðarhafi, sennilega þangað kominn eftir siglingu í gegnum Norður-Atlantshaf. Er þær fréttir bárust mun það hafa komið kafbátæftirlitinu lítið á óvart.

Vélnar eru ekki einvörðungu til eftirlits, þær geta einnig borið vopn, til að mynda Harpoon-flugskeyti gegn skipum og tundurskeyti gegn kafbátum. Oftast fljúga vélnar einar síns liðs en fá fylgd orrustuþota ef þörf þykir enda ekki gerðar til átaka í lofti.

„Við getum flogið ansi langt. Hefðbundið verkefni er átta til tíu tímar og sem betur fer er ísskápur og ofn um borð ásamt öðrum þægindum. Við getum tekið bensín á lofti sem gerir okkur kleift að fljúga enn lengra en þær tólf þúsund sjómílar sem vélin getur flogið,“ segir hann. „Ég hef verið staðsettur úti um allan heim. Ísland er klárlega með þeim betri. Ég er búinn að vera hérna í sumar svo þú getur spurt aftur ef ég kem að vetrarlagi.“ ■

## HVATNINGAR VERÐLAUN VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐS

**Hvatningarverðlaun** Vísinda- og tækniráðs eru árlega veitt vísindamanni sem snemma á ferlinum þykir hafa skarað fram úr og skapað væntingar um framlag í vísindastarfi sem styrki stöðir mannlífs á Íslandi.

**Óskað er eftir tilnefningum til Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs 2022. Verðlaunin eru þrjár milljónir króna.**

Tilnefningar geta komið frá öllum sviðum vísinda, tækni og fræða. Tilnefna má vísindafólk sem starfar á Íslandi við háskóla, rannsóknastofnanir, fyrirtæki eða er sjálfstætt starfandi. Öllum, sem eru í aðstöðu til að meta störf einstakra vísindamanna, er heimilt að senda tilnefningar. Ferilskrá vísindamannsins skal fylgja tilnefningu ásamt rökstuðningi þess sem tilnefnir. Hvatningarverðlaunin verða afhent á Rannsóknþingi í haust.

**Frestur til að skila inn tilnefningum er til og með 7. október 2022.**

Tilnefningum ásamt rökstuðningi og ítarlegum upplýsingum um feril tilnefndra skal skilað með tölvupósti til Rannís á netfangið [rannis@rannis.is](mailto:rannis@rannis.is)

Nánar á [www.rannis.is](http://www.rannis.is)



VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ



rannís



Tilnefningar óskast!



Ríkisendurskoðun ætlar að skoða starfsemi MAST. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Málleysingar geti treyst á MAST

[benediktboas@frettabladid.is](mailto:benediktboas@frettabladid.is)

**DÝRAVERND** Umhverfis- og landbúnaðarnefnd Borgarbyggðar segir ferlið hjá MAST ofþungt í vöfum. Á fundi nefndarinnar fóru fulltrúar MAST yfir verkferla sína í dýravelferðarmálum. Nefndin segist fagna úttekt Ríkisendurskoðunar á MAST.

„Málleysingar eiga að geta treyst á að farið sé eftir ábendingum og reglum fylgt við eftirlit og rannsókn mála. Mál er varða velferð þeirra þurfa að vera unnin hratt og vel,“ sagði í bókun byggðarráðs Borgarbyggðar í síðustu viku.

Hávær gagnrýni hefur verið í Borgarbyggð eftir að myndir birtust af hrossum nánast lömuðum af vanæringu og illri meðferð.

„Það er gríðarlegt hagsmunamál fyrir bændur að ímynd landbúnaðarins og sveitarfélagsins lítist ekki af einstökum málum sem rata í fjölmiðla,“ sagði einnig í bókun byggðarráðsins. ■



# LYFIN Í LÚGUNA

## Bílaapótek



Opið ALLA daga

**VESTURLANDSVEGI 9-22**

**HÆÐASMÁRA 10-23**

Opið virka daga

**SUÐURFELLI 9-18**

**LYFJAVAL ER Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM:**

Bílaapótek Vesturlandsvegi

Bílaapótek Hæðasmára

Bílaapótek Suðurfelli

Glæsibæ


Urðarhvarfi

Mjódd

Apótek Suðurnesja

**Renndu við**

# Danskir DAGAR



# 20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM  
DÖNSKUM VÖRUM\*

### SALTO

Hornsófi, hægri eða vinstri. Kentucky bonded leðuráklæði, stone eða koníak. 275 x 216 x 85 cm.

Nú 295.992 kr. ~~369.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR  
AF SMÁVÖRU FRÁ

**b**  
BROSTE  
COPENHAGEN



*Bitz*

evasolo

ester & erik

**Verti**  
OPENHAGEN

by Sommer



KAY  
BOJESEN  
DENMARK

**bodum**



### NORDAL KAUAI

Skál á fótum.

Ø35 cm. **15.992 kr.** ~~19.990 kr.~~

Ø26 cm. **7.992 kr.** ~~9.990 kr.~~



### BITZ GALAXY

Pastaskál Ø20 cm. **3.192 kr.** ~~3.990 kr.~~



### CES'T BON

Kristalkertastjakar. Ýmsar stærðir og gerðir. Verð frá **3.192 kr.** ~~3.990 kr.~~



### BROSTE VANILLA

Skál. Ø17 cm  
**1.432 kr.** ~~1.790 kr.~~

Reykjavík 11 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



### HIGH END

2ja sæta sófi. Maísgulur.  
230 x 64 x 80 cm. **Nú 303.992 kr.** ~~379.990 kr.~~



### MATIS

U-sófi. Hægri eða vinstri. Abba ljósgrátt áklæði.  
317 x 186 x 78 cm. **223.992 kr.** ~~279.990 kr.~~



### FRIDAY

Tungusófi. Þægilegur og notalegur sófi í gráu Bari áklæði. 256 x 175 x 91 cm.  
**175.992 kr.** ~~219.990 kr.~~



### DC 3600

Fallegur 3ja sæta sófi með mjúku savoy/split leðri. Svart eða koníakslitað. 202 x 80 x 80 cm.  
**239.992 kr.** ~~299.990 kr.~~



### BÅSTAD

3,5 sæta sófi. Marsel grátt áklæði.  
306 x 101 x 78 cm. **247.992 kr.** ~~309.990 kr.~~



### NABBE

Hornsófi. Hægri eða vinstri. 316 Pine Green áklæði. 254 x 202 x 85 cm.  
**239.992 kr.** ~~299.990 kr.~~



### DALSLAND

3,5 sæta sófi. Þægilegur og stílhreinn. Fallegt Mole eða Natur áklæði. 261 x 105 x 83 cm.  
**263.992 kr.** ~~329.990 kr.~~



### DC 8900

Fallegur 3ja sæta sófi með mjúku savoy/split leðri. 224 x 86 x 80 cm.  
**263.992 kr.** ~~329.990 kr.~~



### CONNECT

Borðstofuborð með 2 svörtum stækkunum. Matthvítaður eikarspónn. Svartir duftlakkaðir málmfætur. 200/100 x 75 cm  
**231.992 kr.** ~~289.990 kr.~~



### CHRISTO

Fallegt hringlaga borðstofuborð. Hvítaður olíuborinn eikarspónn. Ø120 x 75 cm.  
**111.992 kr.** ~~139.990 kr.~~



### DANIELLA

Hægindastóll, grænn eða bleikur.  
**51.992 kr.** ~~64.990 kr.~~



### GRAN

Hægindastóll. Ýmsir litir.  
**79.992 kr.** ~~99.990 kr.~~



### ANDREW

Borðstofustóll. Svartur, grár eða brúnn. **19.992 kr.** ~~24.990 kr.~~




### MEDUSA

Borðstofustóll, ýmsir litir.  
**47.992 kr.** ~~59.990 kr.~~




### ALEXA

Borðstofustóll. Svart bonded leður. **27.992 kr.** ~~34.990 kr.~~



### CONNECT

Skenkur með 4 hurðum. Eikarspónn, svartir fætur og toppur. 200 x 42 x 67 cm.  
**167.992 kr.** ~~209.990 kr.~~



Þú finnur bæklinginn á [husgagna.hollin.is](http://husgagna.hollin.is) eða með því að skanna QR kóðann

\* Gildir ekki af sérpöntunum eða vörum frá Skovby.

**HÚSGAGNA HÖLLIN**

## Ríkisokur



Sigmundur Ernir  
Rúnarsson  
ser  
@frettabladid.is

Það er eftir öðru á Íslandi að sjálft ríkisvaldið fari á undan með vondu fordæmi og okri svo á landsmönnum í opinberum verslunum að líkja verður við argasta arðrán.

Í fréttum blaðsins á síðustu dögum hefur verið fjallað um gegndarlausu álagningu Frihafnarinnar í Leifsstöð á nokkrum algengum tegundum sem fást jöfnum höndum á Keflavíkurflugvelli og í lágvöruverðsverslunum á höfuðborgarsvæðinu og leiðir nýleg verðkönnun í ljós að ríkisverslunin leggur í öllum tilvikum meira á vörur sínar, enda þótt hún þurfi ekki að standa skil á 24,5 prósentu virðisaukaskatti sem einkareknar verslanir fá ekki umflúið.

Þetta er svívirða. Og heitir ekki annað en skattsvik.

Ríkið stelar niðurfellingu álaganna af almenningi og stingur í eigin vasa. Og sama alþýða manna gengur í góðri trú inn í þessa einokunarverslun yfirvaldsins og telur sig geta gert þar betri kaup en í bænum, enda búðin merkt á kant og kima með þeim hætti, en hefði betur verslað heima hjá þeim sem borga þó skattinn sinn.

Auðvitað er það rétt hjá formanni Neytendasamtakanna sem sagði í fréttaflutningi af málinu að þessi gífurlega álagning af hálfu hins opinbera væri algerlega út úr korti. Og er nema von að maðurinn segi það. Dæmi eru um vinsælar sælgætisvörur sem eru fimmtíu prósentum dýrari í Leifsstöð en í Bónus, Krónunni eða Costco í bænum.

Álagningin er því í rauninni jafnt yfiringileg og hún er ófyrirleitin. Og enn ein gildran sem neytendur á Íslandi þurfa að gæta sín á að falla ekki ofan í, eins og formaður Neytendasamtakanna benti enn fremur á í umræddri frétt.

Verðlag á Íslandi er hátt. Það er óhemjuhátt miðað við það sem gengur og gerist víða í Evrópu. Munar þar miklu um veikan gjaldmiðil sem fæst ekki að láni nema á breytilegum vöxtum sem engir þekkja til nema Íslendingar. Og háa verðlagið verður væntanlega líka rakið til skorts á samkeppni ásamt langvarandi meðvirkni landsmanna í þá veru að það sé bara allt í lagi að bita á jaxlinn í þessum efnunum.

En ríkið á ekki að kynda þetta bál. Það á ekki að kynda nokkurt bál til að belgja verðið út. En ríkið gerir það samt. Og ekki bara í Leifsstöð eins og dæmin sanna, heldur í látlausri launþenslu og uppkaupum á sérfræðingum hjá einkafyrirtækjum – á meðan það biður aðra um hófsemd. ■

”  
Þetta er svívirða. Og heitir ekki annað en skattsvik. Ríkið stelar niðurfellingu álaganna af almenningi og stingur í eigin vasa.

## ■ Gunnar



## ■ Mín skoðun

## Nýnasistar á Norðurlandi



Sif  
Sigmarsdóttir

Tova Friedman er TikTok-stjarna. Hún er þó ekki eins og TikTok-stjörnur eru flestar. Tova fæddist í Póllandi árið 1938, ári áður en heimsstyrjöldin síðari hófst. Fimm ára var Tova send í vinnubúðir nasista ásamt foreldrum sínum. Stuttu fyrir sex ára afmælið var hún flutt í Auschwitz-útrýmingarbúðirnar ásamt móður sinni.

Móðir Tovu gerði allt sem hún gat til að vernda dóttur sína í búðunum. Hún kenndi henni að láta lítið fyrir sér fara. „Ég horfðist aldrei í augu við nasista allt stríðið,” sagði Tova í nýlegu viðtali. Hún man aðeins stígvél fangavardanna og hendur sem héldu um ólar varðhunda. „Enn þann dag í dag hef ég ekki getað snert þýskan fjárhund.“

Einn daginn var Tova flutt í gasklefan. Þar stóð hún ásamt hópi barna og beið orlaga sinna. Klukkustundir liðu en ekkert gerðist. Skyndilega var börnunum skipað að halda aftur til svefnskála sinna. Tova veit ekki enn hvernig það kom til að hún varð ein af fáum sem lifðu af gasklefa nasista.

Við lok stríðsins kepptust þjóðverjar við að eyða sönnunargögnum um vöðaverk sín. Fangar Auschwitz voru fluttir í stórum stíl til fangabúða í Þýskalandi. Flutningarnir voru kallaðir dauðagöngur því aðeins lítill hluti fanga lifði þá af.

Daginn sem flytja átti Tovu og móður hennar burt laumaðist móðirin með dóttur sína inn á sjúkrastofu búðanna. Þar lágu aðallega lík. Móðir Tovu faldi hana undir ábreiðu í rúmi með einu þeirra og það hana að halda niðri í sér andanum. Stuttu síðar marseraði hópur nasista inn á stofuna. Þeir gengu milli rúma sjúklinga til að kanna ástand þeirra. Væru sjúklingarnir með lifsmarki voru þeir skotnir. Einn nasistanna staðnæmdest við rúmið sem Tova faldi sig í. Hann skoðaði líkið vel. Hann tók hins vegar ekki eftir Tovu.

Faðir Tovu hafði verið sendur til Dachau. Hann lifði búðirnar af og fjölskyldan settist að í Póllandi eftir stríð. Vegna gyðingafor-

dóma fluttu þau fljótlega til Bandaríkjanna. Þar varð á vegi Tovu velviljaður læknir. Hann sá húðflúrið sem Tova bar á handleggnum, talnarununa sem fangar í Auschwitz höfðu verið merktir með, og bauðst til að fjarlægja það án greiðslu. Tova brást ókvæða við. Fjarlægja það! „Ég vil aldrei gleyma. Veröldin þarf að vita hvað gerðist.“

## ■ Aldrei heyrt um helförina

Þingkosningar fara fram í Svíþjóð á morgun. Magdalena Andersson, forsætisráðherra Svíþjóðar, sagði í vikunni landið standa á tímamótum. Skoðanakannanir benda til að Svíþjóðardemókratar, flokkur hægri-sinnaðra popúlísta sem á rætur að rekja til nýnasista, vinni kosningasigur.

Nýnasistar láta að sér kveða víðar. Í Fréttablaðinu í vikunni var fjallað um miða sem límdir hafa verið upp á Norðurlandi og virðast á vegum Norrænu mótstöðu-hreyfingarinnar, samnorrænnar nýnasista-hreyfingar sem á upptök sín í Svíþjóð.

Samkvæmt rannsókn sem gerð var meðal ungs fólks í Bandaríkjunum vissu tveir þriðju ekki hve margir gyðingar létu lifið í helförinni; helmingur var ófær um að nefna einar einustu fangabúðir; 23 prósent töldu helförina goðsögn; 17 prósentum fannst nýnasismi boðleg stjórnmálaskoðun. Sambærileg könnun í Evrópu sýndi að þriðjungur ungmenna hafði aldrei heyrt um helförina.

Tova Friedman leyfði ekki lækni að fjarlægja af sér húðflúrið. En samt var veröldin við það að gleyma. Hún skræði sig á TikTok þar sem frásagnir hennar af helförinni og ódæðum nasista fara sem eldur um sínu. Í síðustu viku kom út bók eftir Tovu þar sem hún segir sögu sína í von um að vöðaverkin endurtaki sig ekki.

Líklega er það borin von að miðadreifandi nýnasistar á Norðurlandi taki sér bók í hönd. En kannski að þeir geti tékkað á Tovu á TikTok. ■

**FRÉTTAVAKTIN**  
KL. 18.30

Fréttaumfjöllun fyrir alla.  
í opinni dagskrá á virkum dögum  
á Hringbraut og frettabladid.is

FRÉTTA  
VAKTIN

HRINGBRAUT



# Takk!

Auður trónir á toppnum í stærstu NPS mælingu á Íslandi og er fyrsta fjármálafyrirtækið til að hreppa efsta sætið í Meðmælakönnun Maskínu.

Takk fyrir að mæla með mér.

Ykkar **Auður**



## Taka fyrsta skref Harðar í efstu deild



Aron Guðmundsson aron@frettabladid.is

Fram undan eru tímamót í handboltasögu Ísafjarðarbæjar því brátt mun handboltaliðið Hörður stiga sín fyrstu skref í efstu deild. Stemmningin í bæjarfélaginu fyrir mótinu er góð að sögn Axels Sveinssonar, leikmanns liðsins, sem segir mótherja Harðar í Olís-deildinni eiga fram undan erfitt ferðalag vestur.

**HANDBOLTI** Olís-deild karla fór af stað í vikunni en Hörður er á sínu fyrsta tímabili í efstu deild. Handboltasagan er ekki löng hjá Harðverjum en mikið hefur verið lagt í starf félagsins undanfarnin ár og það hefur skilað sér í tímamótaárangri.

„Stemmningin er mjög góð og allir mjög spenntir fyrir þessu verkefni,“ segir Axel Sveinsson, leikmaður Harðar við Fréttablaðið. „Það er enginn í liðinu sem hefur spilað í efstu deild áður en það er kannski bara bæði gott og slæmt fyrir okkur.“

### Stigandi í liðinu

Harðverjar báru sigur úr bítum í næstefstu deild á síðasta tímabili og tryggðu sér þannig sæti í Olís-deildinni. Það fór þó ekki mikill tími í að fagna árangrinum því undirbúningur fyrir átökin í efstu deild hófust nánast strax eftir að sætið var tryggt.

„Við höfum verið duglegir að æfa, í raun og veru frá því að síðasta tímabili lauk. Við tókum þarna tvær vikur í fri eftir úrslitaleikinn á mótinu þór á síðasta tímabili en fórum svo bara á fullt að undirbúa okkur fyrir komandi átök.“

Axel segir mikinn stiganda í liðinu. „Það sést kannski best á spilamennsku okkar á Ragnarsmóttinu á dögunum. Samheldnin er mikil, við leikmennirnir erum farnir að þekkja hvor aðra betur og kannski það sem mestu máli skiptir er að við höfum áttað okkur á því að við erum illviðráðanlegir ef við stöndum saman.“

Leikmannahópurinn Harðar er svo til óbreyttur frá síðasta tímabili. Fengnir hafa verið inn nokkrir nýir leikmenn og eru þeir hratt og örugglega að aðlagast lífinu á Ísafirði. Einn af þeim er brasilíski markvörðurinn Emanuel Augusto Evangelista sem hefur ákveðið að reyna fyrir sér hér á Íslandi.



Harðverjar báru sigur úr bítum í næstefstu deild á síðasta tímabili.

MYND/HÖRÐUR



**Hugurinn og hjartað, viljinn til að gera vel, fleytir manni langt í þessu.**

Axel Sveinsson, leikmaður Harðar

Hann á enn eftir að sýna sitt rétta andlit hjá okkur en það er bara rosalega spennandi að fá þennan unga markmann til liðs við okkur. Hann er með öðruvísi bakgrunn heldur en flestir markmenn í þessari deild en ég er fullviss um að hann muni standa sig vel fyrir okkur.“

### Þora ekki að taka skrefið vestur

Hörður er lið skipað uppöldum leikmönnum félagsins í bland við erlenda leikmenn og er fjöldi erlendu leikmannanna staðreynd sem er oft dregin upp í tengslum við liðið. Það er ekki þar með sagt að Harðverjar hafi ekki reynt að fá íslenska leikmenn til sín.

„Ef nota á fjölda erlendra leikmanna sem gagnrýni á liðið þá myndi ég frekar benda þeim sömu sem draga það upp á að spyrja íslenska leikmenn af hverju þeir séu ekki hérna í staðinn. Mér finnst slæmt ef þessu er beint sem gagnrýni á félagið því ég og allir hjá félaginu vitum að við höfum verið að ræða við leikmenn, íslenska leikmenn. Þeir hafa því miður ekki verið til í að koma í hörkuna á Ísafirði. Þá beinum við sjónum okkar bara annað í leit að styrkingu og höfum verið að fá frábæra leikmenn og einstaklinga frá Suður-Evrópu og Suður-Ameríku sem eru til í að fara í þetta verkefni með okkur.“

Við erum með flotta unga og uppaldna leikmenn innan okkar raða og með því að fá aðra leikmenn inn náum við að styrkja okkar stöðu og auka samkeppni innan hópans, halda mönnum á tánum. Það þýðir ekkert að vera alltaf bara með sjö leikmenn, það er ekkert lið sem getur spilað þetta bara á sjö leikmönnum.“

### Spænsk-íslenskur handbolti í Ísafjarðarbæ

Fyrirverandi atvinnu- og landsliðsmaðurinn í handbolta, Logi Geirsson, sérfræðingur Seinni bylgjunnar, segir greinilegt að Harðverjar séu að leggja allt í sölnurnar fyrir sitt fyrsta tímabili í efstu deild

„Það sem ég hef séð og heyrt af Herði er að þeir hafa æft alveg gríðarlega vel. Það er mikill metnaður þarna fyrir vestan og Hörður með góðan spænskan þjálfara, það endurspeglast í handboltanum sem þeir spila, svona spænsk-íslensk blanda.“

Ég get ekki séð betur en að þeir séu að gera allt sem þeir geta til þess að falla ekki beint niður um deild. Þeir hafa sótt nýja, ferska leikmenn og eru með, að mig minnir, einhverja níu erlenda leikmenn sem er mjög gott krydd inn í deildina.

Þá er bara algjörlega stórkostlegt að vera með svona öflugt handboltastarf á Ísafirði. Ég veit að það verður góð stemning á heimaleikjum þeirra. Ég er sannfærður um að þeir eigi eftir að stela stigum af ýmsum liðum.“



**Ekkert lið mun eiga auðvelda ferð vestur.**

### Krefjandi tímabil fram undan

Flestar, ef ekki allar spár fyrir tímabilið gera ráð fyrir því að Harðverjar fari strax rakleitt niður um deild. Markmiðin eru skýr hjá Herði.

„Við setjum okkur það markmið fyrir hvern einasta leik að fara inn í hann til þess að vinna hann. Reynum að stilla honum upp á þann hátt sem gefur okkur mesta möguleika á sigri. Það hefur ekkert breyst þótt við séum komnir upp í efstu deild. Hins vegar gerum við okkur grein fyrir stærð verkefnisins, við vitum að tímabilið verður langt og strangt bæði líkamlega og andlega.“

Okkar markmið er bara að vinna sem flesta leiki og vonandi vinnum við fleiri leiki en tvö önnur lið og höldum okkur þar með í deildinni. Önnur lið eru vel mönnum en við teljum okkur vera með ansi sterkt lið líka.“

### Vigið á Ísafirði

Ljóst sé að ferðalag annarra liða til Ísafjarðar gæti reynst þeim erfitt. „Heimavöllurinn er okkar vígi og

það sást best á síðasta tímabili þar sem við fórum taplausir í gegnum heimaleiki okkar. Það verður bara haldið í þá hefð að ekkert lið mun eiga auðvelda ferð vestur. Lið gætu þurft að keyra hingað langa leið í kolniðamyrkri og mæta okkur, það er ekkert grín.“

Það er mikil stemmning fyrir tímabilinu í bæjarfélaginu. Maður getur vart labbað um götur bæjarins án þess að fá spurningar um komandi leiki, stöðuna á liðinu og annað þviumlíkt. Það má alveg gera ráð fyrir því að stemmningin á leikjum okkar og sérstaklega fyrsta heimaleiknum í efstu deild verði svakaleg.“

### Tók skrefið

Axel er sjálfur í grunninn knattspyrnumaður og fór upp yngri flokkana knattspyrnumegin. Það var ekki fyrr en handbolta-deild Harðar var endurvakin fyrir nokkrum árum sem hann fór að reyna fyrir sér í íþróttinni.

„Skrefið sjálft frá fótbolthanum yfir í handbolta var svo sem ekkert rosalega stórt eða erfitt. Maður hefur bara alltaf verið mikill íþróttamaður og reynt fyrir sér í ýmsum greinum. Að lokum endaði ég í handbolthanum. Tæknilega séð var ég kannski ekki neitt svakalega öflugur en hugurinn og hjartað, viljinn til að gera vel, fleytir manni langt í þessu.“ ■

*Slovenia*  
**Ljubljana**  
29. september í 4 nætur

SKANNAÐU

4 nætur  
Flug & hótél frá  
**69.950**

Heimsferðir 595 1000 www.heimsferdir.is



Skannaðu QR  
kóðann og  
fáðu nánari  
upplýsingar

**VERNDUM BÖRN**

**GEGN OFBELDI**

**KAUPUM ARMBANDIÐ**



**Barnaheill**

[www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

A close-up photograph of a person's face and hand, showing skin blemishes like freckles and acne. The person's hand is resting near their chin. The background is a soft, light pink color.

# HEILBRIGÐI SNÝST UM VELLÍÐAN

---

Líttu við í Lyfju

# Líttu við í heilsufarsmælingu

## Engin tímabókun

**Við mælum blóðþrýsting, blóðfitu, blóðsykur og ummál.  
Þú færð niðurstöður mælinga og ráðgjöf sérþjálfaðs  
starfsmanns út frá þínum niðurstöðum.**

Þessir þættir eru mikilvægir til að meta alhliða heilbrigði og geta verið góður mælikvarði á hvort aukin hætta sé á að þú þróir með þér sjúkdóma s.s. hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki og nýrnasjúkdóma.

Kynntu þér opnunartíma, verð og hvar hægt er að mæta í heilsufarsmælingu á [lyfja.is](http://lyfja.is). Hafðu í huga að fyrir mælingar á blóðsykri og blóðfitu er mikilvægt að koma á fastandi maga.

Heilsa þín er okkar hjartans mál – þess vegna leggjum við áherslu á fræðslu, gæðavörur og persónulega þjónustu.





BJORK@FRETABLADID.IS

## Þessi fina lína

Þegar fréttir bárust fyrir ári síðan af vinkvennahóp á Tenerife sem orðið hafði fyrir því að toppur pálmtrés féll ofan á þær á veitingastað og tvær úr hópnum lögju alvarlega slasaðar á sjúkrahúsi, snerti það ansi marga. Þetta hefði svo auðveldlega getað komið fyrir hvern sem er.

Það er ansi stór hluti þjóðarinnar sem setið hefur í sólinni á veitingastað á Tenerife og gert sér gláðan dag. Vinkonurnar hefðu ekki á nokkurn hátt getað myndað sér að þær væru í hættu þar sem þær sátu og biðu þess að fá að panta. Eða eins og Svava Magnúsdóttir sem prýðir forsíðu þessa tölublaðs segir frá í viðtalinu: „Það er ekki eins og ég hafi verið í paragliding.“

Svava varð fyrir varanlegum mænuskada og notast í dag við hjólastól. Þessi virka kona sem fór fyrir gönguhópnum á vinnustað sínum og gekk fjöll í frítímanum getur ekki lengur gengið. Það stoppar hana svo sannarlega ekki og nú vinnur hún að því að finna sér nýjar leiðir til að „leika sér“. Afstaða Svövu er nefnilega mögnuð og til eftirbreytni fyrir okkur öll: „Þetta hefði alveg getað verið verra. Ég hefði alveg getað komið heim í duftkeri, þessi lína er svo ofboðslega fin.“ ■



Vinkonurnar hefðu ekki á nokkurn hátt getað myndað sér að þær væru í hættu.

## Við mælum með



**Aldamót**  
Klaustur bar sem var sjónarsvið eins alræmdasta pólitíska skandals síðari ára hefur gengið í endurnýjun lífdaga, heitir nú Aldamót og er orðinn eitt flottasta öldurhús miðbæjarins. Staðurinn er vinsæll hjá bládamönnum jafnt sem pólitíkusum og býður upp á gott úrval drykkja og léttan mat. Aldamót bera bjórinn enn fram í 0,5 lítra glasi á 950 krónur á happy hour. Þá eru barþjónarnir einkar hressir og hika ekki við að slá á léttu strengi.

**The Rehearsal**  
Þáttaröðinni The Rehearsal, þar sem hinn magnaði Nathan Fielder leggur upp með að aðstoda fólk við að æfa sig fyrir mikilvægar stundir og ákvarðanir í lífinu á gamansaman hátt, má finna á streymisveitunni HBO Max. Er líður á þættina verða hlutirnir flóknari og alvarlegri þar sem varpað er upp áleitnum spurningum um lífið, tilveruna og siðferði, þar sem skilin milli raunveruleika og skáldskapar verða afar óskýr. ■



Gunnlaugur Jónsson, íþróttastjóri Gróttu, býst við húsfylli í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Alvöru ball á Nesinu

Í kvöld verður haldið alvöru ball í íþróttahúsi Seltjarnarness þar sem Verbúðarbandið með Selmu Björnsdóttur og Stefáni Hilmarsyni, fremst á sviði, leikur íslensk lög í anda sjónvarpsþáttanna vinsælu.

bjork@frettabladid.is

Gunnlaugur Jónsson, íþróttastjóri Gróttu, segir hugmyndina að ballinu hafa vaknað í vor þegar góður hópur innan íþróttafélagsins Gróttu var að velta fyrir sér hvernig fjárflyunarviðburð ætti að setja upp.

Hópurinn var stórtækur enda hafði Gróttu eins og flest íþróttafélög þurft að fresta mörgum viðburðum á Covid-tímanum.

„Í kjölfar Verbúðarþáttanna á RÚV vaknaði sú hugmynd að búa til alvöru ball í íþróttahúsinu og tengja það við stemmninguna í þáttunum. Tónlistin ætti að vera íslensk, frá tímanum sem þættirnir gerast eða frá lok áttunda áratugarins til byrjun þess tíunda,“ segir Gunnlaugur.

„Við ræddum við Gísla Örn, Nínu Dögg, Björn Hlyn og Nönu í Vesturport og tóku þau mjög vel í þessa hugmynd, þau gáfu okkur grænt ljós á að tengjast þáttunum enda öll hliðholl íþróttahreyfingunni. Við ætludum að setja ballið upp í vor en hafum frá því enda var viðburðamarkaðurinn mettaður og sem betur fer tókum við þá góðu ákvörðun.“

### Byrjið partiin snemma

Gunnlaugur segir það mikið fyrirteki að halda svona stórt ball og aðstandendur séu þakklátir fyrir



Spurning hvort það taki ekki einhverjir hið fræga dansspor Jóns Hjaltalín úr Verbúðinni í kvöld?

MYND/ADSEND



hversu tilbúnir iðkendur, stjórnarmenn og aðrir félagsmenn hafi verið að leggja mikið á sig til að verkefnið gengi upp.

Hópurinn fékk Andra Guðmundsson, hljómborðsleikara Írafars og íbúa á Nesinu, til að setja saman hljómsveit sem fékk nafnið Verbúðarbandið.

„Hann fékk féлага sinn í Íra-

fári, Vigni gítarleikara, til að stýra bandinu, auk þess er með þeim einvalalið: Doddi Þorvalds trommari, Tobbi Sig sem spilar á allt og bassa-leikarinn Árni Þór Guðjónsson.

Það verða svo ekki amalegir söngvarar sem stíga á stokk með bandinu, þau Stefán Hilmarsson og einn af aðalleikurum Verbúðarþáttanna, Selma Björns. Það er svo enginn annar en Herbert Guðmundsson sem byrjar kvöldið klukkan 22 og svo tekur Verbúðarbandið við klukkutíma síðar.“

Gunnlaugur segist merkja mikinn hita á Nesinu fyrir ballinu og fjórum dögum fyrir kvöldið stóra voru 850 miðar seldir.

„Það stefnir allt í að það verði uppselt, við heyrum af partíum um allt Nesid og allan Vesturbæ og við biðlum til þeirra að byrja partiin snemma og vera mætt í íþróttahúsið milli kl. 21.00 og 22.00. ■

## Í vikulokin

# Ekkert verður aftur samt – lífið heldur áfram



Ólafur Arnarson

Winston Churchill var fyrsti forsætisráðherra Elísabetar II. Bretadrottningar. Hann fæddist 1874. Liz Truss var sá síðasti. Hún fæddist 1975.

Jafnvel hörðustu andstaðingar konungdæmisins hljóta að viðurkenna að Elísabet var einstök. Með henni er gengin síðasta óumdeilda manneskjan í konungsfjölskyldunni – límið sem hélt breska samveldinu saman, segja sumir.

Breska konungsfjölskyldan er óneitanlega hálfmishpeppuð.

Óttalegur vandræðagangur á flestum fjölskyldumeðlimum. Upp úr standa hins vegar tvær konur, Elísabet II. og móðir hennar og nafna, sem lést 101 árs fyrir 20 árum.

Ætli hugur þegna Elísabetar til drottningar sinnar komi ekki nokkuð vel fram í bókinni BFG eftir Roald Dahl. Þegar bergisinn frámi góði og Soffía standa frammi fyrir nær óleysanlegu vandamáli ákveða þau að leita á náðir Englandsdrottningar, sem bregst þeim ekki, enda traust sem klettur.

Mæðgurnar og nöfnurnar höfðu ríkt skopskyn, og veitti sennilega ekki af því í því hlutverki sem þær léku. Sagan segir að drottningar-móðirin, sem var með hverja mínútu dagsins skipulagða nokkra mánuði fram í tímann, hafi á hverjum morgni látið setja dýrindis kampavinsflösku í kæli, ef ske kynni að einhver kíkta í heimsókn. Í eftirmiðdaginn lét hún svo opna flöskuna þótt enginn hefði komið óvænt í heimsókn. Annars færi kampavinið bara til spillis, sagði




**Fyrsti forsætisráðherra Elísabetar var fæddur 1874 og sá síðasti 1975.**

hún, þar sem það þyldi bara kælingu einu sinni. Starfsfólkið í Clarence House naut góðs af.

Sumir telja persónulegar vinsældir Elísabetar II. hafa ráðið úrslitum þegar Skotar höfnuðu því að slíta sig úr ríkjasambandi við Englendinga í þjóðaratkvæðagreiðslu 2014. Margir hafi ekki getað hugsað sér að hafna drottningu sinni með þeim hætti.

Óvíst er með breska samveldið og samstöðu Breta um konungdæmið nú þegar sameiningartáknid er horfið af sviðinu. ■




## Útsölnunni lýkur!

Allt að sjötíu prósentu  
afsláttur af sýningarvörum

**Í DAG LAUGARDAG, 10. SEPTEMBER!**

HANS J. WEGNER,  
ARNE JACOBSEN,  
BORGE MOGENSSEN,  
PHILIPPE STARCK,  
ERIK MAGNUSSEN  
OFL.

Skeifan 6 / 5687733 / [www.epal.is](http://www.epal.is)





# Ég læt þennan hjólastól ekki skilgreina mig



Björk  
Eidsdóttir  
bjork  
@frettabladid.is

Nú eftir helgina er liðið eitt ár frá örlagaríku slysi sem Svava Magnúsdóttir og vinkonuhópur hennar urðu fyrir á Tenerife þegar toppur af háu pálmatré féll á þær, þar sem þær höfðu nýverið sest niður á veitingastað. Svava varð fyrir alvarlegum mænuskaða og er lömuð fyrir neðan mitti.

Þegar Svava Magnúsdóttir gekk út af heimili sínu og fjölskyldu sinnar í Kársnesinu við dagrenningu í byrjun september á síðasta ári óraði hana ekki fyrir því að þangað kæmi hún ekki inn aftur. Hún var á leið í vikuférféð ásamt vinkvennahópnum úr Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. Eftir að börnin fóru að koma í heiminn eitt af öðru tóku vinkonurnar fimm upp þann sið að fara saman erlendis annað hvert ár, var þetta í fyrsta sinn sem ferðin var meira en helgarferð. Ætlunin var að njóta góða veðursins sem eyjan hefur upp á að bjóða og það tókst þeim svo sannarlega, fyrstu fimm dagana.

## Nýtt heimili fjölskyldunnar

Við hittumst á nýju heimili fjölskyldunnar í Urriðaholti en breyttar aðstæður Svövu kölluðu á nýtt húsnaði. „Eftir tæplega 19 ár í Kársnesinu hélt ég að það yrði erfitt að flytja en svo fann ég að ég tengi ekki við steinsteypuna. Hér er allt mitt og hér eru þeir,“ segir Svava og á þá við sambýlismann sinn, Björn Sveinbjörnsson, og synina tvo, Daníel Frey og Róbert Aron sem eru 18 og 22 ára. Svava er menntaður ferðamálafræðingur og starfar hjá Icelandair í viðskiptaþjónustu. „Þar þjónusta ég fyrirtæki varðandi flugmiða fyrir starfsfólk og slíkt.“ Aðspurð hvort ferðalög séu stórt áhugamál



Við höfðum alltaf farið í helgarferðir en nú ætluðum við á sólarströnd og njóta okkar, en ferðin endaði aðeins öðruvísi en hún átti að gera.

hlær Svava og jánkur því. Útivist og fjallgöngur hafa einnig verið plássfrekt áhugamál hin síðari ár. „Eftir að strákarnir stækkuðu fór ég að hugsa: Hvað langar mig að gera? Árið sem ég varð 35 ára sagði Maja vinkona mín, sem var að æfa með mér í Sporthúsinu, að hún ætlaði á Hvannadalshnjúk áður en hún yrði 35 ára og bauð mér að koma með.“

## Ætlaði aftur á Hvannadalshnjúk

Svava hugsaði sig ekki tvisvar um áður en hún tók tilboðinu og þar með kynntist hún fjallgöngum sem áttu eftir að taka sitt pláss næstu árin. „Ég hafði varla kynnst fjallgöngum áður en við undirbyggum okkur allan veturinn og náðum á Hnjúkinn í lok maí 2009 í snarvitlausu veðri þar sem við sáu ekki neitt. Þetta var virkilega langur dagur. Upp frá þessu hugsaði ég alltaf: Þarna verð ég að fara aftur! En það verður nú ekki úr þessu,“ segir Svava og lítur niður á hreyfingarlausa fótleggina í hjólastólnum.

„Aftur á móti hef ég gengið á Snæfellsjökul, Eyjafjallajökul tvisvar,

Eiríksjökul og farið í margar aðrar skemmtilegar fjallgöngur. Ég var í nokkur ár með Ferðafélaga Íslands í fjallaverkefni þar sem gengið er eitt til tvö fjöll á mánuði. Ég plataði svo Sillu, Sigurbjörgu Jódísi vinkonu mína, með mér í gönguhóp með fjallafélaginu Vesni og vergangi og það var alveg frábær félagsskapur. Við gengum þá alla þriðjudaga og fimmtudaga og einn laugardag í mánuði. Við vorum komnar með ísöxi og brodda og fannst við æðislega vigalegar,“ segir hún og hlær. „Og á meðan á Covid stóð var ég dugleg að fara út að leika, ég fór í fjallgöngur, hjólaði í vinnuna og fór út að hlaupa,“ segir Svava sem fór fyrir gönguhóp á vinnustað sínum. Eins og heyra má var Svava mjög virk í hreyfingu og segir gott líkamlegt form líklega hafa hjálpað henni í endurhæfingu.

„Við Silla vorum mikið í þessu tvær saman og hún hefur ekki treyst sér í að halda áfram ein. Hún hefur sagt við mig að hún vilji ekki fara án mín, því þetta var svona okkar.“

**Ferðuðust saman annað hvert ár** Vinkvennahópurinn úr fjölbraut fór í fyrstu utanlandsferðina saman árið 2008 og hefur haldið þeim sið að leggja alltaf fyrir mánaðarlega og fara svo saman í ferð annað hvert ár.

„Þessi Tenerife-ferð var í fyrsta sinn sem við ætluðum að vera í heila viku og hafa þetta svölitið grand. Við höfðum alltaf farið í helgarferðir en nú ætluðum við á sólarströnd og njóta okkar, en hún endaði aðeins öðruvísi en hún átti að gera,“ segir hún alvarleg.

Hópurinn kom til Tenerife á miðvikudegi, fór í göngu á vegum Tenerife ferða á fimmtudeginum frá Santiago del Teide yfir í Masca. „Sú ganga var frábær þó heitt væri.“

Á föstudag slókuðu vinkonurnar

á í hótélgarðinum við sundlauginu og fóru svo í aðra ferð á vegum ferðaskrifstofunnar á laugardegnum.

## Af hverju get ég ekki andað?

„Á sunnudeginum ákváðum við svo að taka rölt meðfram ströndinni, fórum í fótanudd og fiska-spa, vorum bara í sundfötum og kjólum yfir. Við ákváðum svo að kíkja inn á þennan stað sem stendur við ströndina, við völdum hann því hann heitir Moli eins og hundur Guðbjargar, okkur fannst það bara voða skemmtileg tilviljun.“

Okkur var vísað til sætis og ég sat við hliðina á Sif og Silla var á endanum og Guðbjörg og Íris sátu á móti okkur. Við vorum nýbúnar að leggja frá okkur símana eftir að hafa skoðað matseðlana þar, þegar ég skyndilega gat ekki andað. Allt í einu var ég bara í keng og hugsaði bara með mér: Af hverju get ég ekki andað? Hvað í fjandanum er í gangi?“ segir Svava sem gerði sér illa grein fyrir því hvað hafði gerst en toppur af sex til átta metra háu pálmatré hafði brotnað af og fallið niður þar sem vinkonurnar sátu og gerðu sig tilbúnar til að panta.

„Tréð féll á mig og Sif, blöðin féllu yfir borðið og skrámuðu þær sem sátu móti okkur. Ég heyrði bara stelpurnar öskra upp yfir sig: „Guð minn góður, Svava!“ og Silla kom að mér, hélt í höndina á mér þegar ég sagði við hana: „Ég finn ekki fyrir fótunum.“ Ég var í sandöllum og horfði á fætur mína líflausa og endurtók að ég gæti ekki hreyft þá. Ég heyrði hana þá garga „She can't feel her legs!“ Þjónninn hélt svo stólnum til að reyna að halda mér uppi. Silla hefur sagt mér að hún hafi séð þetta augnablik ljóslifandi lengi á eftir þegar hún lokaði augunum: Andlit mitt og hræðsluna.“

Svava var í vinkonuférféð á Tenerife þegar lífið breyttist til frambúðar. „Þær sem ekki slösuðust alvarlega eru líka lemstraðar á sálinni, enda held ég að það sé mjög erfitt að horfa upp á vinkonur sínar svona mikið slasaðar. Ég hefði ekkert endilega viljað vera í þeirra sporum heldur.“

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK





Vinkvennahópurinn daginn fyrir slysið. Íris Huld, Sif, Svava, Silla og Guðbjörg.

MYND/ADSEND



Pálmatræstoppurinn sem féll fyrirvaralaust á borð vinkvennanna. Hægri myndin sýnir hversu hátt hann trónaði, heila sex metra.



Ég heyrði bara stelpurnar öskra upp yfir sig: „Guð minn góður, Svava!“ og Silla kom að mér, hélt í höndina á mér þegar ég sagði við hana: „Ég finn ekki fyrir fótunum.“

Ég hugsaði því með mér: Ég ætla að undirbúa mig fyrir hið versta og vona það besta.“

#### Þú ert ekki fædd í gær

Þann 8. október var Svava flutt í endurhæfingu á Grensás þar sem hún var næstu fjóra mánuði og svo í kjölfarið á dagdeild í aðra fjóra mánuði.

„Það var eiginlega ekki fyrr en eftir nokkrar vikur í endurhæfingu á Grensás að Páll E. Ingvarsson læknir sagði við mig: „Þú ert ekki fædd í gær og ert líklega búin að átta þig á stöðunni.“ Hann sagði jafnframt að ef eitthvað gengi til baka væri það plús en við myndum vinna út frá alskaða.

Í lok október komu til mín tveir fulltrúar SEM samtakanna, Samtaka endurhæftra mænuskaddaðra, þau Arnar Helgi Lárusson, formaður samtakanna, og Aðalbjörg Guðgeirsdóttir. Það var rosalega gott að hitta þau enda svakalega jákvæð og peppandi. Hann Arnar Helgi er auðvitað ótrúlegur og sagði við mig: „Þú skalt bara aldrei gleyma því að þú getur gert allt! Þú getur kannski ekki labbað – en það þarf ekkert að stoppa þig!“ Ég hugsaði með mér: Þetta er bara svolítið rétt hjá honum,“ segir Svava sem viðurkennir að hafa sveiflast upp og niður tilfinningaskalann og í raun farið í gegnum ákveðið sorgarferli.

#### Syrgði að geta ekki gengið á fjöll

„Ef ég skoðaði myndir úr fjallgöngum syrgði ég það að geta til dæmis aldrei skottast upp á fjöll aftur. Ég hef alltaf verið virk og er ekkert alltaf að biða eftir að einhver nenni að koma með mér. Ég fer þá bara ein. Ég er svolítið með strax-veikina, ef mig langaði að fara út að leika fór ég bara út að leika en nú er ég allt í einu ekki með þau tæki og tól sem þarf til þess.

Ég ætla að finna mér eitthvað annað að gera. Ég er til að mynda búin að fara tvisvar með Arnari að hjóla á þar til gerðum hjólum og það var algjörlega geggjáð,“ segir Svava og bætir við að mikil frelsistilfinning hafi gagntekið hana. „Ég fór með honum og Örnun Sigríði í fyrra skiptið og ég hugsaði með mér því líkari fyrirmyndir og frábær félagskapur þau væru!“ Þess má geta að téð Arnar Sigríður og Arnar Helgi eru bæði öflugt handahjólreiðafólk eftir mænuskada.

„Það eru margir í verri stöðu en ég. Það var einhver sem vakti yfir mér og vil ég trúna því að það hafi verið amma mín og alnafna og geri enn. Ég var ekki feig. Ég er með hausinn og hann er alveg enn þá í lagi og ég er með hendurnar mínar. Skaðinn minn er frá mitti og niður úr. Þetta hefði alveg getað verið verra. Ég hefði alveg getað komið heim í duftkeri – þessi lína er svo ofboðslega fin.

#### Fékk annað tækifæri

Við verðum að þakka fyrir það sem við höfum. Ég fékk annað tækifæri – ég virkilega horfi á það þannig. Það var ómetanlegt að fá skilaboð frá fjölskyldu, vinum og ótrúlegasta fólki sem ég hafði ekki heyrt frá í mörg ár og það stýtti mér sannarlega stundirnar á spítalanum. Það er að fólk væri að hugsa til mín, það hjálpaði ótrúlega mikið. Þegar ég svo mátti loks fara að hitta fólk sagði það oft: „Ég veit ekki hvað ég á að segja.“ Og ég svaraði: „Gefðu mér bara knús.“

Svava segir einangrunina vegna Covid ekki hafa reynt minna á. „Ég er mikil félagsvera og finnst gott að vera í kringum fólk mitt. Ég vil geta knúsað það og hafa einhvern hjá mér.“

Svava lætur vel af langri endurhæfingu og dvölinni á Grensásdeild. „Starfsfólk Grensás er englar í mannsmynd og það var svo vel hugsað um mig að mér fannst svolítið erfitt að útskrifast endanlega og fara úr þeim þægindaramma sem var þar,“ segir hún og hlær. ➤



Við vorum nýbúna að leggja frá okkur símana eftir að hafa skoðað matseðlana þar, þegar ég skyndilega gat ekki andað.

Svava lýsir því hvernig hún hafi líklega skolið á borðið enda var hún með áverka í andliti en þegar hún man eftir sér sat hún í keng, gat sig hvergi hreyft og átti mjög erfitt með andardrátt.

„Það voru Íslendingar á veitingastaðnum sem heyrðu í okkur og komu strax yfir, fengu einhvern fitonskraft og drösluðu þessu tré í burtu.“

#### Kvalirnar voru sturlaðar

Svava man eftir að hafa heyrt í sírenunum nálgast og Íris vinkonu sína kalla að einhver yrði að hugsa um Sif sem væri orðin grá í framan enda fékk hún líka tréð yfir sig og síðar kom í ljós að hún hafði líka hryggbrotnað og hlotið áverka á öxl.

„Ég man þessar setningar en geri mér enga grein fyrir tímanum sem fyrir mér var heil eilífð. Ég bað Silla að fara ekki frá mér og lét hana lofa að koma með mér í sjúkrahúsið.“

Lungu Svövu höfðu fallið saman og níu rifbein brotnað vinstra megin auk þess að varanlegur skaði hafði orðið á mænu.

„Kvalirnar voru sturlaðar og ég átti mjög erfitt með andardrátt þegar ég var sett á sjúkrabörurnar. Silla sagði mér svo eftir á að ekki hefði átt að leyfa henni að fara með mér vegna Covid-ráðstafana. En eitthvað hef ég tekið tryllingskastíð því þeir komu svo og náðu í hana. Ég man ekkert eftir þessu.“

Silla fór með Svövu í sjúkrahúsið og Sif ein í annan sjúkrabil á meðan Guðbjörg og Íris tóku leigubíl í snarhasti sem leið lá á sjúkrahúsið.

„Svo man ég bara eftir að við vorum þarna allar og þær fengu fyrir náð og miskunn að kveðja okkur áður en til stóð að gera aðgerð á okkur sem var svo ekki gerð fyrr en daginn eftir. Ég gerði mér þó ekki grein fyrir alvarleikanum á þessum

Svava segist aldrei fyrr hafa legið á sjúkrahúsi og því ekki endilega vitað hvernig slík dvöl ætti að ganga fyrir sig. „Ég vissi því ekki að það væri æskilegt að setja mig í stuðningssockka upp á bjúgsöfnun og hreyfa fætur en ekkert slíkt var gert þessa átta daga sem ég lá á bakinu og fékk aðeins að rísa örlítið upp þegar ég var mötuð og drakk kaffi með röri.“

Tungumálaörðugleikar hafi gert henni erfitt fyrir en túlkur kom aðeins hálf tíma á dag, eins hafi ekkert verið við að vera á gjörgæslunni þar sem hún hafi aðeins getað starað á veggina og hlustað á pípið í tækjunum í átta daga. „Ég fékk þó síma þegar Bjóssi kom til að stytta mér stundir og gat verið í sambandi við fólk mitt, það var ómetanlegt. Sif var færð við hlið mér eftir aðgerðirnar og við móktum bara þarna í einhverju lyfjamóki og langaði að fara heim. Við lifðum fyrir þennan hálf tíma á dag sem við fengum með mönnum okkar.“

#### Sjúkraflugið heim til Íslands

Slysið varð þann 12. september 2021 og átta dögum síðar, eða þann 20. september, voru vinkonurnar fluttar til Íslands með sjúkraflugi, hvor á sinn spítalanum.

„Pínulítill vélin kom frá Þýskalandi með tveimur læknum og ég man að ég hugsaði hvernig í veröldinni þeir myndu koma okkur þarna inn á börum. Flugíð var eins gott og það gat orðið og ég fékk verkjastillandi lyf um leið og vart varð við ökyrrð,“ segir Svava en lýsir skítaveðri þegar lent var á Íslandi. „Ég skalf eins og hríska, bæði af kulda og spennufalli yfir að vera komin heim.“

Svava var færð á Landspítala í Fossvogi og enn og aftur settu Covid-reglur strik í reikninginn því við tók fimm daga einangrun.

„Fjölskyldan fékk reyndar undan-



Svava ásamt Bjössa sem hún ætlar að giftast í næsta mánuði. Hún það hans um síðustu jól, eftir 19 ára samband, enda hætt að biða eftir rétta tímanum.

### » Brúðkaup í næsta mánuði

Svava fór aldrei aftur inn á heimili sitt, heimilið sem hafði hýst fjölskylduna í tæplega 19 ár og þar sem þeim hafði alltaf liðið vel.

„Læknirinn á Grensás hvatti okkur til að gera ráðstafanir enda liði tím-inn hratt. Við settum íbúðina okkar sem var á þriðju hæð á sölu og hún seldist strax.“

Svava og Bjössu skoðuðu svo fram-tíðarheimili á netinu enda var hún ekki fær um að fara í skoðunarferðir vegna Covid-takmarkana. Þegar heimilið sem þau nú búa á kom upp fékk hún þó leyfi til að skoða.

„Við fengum sjúkrahjálfa og iðjubjálfa til að koma með okkur til að taka íbúðina út og skoða hvað þurfti að gera.“

Þau þurftu að ráðast í einhverjar framkvæmdir, aðallega á þaðherbergi, svo Svava gæti athafnað sig þar. Á meðan Svava safnaði kröftum og lærði á nýtt líf þurfti Bjössu ekki aðeins að sjá um heimilið heldur selja það, pakka búslóð og flytja.

„Hann er búinn að standa sig eins og hetja, þessi elska,“ segir Svava um sambýlismann sinn til tæpra þrjátíu ára sem í október verður eiginmaður hennar.

„Ég það hans á aðfangadagskvöld heima hjá foreldrum mínum fyrir framan þau og synina. Slysið ýtti við manni og maður hugsar: Hvað ef? og enginn veit hvað átt hefur fyrr en næstum því misst hefur,“ segir Svava sem pakkad hafði inn hringum í gjöf til Bjössa.

„Þetta kom honum algjörlega á óvart,“ segir Svava en ætlunin er að fagna með vinum og nánustu fjöl-

skyldu í næsta mánuði um leið og sambandið verður innsiglað.

„Við ætluðum alltaf að gifta okkur en svo leið tíminn. Nú er ég bara hætt að biða eftir rétta tímanum og einhverju svoleiðis bla. Rétti tíminn er núna! Það á ekki alltaf að biða eftir að passa í rétta andskotans kjólinn. Keyptu þér bara kjól sem passar! Við erum í því að lifa og njóta lífsins og búin að fara í þrjár utanlandsferðir á árinu og tvær eftir,“ segir Svava sem viðurkennir að hafa kviðið fyrir fyrstu ferðinni, hvernig myndi ganga að ferðast í hjólastól og með öllu sem því fylgir, en hún hafi þó gengið vel.

### Málsókn gegn sýslunni

„Ég held að þetta hafi jafnvel styrkt okkar samband. Ég vissi að hann væri frábær – en ekki að hann væri svona frábær. Hann hefur algjörlega séð um öll tryggingamál og allt það,“ segir Svava en þau vinna nú í málsókn gegn sýslunni Arona vegna slyssins enda tréð á ábyrgð hennar. „Það er bara í ferli og á eftir að taka einhvern tíma.“

Svava fór aftur til vinnu 1. apríl í 20 prósent starfshlutfall. „Samstarfsfólk mitt hjá Icelandair hefur verið algjörlega frábært. Yfirmaður minn var búinn að segja að ég kæmi bara þegar ég vildi og ef ég vildi. Það var engin pressa. Hún kom til mín upp á Grensás með fulla tösku af gjöfum og baráttukveðjum frá fyrirtækinu,“ segir Svava en gerðar voru viðeigandi ráðstafanir á skrifstofuhúsnæðinu svo Svövu liði vel og hún kæmist auðveldlega um.

Svava keypti annan bíl í haust sem var útbúinn í vor með hand-



Svava ásamt Sillu vinkonu sinni í Landmannalaugum í fyrra. Þetta reyndist síðasta ganga Svövu með hópnum Veseni og vergangi. Þó að göngurnar verði ekki fleiri er hún ákveðin í að leika sér áfram, á annan hátt.

MYND/ADSEND



**Þetta voru fáránlegar aðstæður sem við hefðum engan veginn getað ráðið við. Það er ekki eins og ég hafi verið í paragliding.**

stýribúnaði og er alsæl með að komast sjálf leiðar sinnar. „Mér hefur aldrei liðið eins fatlaðri og þegar ferðapjónusta fatlaðra sótti mig á tilskildum tíma, mér var rúllað inn í lyftu, lyft inn í bíl og fest niður fann ég að slíkur ferðamáti hentaði mér ekki,“ segir Svava. „Ég er náttúrlega í sjálfstæðisbaráttu eins og tveggja ára krakki,“ bætir hún við og hlær.

### Ég er enn þá sama Svava

Það dylst ekki í spjalli við Svövu að það er karakter hennar sem hefur fleytt henni svona langt á svo stuttum tíma og segist hún gera allt sjálf. „Ég fékk fyrst heimahjúkrun en setti mér fljótt markmið um að geta séð um mig sjálf og þurfa þannig ekki að fá hjúkku annan hvern dag á tilteknum tíma. Ég ætla ekkert að láta þennan hjólastól skilgreina mig. Ég er enn þá sama Svava og þeir sem þekkja mig vita það.“

Svava nýtti sér sálfræðing á Grensás við að vinna úr áfallinu og líka höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð hjá kærnum vini, sem stendur enn yfir. Hún segist ekki finna fyrir biturð yfir slysinu eða afleiðingum þess.

„Þetta voru fáránlegar aðstæður sem við hefðum engan veginn getað ráðið við. Það er ekki eins og ég hafi verið í paragliding,“ segir hún með áherslu. „Það var smá vindur en það var fólk úti um allt og okkur var vísað til borðs þarna. Ef ég hefði verið lengur á klósettinu hefði ég kannski komið upp og komið að stelpunum undir tré. Hefði það verið eitthvað betra? Ég er ekkert viss um það.“

### Skilar engu að hugsa „hvað ef?“

Hún viðurkennir að vinkvennahópurinn hafi í heild sinni ekki talað mikið um atburðinn sem breytti lífi þeirra fyrir ári síðan.

„Það er erfitt fyrir okkur að tala um þetta og núna 12. september er ár frá slysinu og ég er búin að bjóða þeim að koma til mín þennan dag í knús og kósi. Upplifun okkar allra er einstök. Þær sem ekki slösuðust alvarlega eru líka lemstraðar á sál-inni, enda held ég að það sé mjög erfitt að horfa upp á vinkonur sínar svona mikið slasaðar. Ég hefði ekkert endilega viljað vera í þeirra sporum heldur.“

Við vorum allar saman. Af hverju raðaðist þetta svona niður en ekki öðruvísi? Það má ekkert hugsa svona. Það er svo erfitt að hugsa „hvað ef?“ og það skilar mér engu nema depurð þannig að við verðum bara að líta á að þetta muni styrkja okkar vináttu og við förum í gegnum þetta saman. Það er bara þannig.“

Eins og fyrr segir er komið ár frá slysinu og ár frá síðustu ferð hópsins. Það hlýtur að þýða að tími sé kominn á næsta ferðalag.

„Já, við Guðbjörg vorum að ræða það um daginn að það þyrfti að fara að leggja drög að næstu ferð. Ég sagði að það væri ekki ráð nema í tíma væri tekið með svona vesenispésa eins og mig enda krefjast ferðalög núna meiri skipulagningar. Það verður bara dásamleg ferð,“ segir Svava sem lætur engan bilbug á sér finna – enda skilgreinir hjólastóllinn hana ekki – hún er enn sama Svava, bara með nýjar áskoranir. ■



1.990 kr.



990 kr.



690 kr.

OPNUNAR-  
HELGIN



1.990 kr.



990 kr.


# BÓKA

# MARKAÐUR

## Á FISKISLÓÐ 39 7. SEPT.- 3. OKT.



99 kr.



690 kr.

ALLT AÐ  
90%  
AFSLÁTTUR



690 kr.



990 kr.


OPIÐ  
10-19  
ALLA DAGA

# FLÓRA ÍSLANDS


Blómplöntur og byrkingar

ÍS  
FYRIR  
BÖRNIN

9.990 kr.



1.490 kr.



MARKAÐURINN ER LÍKA Á NETINU: WWW.FORLAGID.IS

Í næstu viku verður dans- og söngvamyndin *Abbababb!* frumsýnd. Nanna Kristín Magnúsdóttir er eðlilega spennt fyrir deginum enda fyrsta kvikmyndin sem hún leikstýrir og segist hún hafa viljað gera mynd sem hana sjálfa hefði langað að sjá á yngri árum.

**N**anna Kristín flutti nýverið til Brussel ásamt fjölskyldu sinni og ræðir því við blaðamann í gegnum fjarfundarbúnað.

„Síðastliðið vor fluttum við fjölskyldan úr Vesturbænum í Kópavoginn. Við sögðum bara nei við fasteignaástandinu í Vesturbænum þar sem hvort eð er var ekki til nægilega stór eign fyrir okkur,“ segir Nanna Kristín en hún og sambýllismaður hennar Gautur Sturluson eiga samtals fimm börn. „Í Kópavogi fengum við nógu stóra eign fyrir alla fjölskylduna og þó það væri erfitt að fara af heimaslóðunum þá bjargaði veðursældin í Kópavoginum miklu. Við bjuggum áður úti á Granda þar sem er alltaf rok og maður þurfti að hafa sig allan við að koma yngsta barninu úr bílnum síðasta vetur – ég hefði aldrei trúað logninu á Kársnesinu.“

#### Föst á Bústaðaveginum

Tveimur vikum eftir að þau festu kaup á eigninni fékk Gautur vinnu í Brussel.

„Hann flutti út um haustið og síðasta vetur var ég því ein í Kópavogi með börnin. Við höfum lofað börnunum að vera áfram í skóla og frístundum í Vesturbænum og mannum mínum finnst gaman að keyra, svo við sáum fyrir okkur að hann sæi um þann hluta,“ segir Nanna Kristín og hlær því ekki gat hann sinnt skutlinu frá Belgíu.

„Síðasta vetur var ég því svolítið mikið föst í umferð á Bústaðaveginum.“

Flutningarnir voru þó ekki algjörlega óvæntir. „Hann vinnur fyrir utanríkisráðuneytið og það er flutningsskylda svo við vissum að líklegast kæmi þessi staða upp á næstu árum – okkur bara grunaði ekki að það gerðist svo fljótt.“

Eftir vetur í sundur fannst þeim þó nóg komið.

„Við áttuðum okkur fljótt á að fjarbúð væri ekki það sem við vildum. Við kynntumst svo seint á ævinni,“ segir Nanna Kristín og bendir á að þegar búíð sé að finna sálufélagann vilji maður vera nærri honum.

„Ég flutti því út í sumar, *Abbababb!* var þá komin á þann stað í eftirvinnslu að það var mögulegt og ef Covid kenndi okkur eitthvað, þá var það að vinna á milli landa.“

#### Notar tækifærið til að hægja á

Fjölskyldan hefur komið sér vel fyrir í höfuðborg Belgíu þar sem Nanna Kristín hefur komið sér upp heimaskrifstofu og nýtir daginn til skrifa á meðan aðrir fjölskyldumeðlimir sækja skóla og vinnu.

„Gautur fer snemma á morgnana og kemur seint á kvöldin, samgöngur taka lengri tíma og tempóið hér er hægara en heima. Ég vakna á morgnana, keyri krakkana í skólann og hef búíð til mína rútínu. Ég vil nota þetta tækifæri til að hægja á enda nær asinn heima á Íslandi oft tókum á mér. Ég geri jóga og hugleiðslu,“ segir Nanna Kristín og bendir á að hið síðarnefnda sé henni að takast í fyrsta sinn á ævinni. „Svo skrifa ég fyrir hádegi, þá er sköpunarkrafturinn til staðar.“

Þó Nanna Kristín veigri sér í fyrstu við að tala um það þá er hún að skrifa bók.

„Það er meira fyrir mig sjálfa. Það er enginn að bíða eftir þessari bók og ekkert deadline, sem mér finnst gott. Það er magnað að vera að gera eitthvað skapandi, bara fyrir sjálfan sig. Yfirleitt er maður með deadline



Björk Eidsdóttir  
bjork@frettabladid.is

## Mynd um kjark og hugrekki

og á að skila einhverju af sér og einhver er að fara að lesa það og hafa skoðun á því. Það að vera einn og leyfa þessu bara að flæða er svo gott frelsi. Svo kemur í ljós hvað verður,“ segir Nanna Kristín sem jafnframt vinnur að tveimur öðrum verkefnum.

Nanna Kristín útskrifaðist úr Leiklistarskólanum árið 1999 og hafði getið sér gott orð sem leikkona á sviði og í kvikmyndum þegar hún ákvað að söðla um árið 2012, flutti til Kanada og lærði handritagerð fyrir kvikmyndir og sjónvarp.

„Ég sérhæfði mig í sjónvarpi en á þeim tíma var ekki mikið úrval af íslenskum sjónvarpsþáttum, alla vega ekki eins og núna, íslenskar seríur eru að slá í gegn úti um allan heim og íslensk kvikmyndagerð vekur alltaf meiri og meiri jákvæða athygli. Ég gerði svo þrjár stuttmyndir og sú þriðja, Ungar, gekk mjög vel og fékk fjölda verðlauna.“

#### Langaði að sýna hið kvenlega

Sjónvarpsþættirnir *Pabbahelgar* vöktu mikla athygli árið 2019 en Nanna var bæði handritshöfundur þeirra og lék aðalhlutverkið.

„Fyrst ætlaði ég að gera gamanþætti en þá á maður að hafa þrjá brandara á hverri blaðsíðu og ég var ekki góð í því. Ég henti því öllu og skrifaði frekar það sem ég vildi sjálf sjá, persónulegra efni, út frá vinkonum mínum og konum almennt.“

Nanna segir viðbrögðin hafa verið góð og það hafi komið henni á óvart þegar eldri konur komu til hennar og þökkuðu henni sérstaklega fyrir þættina.

„Þær sögðust margar hverjar ánægðar að sjá í sjónvarpsþætti alls konar hluti sem konur eru að dila við, eins og varðandi barnaupplendi og sambönd. Mér fannst gaman að sýna þessa kvenlegu hlið, enda fannst mér oft að ef ætti að heyrast í mér þyrfti ég að sýna hið karllæga í mér, en mig langaði að nota hið kvenlega, möðureðlið sem er líka svo gott í stjórnnunarstöðum. Eins og þegar Katrín Jakobsdóttir beygði af í pontu á Alþingi, svo þegar hún svo

var spurð út í uppákomuna í Kastljóspætti kvöldsins þá afsakaði hún það ekki neitt. Mér fannst það svo sterkt. Auðvitað erum við öll tilfinningaverur hvort sem við erum forsætisráðherrar eða bókasafnsverðir.“

#### Hversu oft fæ ég svona tilboð?

En að verkinu sem verður frumsýnt í komandi viku: Dans- og söngvamyndinni *Abbababb!* Áður hefur plata Dr. Gunna lifnað við á leiksviðinu en nú birtist tónlistin, sem sló upphaflega í gegn fyrir 25 árum, á hvíta tjaldinu, í nýjum útsetningum og með nokkrum viðbótum.

„Július Kemp og Ingvar Þórðarson komu að máli við mig árið 2018 og spurðu hvort ég hefði áhuga á að leikstýra bíómynd. Ég viðurkenni að ég var smá hrokafull og hugsaði með mér að ég ætlaði sko ekki að hafa mína fyrstu mynd barnamynd,“ segir Nanna og hlær. „Þá var ég búin að skrifa handrit upp úr bók Steinars Braga, Konur, það er mikil ádeila á feðraveldið og hlutgeringu á konum, og ég ætlaði að láta mína rödd skína þar. En svo bara breytast hlutirnir og ég hugsa að ég geri aldrei þá mynd. Ég hugsaði með mér: „Hversu oft fæ ég svona tilboð?“ og ákvað að hitta þá og lesa handritið.“

Nanna varð það hrifin af handritinu að hún ákvað að taka verkefnið að sér með því skilyrði að hún fengi að setja sína rödd í söguna.

„Ég breytti einu og öðru, til að mynda því að aðalhlutverkið er nú stelpa og bætti við karakterum, aðallega kvenkyns. Ég vildi gera það sem ég hefði sjálf viljað sjá þegar ég var barn og unglingur og bæta við því sem fulloröna ég myndi vilja segja. Myndin fjallar um að finna kjarkinn sinn og hugrekkið til að finna hver maður er. Eða eins og einn karakterinn segir: „Það er ekki nóg að vita hver þú vilt ekki vera, heldur verðurðu að vita hver þú vilt vera.“

Eins og fyrr segir er um dans- og söngvamynd að ræða og er það Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson sem útsetur tónlistina og semur nokkur

ný lög sem Nanna Kristín svo skrifaði söngtexta við.

„Það er í fyrsta sinn sem ég geri það,“ segir Nanna Kristín og bætir við að þar hafi hún sótt í eigin hugarheim og þá sjálfskoðun sem hún hefur farið í gegnum. „Eitt lagið nefnist *Hæ, Ótti* og annað Svart-hvíta meðalmennskukrútt og fjallar um það að hanga í meðalmennskunni frekar en taka skrefið.“

#### Covid-tökur áskorun

Tökur á myndinni fóru fram á meðan samkomutakmarkanir voru ýmist losaðar eða hertar hér á landi og segir Nanna Kristín það hafa verið sérstaka upplifun enda hafi tímabilið orðið mun lengra en vanalega og virkilega hafi reynt á skipulagshæfnina.

„Svo var ég að leikstýra með grímu og gleraugu og svo jafnvel heyrnartól og húfu. Fyrir leikara og þá sérlega börn skiptir miklu að sjá framan í leikstjóra, eitt bros getur sagt mikið, svo þetta var mikil áskorun.“

Nanna Kristín naut aðstoðar Hrefnu Hallgrímsdóttur við undirbúning ungu leikaranna en segir þó ekkert erfðara að leikstýra börnum en fullorðnum.

„Þau eru lítið að velta hlutunum fyrir sér. Þau treysta manni og því sem maður segir.“

Yfir 200 börn komu að myndinni en meðal annarra var um að ræða körfubolta- og fimleikahópa, dansskóla og blásturshljómsveit. „En það eru 85 leikarar sem eru með nöfn svo það fór mikil vinna í að búa til karaktera og búninga þeirra og útlit. Þessi börn eru frábær – ég hefði ekki trúað því hvað þau geta.“

Nanna minnst á að yfirmenn allra deilda í framleiðslunni hafi verið konur, fyrir utan tónlistarstjóran, Þorvald Bjarna, sem vann að mestu að norðan þar sem hann býr.

„Ég tók sérstaklega fram við teymið að handritið væri ekki biblíja. Allir máttu hafa skoðun á því. Það hjálpar svo mikið að fá annarra manna sýn.“

Kvikmyndin *Abbababb!* fer í almennar sýningar þann 16. september næstkomandi og segir Nanna hana líklega vera fyrir áhorfendur sex ára og upp úr.

„En þetta er dans- og söngvamynd þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað sér til skemmtunar.“ ■

Nanna Kristín er komin heim til að vera viðstödd frumsýningu sinnar fyrstu kvikmyndar í næstu viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI



Við áttuðum okkur fljótt á að fjarbúð væri ekki það sem við vildum. Við kynntumst svo seint á ævinni.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 10. september 2022



Skildi einhver ná draumahögginu á Nesinu í dag? FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Benz í boði fyrir holu í höggi

gummih@frettabladid.is

Það dreymir alla kylfinga um að ná draumahögginu en samkvæmt tölfræði Einherjaklúbbsins á Íslandi ná aðeins innan við 1% kylfinga að fara holu í höggi árlega. Frá fyrstu skráningum, árið 1936, hafa um 3.000 draumahögg íslenskra kylfinga verið skráð hjá klúbbum en af 40.000 kylfingum á Íslandi ná að meðaltali 130 draumahögginu á hverju ári.

6. holan á Korpúfsstaðavelli er sú hola þar sem kylfingum hefur oftast tekist að fara holu í höggi á síðustu tíu árum en 17. holan á Grafarholtsvelli og 3. holan á Hólmsvelli í Leirunni, oftast nefnd Bergvíkin, eru þær holur þar sem kylfingum gengur verst að ná draumahögginu eftirsóttu.

### Korpúfsstaðavöllur með flest draumahöggin

Á þessu ári hafa 123 kylfingar verið skráðir í Einherjaklúbbinn en á síðasta ári voru þeir 156 talsins. Korpúfsstaðavöllur er sá golfvöllur þar sem algengast er að kylfingar ná að koma kúlunni í holuna í fyrsta höggi en samkvæmt tölfræði Einherjaklúbbsins hafa 219 draumahögg verið slegin á vellinum.

Allir sem hafa skráð holu í höggi hjá Einherjaklúbbum á tímabilinu 1. september 2021 til 31. ágúst á þessu ári geta mætt á Nesvöllinn rétt fyrir kl. 10 í dag. Þar munu allir fá eitt högg á braut 2 og fyrir holu í höggi fær viðkomandi Mercedes Benz bifreið til eignar. ■



Edda Erlendsdóttir er golfari og mikil keppniskona. Það voru því vonbrigði þegar hún sleit liðþófa. Hún hefur notað FIT verkjaplástur og segir hann hafa hjálpað sér mikið. Plásturinn deyfir verkina án þess að hún hafi þurft að nota lyf.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Plásturinn bjargaði hnénu

Edda Erlendsdóttir hefur spilað golf í 20 ár og nýtur sín best á golfvöllinum. Hún er nýkomin úr aðgerð á fæti og hefur notað FIT verkjaplástur til að halda niðri verkjum. Plásturinn hefur gefið henni færi á að halda áfram í golfinu. **2**



Edda og eiginmaður hennar eiga sumarhúsið í Úthlíð þar sem þau dvelja yfirleitt um lengri eða skemmri tíma. Þau hafa nýtt tímann þar og farið á golfvöllinn sem oftast. Þau hjónin spiluðu áður hjá Golfklúbbum Oddi í Garðabæ en hafa að mestu flutt sig í sveitina. „Ég er hætt að vinna og finnst gott að vera í sveitasælunni,“ segir hún.

Það var mikil óheppni þegar Edda sleit liðþófa fyrir tveimur árum. „Vegna verkja sem fylgdu því var mér bent á að nota FIT plástur og hann virkar mjög vel. Ég hafði áður notað samskonar plástur vegna bakverkja sem einnig reyndist mér afar vel. Þegar ég fékk í bakið benti vinkona mín mér á FIT plástur. Hún hafði sjálf notað hann vegna verkja í öxlum og það reynst henni vel. Læknar vildu fyrst ekkert gera fyrir mig vegna liðþófans en síðan var aðgerðin samþykkt í lok maí og ég hef verið að ná mér eftir hana. Ég hef notað plásturinn í staðinn fyrir að taka inn verkjalyf og það hefur verið frábært,“ segir Edda.

„Ég var alltaf með verki í fætinum og það hamlaði mér. Ég er vön að fara í leikfimi þrisvar í viku yfir vetrartímann, fer reglulega í göngur og svo spila ég golf. Ég varð að taka mér fri frá þessu öllu eftir aðgerðina en er að fara af stað aftur. Plásturinn virkar og ég finn mikinn mun þegar ég nota hann. Ég fer rólega af stað og spila bara 9 holur enn sem komið er,“ segir hún.

#### Mikil keppniskona

Edda er keppnismaður í golfi og hefur tekið þátt í flestum mótum. „Það eru alls konar mót í gangi í Úthlíð og ég hef tekið þátt í þeim. Þar spila karlar og konur saman og þetta er góður félagsskapur,“ segir hún. „Mér finnst golfið það skemmtilegasta sem ég geri. Yfirleitt er það þannig að annaðhvort fellur fólk kirfilega fyrir íþróttinni eða ekki. Hreyfingin og útiveran gerir manni líka gott. Ég er búin að nota FIT plásturinn núna reglulega í nokkra mánuði. Ég fór í golf-ferð í fimm vikur áður en ég fór í aðgerðina og plásturinn bjargaði mér algjörlega í ferðinni. Ég fann mikinn mun ef ég setti hann ekki á mig. Það er mjög létt fyrir mig að mæla með plástrinum ef fólk finnur fyrir verkjum í hnjám, baki eða öxlum.“

Edda starfaði í bankageiranum í 38 ár en er komin á eftirlaun. Hún var kyrrsetukona og hefur passað upp á hreyfingu og útivist í langan tíma. „Það þýðir ekkert annað,“ segir hún og bætir við að öll hreyfing sé góð fyrir liðleikann. „Ég mun nota plásturinn áfram á meðan ég þarf á honum að halda. Ég labba ekki mikið ennþá en læknirinn sagði að það tæki mig allt að átta vikur að jafna mig,“ segir Edda og er rokin út á golfvöll eins og sannir kylfingar reyna að gera daglega.

#### Nýsköpun í verkjastillingu

Verkir af hinum ýmsu gerðum hafa fylgt mannskepnunni alla tíð. Verkir hafa verið meðhöndlaðir á ýmsa vegu, með nuddi, nála-stungum og lyfjum, svo eitthvað sé nefnt. Hin síðari ár hefur notkun verkjalyfja aukist til muna, oft og tíðum með slæmum afleiðingum á önnur líffæri, til dæmis maga.

OJK-ÍSAM er umbóðsaðili FIT verkjaplástra sem eru fánlegir í flestum apótekum landsins. FIT-plástrarnir eru ítölsk uppfinning sem byggja á innrauðum geislum líkamans sem eru nýttir aftur inn í líkamann og örva þannig háráðkerfið svo að blóðið kemst betur til aumu staðanna og úrgangsefni hreinsast hraðar í burtu. Virkar því



„Ég er búin að nota FIT plásturinn núna reglulega í nokkra mánuði. Ég fór í golf-ferð í fimm vikur áður en ég fór í aðgerðina og plásturinn bjargaði mér algjörlega í ferðinni.“

nokkuð svipað og nudd. Hjálpar líkamanum að hjálpa sér sjálfum.

Plástrarnir eru unnir úr vöðurkenndu ofnæmisfríu plastefni og innihalda lífræn steinefni (til dæmis títan) sem endurvarpa innrauðum geislum líkamans aftur inn í líkamann. Innrauðir geislar hafa margvísleg áhrif á líkama okkar:

- Auka virkni háráðkerfisins sem eykur blóðflæði svo að blóðið hreinsast betur af fitu og úrgangsefnum.
- Bæta súrefnisþéttni í líkamnanum.
- Bæta vöðvavirkni.
- Bæta svefn og viðhalda hita.
- Verkjastillandi – minni þörf á verkjalyfjum.
- Auka endurheimt vöðvanna – gott að setja þá á aum svæði eftir æfingar.
- Plástrarnir eru alveg náttúrulegir, engar aukaverkanir þar sem þeir setja ekkert í líkamann sem er þar ekki nú þegar. Henta öllum, líka óléttum konum og þeim sem eru með barn á brjósti.

#### Hvernig virka FIT plástrarnir?

- Setjið plástrana á svæðin, eins og leiðbeiningar sýna, og bíðið í tvær mínútur eftir því að hiti frá líkamanum losi vel um límeftið



svo að plásturinn nái öruggri festu. Nú breytist plásturinn í það sem verður best lýst sem spegli sem endurkastar orku frá líkamanum allt að 8-9 cm inn undir húðina: Þessi orka hefur verkjastillandi áhrif. Hver plástur dugur í allt að 5 daga og má fara með hann í sturtu.

- Haldið meðferð áfram þar til verkur hættir.
- Frá sama fyrirtæki eru einnig í boði tíðaplástrar sem nýta sömu tækni og draga úr tíðaverkjum kvenna.
- Verkjaplástrarnir fást í flestum apótekum landsins.

Nánar má lesa um FIT-verkjaplástra á síðunni: [isam.is/fitt-therapy](http://isam.is/fitt-therapy)

Ég hafði áður notað samskonar plástur vegna bakverkja sem einnig reyndist mér afar vel, segir Edda sem mælir með FIT verkjaplástrum.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR

FIT plásturinn er einfaldur í notkun. Hann er settur á svæðið þar sem verkurinn er verstur.

#### FIT PLÁSTRARNIR FÁST Í MÖRGUM STÆRDUM OG GERÐUM



FIT plásturinn er til í nokkrum útgáfum sem henta fyrir mismunandi svæði líkamans.

# Bætiefni nauðsynleg viðbót við efnaskiptaaðgerðir

Markmiðið með efnaskiptaaðgerðum er að bæta heilsu og lífsgæði en til þess að tryggja varanlegan árangur eftir aðgerð er nauðsynlegt að innbyrða mikilvæg bæti-efni ævilangt.

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) er offita eitt stærsta heilsufarsvandamál heims hjá fullorðnum. Aukin líkamsþyngd eykur líkur á ýmsum kvillum sem geta haft áhrif á líkamsstarfsemi og heilsufar. Þegar slíkt ógnar heilsu og aðrar leiðir til þess að missa aukþyngd hafa verið fullreyndar, þá gæti þurft að framkvæma svokallaða efnaskiptaaðgerð.

## Bætt heilsa og lífsgæði eftir efnaskiptaaðgerðir

Í efnaskiptaaðgerðum eru gerðar breytingar á meltingarvegi til þess að stuðla að þyngdartapi og breytingu á hormónum sem tengjast meltingu. Magi minnkar, upptaka næringarefna minnkar samhliða og tilfinning um svengd og seddu breytist. Breytingar sem slíkar sem gerðar eru á meltingarvegi geta þó haft þær afleiðingar að næringarskortur verður til eftir aðgerð, sérstaklega D-vítamín, B12-vítamín, kalk og járn. Til þess að tryggja varanlegan árangur eftir aðgerð er nauðsynlegt að breyta lífsstíl, huga að góðu mataræði og innbyrða nauðsynleg bæti-efni ævilangt. Markmið efnaskiptaaðgerða er að bæta heilsu og lífsgæði en eitt er þó víst að bæti-efni er mikilvægur þáttur til að takast á við daglegt amstur og uppfylla næringarþörf.

## Vítamín eru mikilvæg til frambúðar

Virgni vítamína á mannlíkaman eru margvísleg og hafa þau ýmis jákvæð áhrif á ónæmiskerfi, meltingu, vöxt og viðhald. Eftir efnaskiptaaðgerðir er nauðsynlegt að tileinka sér það að innbyrða nauðsynleg bæti-efni dag hvern til frambúðar en Better You vítamínin hafa slegið í gegn víða um heim og ekki að ástæðulausu þar sem mikið er lagt upp úr gæðum og að upptaka vítamína sé tryggð.

Vítamínin koma öll í formi munnúða sem tryggja góða upptöku í gegnum slímhúð í munni þar sem örsmáar sameindir frásogast hratt í gegnum slímhúð í munni og eiga þannig leið út í blóðrás líkamans. Það gerir það að verkum að vítamínin sniðganga meltingarveginn og eiga því meltingarónot sér ekki stað. Munnúðar sem slíkar eru einföld leið til að innbyrða vítamín og sérstaklega fyrir þá sem eiga erfitt með að kyngja töflum sem og þeim einstaklingum sem gangast undir efnaskiptaaðgerðir.

## Better You munnúðar tryggja vítamín-búskap

D-vítamín er nauðsynlegt til að nýta kalkið í líkamanum fyrir tennur og bein og hefur jafnframt áhrif á ónæmiskerfið. D3000 frá Better You er frábær kostur eftir efnaskiptaaðgerðir en ráðlagður dagskammtur í D3000 samsvavar ráðlögðum dagskammti eftir aðgerð samkvæmt ráðleggingum Landspítala. B12-vítamín er að auki mikilvægt eftir slíkar aðgerðir en það gegnir margvíslegu hlutverki í líkama okkar.

B12-vítamín er m.a. nauðsynlegt fyrir efnaskipti líkamans, viðheldur heilbrigði taugakerfis og á þátt í myndun rauðra blóðkorna. B12-vítamínið frá Better You hentar afar vel eftir aðgerð, en mikilvægt er að



Nína Björg Haraldsdóttir viðskiptafræðingur segir Better You munnúðana henta sér vel eftir aðgerðina og að hún finni mikinn mun á sér eftir að hún byrjaði að taka inn D3000- og B12-vítamín í munnúðaformi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**77** Munnúðarnir hafa hentað mér einstaklega vel eftir aðgerðina þar sem þeir fara ekki í gegnum meltingarveginn og valda ekki óþægindum.

Nína Björg

að viðhaldi eðlilegra beina og tanna. Ásamt því er mikilvægt að taka inn mikilvæg steinefni dagsdaglega.

**Better You munnúðar eftir magaermi hafa reynst afar vel** Nína Björg hefur gengist undir efnaskiptaaðgerð og deilir hér með okkur sinni reynslu á Better You munnúðum eftir aðgerð. „Í júlí síðastliðnum fór ég í magaermi, eftir slíka aðgerð er mjög mikilvægt að taka inn mikilvæg vítamín og steinefni dagsdaglega.

Þegar ég las mér til um munnúðana frá Better You ákvað ég að prófa og byrjaði að taka inn D3000 og er einnig byrjuð að taka inn B12-vítamín og hefur það gengið mjög vel og finn ég mikinn mun á mér. Munnúðarnir hafa hentað mér einstaklega vel eftir aðgerðina þar sem þeir fara ekki í gegnum meltingarveginn og valda ekki óþægindum. Að sama skapi finnst mér frábært hvað úðarnir eru einfaldir og þægilegir í notkun og ekki skemmir fyrir hvað þeir eru góðir á bragðið. Ég er mjög spennt að prófa mig áfram í fleiri tegundum.“

## Öll erum við ólík!

Vert er þó að muna að aðgerðir sem slíkar eru ekki lækning á ofþyngd, en allir sem gangast undir aðgerð þurfa að tileinka sér breytta lífshætti. Langtíma árangur næst einungis ef einstaklingar huga vel að eigin líkama og heilsu og taka inn mikilvæg bæti-efni til frambúðar sem og fara í reglulegt eftirlit. Að auki er hver og einn einstaklingur ólíkur og

**BetterYou**

**Aldrei eins gaman að taka inn VÍTAMÍN**

**B12 munnúða vitamin**

Söluastaðir: Apótek og almennar verslanir

fylgjast með réttum gildum og taka vítamínið eftir þörfum. Jafnframt er járníð frá Better You einstök blanda sem auðvelt er að notast við og að auki mikilvægt eftir aðgerðir en járn er m.a. nauðsynlegt fyrir súrefnisflutning

í líkamanum. Annar skortur eftir aðgerðir getur ýmist verið fölnýsýra, A-vítamín, kalk, sink og magnesíum en Calcium, Magnesium og Zinc blandan frá Natures

## Útsöluastaðir:

apótek,  
heilsubúðir og  
heilsuhillur  
stórmarkaðanna

Aid hentar vel eftir aðgerðir. Kalk og magnesíum er svo nauðsynlegt fyrir eðlilega starfsemi taugakerfisins ásamt því að stuðla

er því mismunandi hvað hentar þarf að einum en eftir aðgerð þarf að finna hvað hentar og læra inn á sinn eigin líkama. Alltaf er best að fá faglegt mat hjá næringarfræðingi eftir slíkar aðgerðir. ■

# Töfrar mjólkurpistils ótrúlegir

Tobba Marinósdóttir eigandi Granólabarsins kynntist Mjólkurpistli frá ICEHERBS í gegnum viðskiptavin. Síðan hefur hún boðið upp á mjólkurpistil samhliða safahreinsun á Granólabarnum.

Viðskiptavinurinn góði hafði sjálfur notað mjólkurpistil, samhliða safahreinsunum. Hann hafði heyrt af því að mjólkurpistill ýtti undir hreinsandi áhrifin og stakk því upp á því að Tobba byði upp á mjólkurpistil á Granólabarnum, sem hún rekur með móður sinni úti á Granda.

„Þegar fólk vill ná sem mestum „detox“ áhrifum er það mjög öflugt að para saman mjólkurpistilshylki frá ICEHERBS og taka tvö hylki á dag samhliða safahreinsun. Hylkin ein og sér virka hreinsandi en ef þú parar þau saman með safahreinsun, þá færðu enn öflugri niðurstöðu,“ segir Tobba. Hún segist í raun vera hissa á því að hún hafi ekki heyrt af töfrum Mjólkurpistils fyrr.

„Mjólkurpistill á sér langa hefð sem lækningajurt en hann inniheldur virka efnið Sylimarín sem örvar starfsemi lifrar og nýrna. En mjólkurpistillinn frá ICEHERBS inniheldur líka fjallagrös sem eru algjörir töfrar. Það er ástæða fyrir því að mamma og amma og langamma þræluðu þeim í sig. Það er af því þau gera gagn,“ segir hún.

Tobba segir að hreinsunaráhrifin séu ein jákvæð hlið mjólkurpistils, en önnur hlið sem hún hefur uppgötvað er að mjólkurpistill virkar mjög vel til að lágmarka eftirköst ef áfengi er haft um hönd.

„Ég gerði hávísindalega rann-



Tobba Marinós segist hissa á að hafa ekki heyrt af töfrum mjólkurpistils fyrr.

MYND/ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR

sókn um daginn þegar ég lét 24 konur taka mjólkurpistil kvölds og morgna í skemmtiferð, til að koma í veg fyrir lágskýjun daginn eftir að skálað var. Þær komu allar órispaðar úr þeirri ferð,“ segir Tobba og hlær.

## Náttúrulegt bætiefni

Sylimarín, virka efnið í mjólkurpistli er talið hafa góð áhrif á lifur og nýru. Efni úr Mjólkurpistli eru talin hjálpa lifrinni við myndum nýrra lifrarfruma og vera þannig náttúruleg hreinsun fyrir lifrina.

Þá hefur plantan andoxunavirkni og er þekkt fyrir að hjálpa við að losa óæskileg efni úr líkamanum til dæmis eftir áfengisneyslu.

Mjólkurpistillinn frá ICEHERBS inniheldur líka íslensk fjallagrös sem eru þekkt sem ginseng Íslands og ekki að ástæðulausu. Þau innihalda betaglúkántrefjar sem taldar eru geta hjálpað til við þyngdartap, að bæta meltingu og styrkja þarmana. Fjallagrös eru rík af steinefnum, einkum járn og kalsíum, og bera í sér fléttuefni sem talið er að hindri óæskilegar

bakteríur. Fjallagrös eru einnig talin hjálpa til við að draga úr bjúg.

Bætiefni frá ICEHERBS eru hrein og náttúruleg. Lögð er áhersla á að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar innihaldsefnanna viðhaldi sér að fullu. Vörurnar eru framleiddar á Íslandi og innihalda engin óþarfa fylliefni. ■

Ég gerði hávísindalega rannsókn um daginn þegar ég lét 24 konur taka mjólkurpistil kvölds og morgna í skemmtiferð, til að koma í veg fyrir lágskýjun daginn eftir að skálað var.

Tobba Marinós

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum, heilsuvöruverslunum og glæsilegri vefverslun [iceherbs.is](http://iceherbs.is).



# Ferðalag um óravíddir tónlistar og vísinda

Sendum tónlist út í geim! er þátttökuverkefni sem hefst í dag í Hörpu í Reykjavík og er ætlað börnum. Boðið verður upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá.

starri@frettabladid.is

Verkefnið Sendum tónlist út í geim! hefst með fjölskyldudagskrá í Hörpu í Reykjavík í dag, laugardaginn 10. september, en um er að ræða nýtt og skemmtilegt þátttökuverkefni fyrir börn. Viðburðurinn mun marka upphaf ferðalags sem mun standa yfir næsta misserið, ferðalag um óravíddir tónlistar og vísinda sem teygir anga sína út í geim og aftur heim að sögn Sigríðar Sunnu Reynisdóttur, listræns stjórnanda ÞYKJÓ.

„Þetta verkefni er innblásið af Gullplötunni „Sounds of Earth“ sem var fest á Voyager geimflugarnar sem NASA sendi í könnunarferð um alheiminn árið 1977.

Gullplatan var stútfull af tónlist, hljóðum, kveðjum og myndefni til að kynna mannkyn og líf á jörðinni, ætlað geimverum sem kynnu að rekast á flaugarnar. Hugmyndin er að gefa börnum og fjölskyldum tækifæri til að glugga í efnið á Gullplötunni með fjölbreyttum hætti.“

## Fjölbreyttir samstarfsaðilar

Verkefnið er styrkt af Barnamenningsjóði. ÞYKJÓ hönnunarteymi leiðir verkefnið og Harpa er aðalbækistöðin. „Þar að auki eru samstarfsaðilarnir Vísindasmíðjan, tónlistarkonan Sóley Stefánsdótt-



Sigríður Sunna Reynisdóttir (t.v.), listrænn stjórnandi ÞYKJÓ og Ingibjörg Friða Helgadóttir, verkefnastjóri barnamenningsarinnar í Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Gullplatan var stútfull af tónlist, hljóðum, kveðjum og myndefni til að kynna mannkyn og líf á jörðinni.

send út í geim og sumir hafa kallað metnaðarfyllsta flöskuskeyti mannkyns.

Í kjölfarið verða skapandi listsmíðjur í boði; geimverugrímsmíðja með ÞYKJÓ og teiknismíðja með myndasöguhöfundinum Halldóri Baldurssyni. Boðið verður upp á tvo tónlistarviðburði. Annars vegar mun Sóley Stefánsdóttir bjóða gestum að loka augunum og skoða sig um á jörðinni með eyrunum á meðan hún leikur með hljóð sem voru valin á Gullplötuna. Hins vegar mun tónlistarteymið Ingibjörg og Siggí bjóða upp á tónlistarsmíðju þar sem við hlustum á lögin sem voru valin á Gullplötuna og máttum okkur við þau. Dagný Arnalds býður svo gestum og gangandi að taka upp kveðjur til að senda út í geim.“

## Lokahátíð í Hörpu í vor

Verkefnið mun í kjölfarið flakka um skóla víða um land segja Sigríður og Ingibjörg. „Með vorinu verður svo lokahátíð í Hörpu þar sem við fáum að sjá og heyra hvað krakkar á Íslandi myndu setja á sína eigin Gullplötu fyrir geimverur ef þau fengu að velja.“ Viðburðurinn hefst kl. 11 í dag í Hörpu og aðgangur er ókeypis. Sjá nánar á [gullplatan.is](http://gullplatan.is). ■



Sendum tónlist út í geim! verður haldin í Hörpu í dag.

AÐSEND/HALLDÓR BALDURSSON



Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá í Hörpu í dag.

AÐSEND/HALLDÓR BALDURSSON



Hönnunarteymið ÞYKJÓ leiðir verkefnið Sendum tónlist út í geim!

AÐSEND/HALLDÓR BALDURSSON

land allt,“ bætir hún við.

## Margt spennandi í boði

Viðburðurinn skiptist í nokkra hluta og hefst leikurinn kl. 11 með Stjörnu-Sævari sem kynnis

geimævintýrið sem Voyager leiðangurinn var segir Ingibjörg Friða Helgadóttir, verkefnastjóri barnamenningsarinnar í Hörpu. „Sævar segir okkur frá þessari stórmerkilegu Gullplötu sem var



# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands\*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

\*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára



## Þrjú ný og spennandi störf

Hjá Heilsuvernd er vinnuumhverfið sveigjanlegt og í örur vexti og þróun. Við leitum að einstaklingum sem hafa jákvæðni og góð samskipti að leiðarljósi, eru sjálfstæðir í vinnubrögðum en vilja jafnframt vera hluti af öflugum teymi.



### ■ Heilbrigðisgagnafræðingur

Gott tækifæri til að byggja upp nýtt starf þar sem áhersla er á gott skipulag, samskiptahæfni og lipurð í sveigjanlegu starfsumhverfi.

Starfshlutfall er 80-100%.

#### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Sérhæfð verkefni, gæðaskráning, upplýsingagjöf, gagnavinnsla og frágangur
- Verkefnaumsýsla
- Afleysing móttökurita
- Önnur tilfallandi verkefni

#### Menntunar- og hæfnikröfur

- Íslenskt starfsleyfi sem heilbrigðisgagnafræðingur
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Þjónustulund, jákvæðni og lipurð í samskiptum

### ■ Klínískur lyfjafræðingur

Gott tækifæri til byggja upp nýtt starf, vinna að nýjum hugmyndum og framþróun í vaxandi starfsemi.

#### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Þróun á nýju starfi klínískis lyfjafræðings
- Lyfjarýni (medication review) skjólstæðinga
- Lyfjasaga (medication reconciliation) við flutning milli heilbrigðisstiga (transitions of care)
- Eftirlit með hááhættusömum lyfjum (high risk medication)
- Styðja við notkun klínískra leiðbeininga
- Svvara lyfjatengdum fyrirspurnum lækna og hjúkrunarfræðinga
- Fræðsla fyrir starfsmenn

#### Menntunar og hæfnikröfur:

- MS-próf í klínískri lyfjafræði
- Starfsleyfi sem lyfjafræðingur á Íslandi
- Starfsreynsla sem klínískur lyfjafræðingur kostur

### ■ Verkefnastjóri gæða og umbóta

Gott tækifæri fyrir einstakling með brennandi áhuga á gæðamálum og umbótameningu. Viðkomandi mun byggja upp og leiða gæða- og umbótastarf þvert á starfseiningar Heilsuverndar í samstarfi við framkvæmdastjórn félagsins.

#### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Gæða- og umbótastarf og umsjón með gæðaúttektum
- Þátttaka í stjórnun, stefnumótun og innleiðingu breytinga
- Ábyrgð á fræðslu til starfsmanna varðandi gæðamál og umbætur
- Ferlagreining – endurskoðun, innleiðing og utnumhald verkferla
- Úttektar og umbótaverkefni

#### Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af gæða- og umbótastarfi
- Reynsla af gæðastarfi í heilbrigðisgeiranum er kostur
- Vottun í verkefnastjórnun er kostur
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Drifkraftur, jákvæðni og lipurð í samskiptum

#### Um Heilsuvernd:

Hjá Heilsuvernd og dótturfélögum starfar öflugt teymi sérfræðinga sem sinna fjölbreyttum störfum á sviði heilbrigðisþjónustu. Markmið Heilsuverndar er að hafa jákvæð áhrif á lífsgæði fólks og efla heilbrigði og vellíðan.

Heilsuvernd er starfrækt í björtu og nýju húsnæði á besta stað við Elliðaárdalinn.

Starfsandi og aðstaða er til fyrirmyndar og við höfum metnað til að bjóða upp á framúrskarandi þjónustu við alla sem til okkar leita.

#### Nánari upplýsingar um störfin veitir

Elín Hjálmsdóttir, framkvæmdastjóri mannaúts- og markaðsmála elin@hv.is

Tekið er á móti umsóknum á heimasíðu Heilsuverndar [www.hv.is](http://www.hv.is).

Umsóknarfrestur er til og með 22. september.

## Framkvæmdastjóri

Samtök fjármálafyrirtækja óska eftir að ráða framkvæmdastjóra með forystuhæfileika og lipurð í mannlegum samskiptum. Við viljum öflugan talsmann sem þekkir fjármálaumhverfið vel og getur unnið markvisst að því að umgjörð fyrir starfsemi fjármálafyrirtækja á Íslandi sé samkeppnishæf og skilvirk.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Tengsl í atvinnulífinu
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Frábær liðsstjórnandi
- Góð færni í að tjá sig í ræðu og riti
- Góð tungumálakunnátta, a.m.k. enska og eitt Norðurlandamál



Sótt er um starfið á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með 21. september nk.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem, [sverrir@hagvangur.is](mailto:sverrir@hagvangur.is).



Samtök fjármálafyrirtækja

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) eru hagsmunasamtök 25 íslenskra fjármálafyrirtækja og váttryggingafélaga. SFF er aðili að Samtökum Atvinnulífsins. Tilgangur samtakanna er að stuðla að skilvirkri, hagkvæmri, öruggri og samkeppnishæfri umgjörð fyrir starfsemi aðildarfyrirtækja sinna og efla virka samkeppni, neytendavernd, skilning og almenna þekkingu á hlutverki og starfsemi fjármálafyrirtækja. SFF eru aðilar að Evrópsku bankasamtökunum (EBF) og Samtökum evrópskra tryggingafélaga (Insurance Europe) ásamt því að vera virk í ýmsum nefndum og starfshópum.

# ERT ÞÚ MEGA MANNAUÐSSTJÓRI?

Domino's á Íslandi leitar að öflugum mannauðsstjóra til þess að leiða einstakan hóp starfsmanna hjá einu stærsta veitingafyrirtæki landsins. Um er að ræða krefjandi starf í líflegu umhverfi þar sem ávallt er nóg um að vera.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Yfirumsjón og stjórnun mannauðsmála.
- Ráðningar, móttaka nýliða og nýliðaþjálfun í samstarfi við stjórnendur.
- Stefnumótun, ábyrgð á þróun og eftirfylgni mannauðsstefnu.
- Hagnýting mannauðsmælikvarða sem styðja við ákvarðanatöku.
- Umsjón með árangursmælingum og könnunum m.a. vegna helgunar starfsfólks.
- Ábyrgð á þróun, innleiðingu og nýsköpun á sviði mannauðsmála.
- Yfirumsjón með fræðslumálum.
- Ábyrgð á jafnlaunastaðli og eftirfylgni.

## Hæfniskröfur


- Háskólanám sem nýtist í starfi.
- Haldgóð reynsla af mannauðsmálum.
- Framúrskarandi samskiptafærni og jákvætt viðhorf.
- Frumkvæði og fagleg vinnubrögð.
- Drifkraftur og metnaður til að ná árangri.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. september næstkomandi.**

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. **Sótt er um starfið á [www.vinnvinn.is](http://www.vinnvinn.is)**

**Umsjón með starfinu hafa:** Hilmar G. Hjaltason ([hilmar@vinnvinn.is](mailto:hilmar@vinnvinn.is)) og Hildur J. Ragnarsdóttir ([hildur@vinnvinn.is](mailto:hildur@vinnvinn.is)).

**vinn  
vinn**



## Um Domino's

Fyrsta verslun Domino's Pizza á Íslandi var opnuð þann 16. ágúst 1993 að Grensásvegi 11 í Reykjavík og fyrirtækið hefur vaxið ört síðan þá. Í dag rekur Domino's Pizza 23 verslanir hér á landi. Ellefu þeirra eru í Reykjavík, ein í Garðabæ, Mosfellsbæ og tvær í Kópavogi, Hafnarfirði og í Reykjanesbæ. Auk þess er einn staður á Akureyri, Akranesi og á Selfossi.

Domino's er leiðandi fyrirtæki á veitinga- markaði og starfa hjá félaginu um 500 starfsmenn. Lögð er áhersla á að vera úrvals vinnustaður, ekki síst fyrir ungt fólk og mikil áhersla á fræðslu ásamt því að gefa starfsfólki tækifæri á að þróast áfram í starfi. Margir af lykilstjórnendum félagsins í dag hófu störf sem almennir starfsmenn.



**Skipulagsstofnun**

## Sérfræðingur í skipulagsgerð og staðarmótun

*Skipulagsstofnun sinnir stefnumótun, stjórnsýslu og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi. Stofnunin vinnur í víðtæku samráði við sveitarfélög, önnur stjórnvöld og hagsmunaaðila.*

*Skipulagsstofnun starfar á grundvelli skipulagslaga, laga um skipulag haf- og strand-svæða, laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um umhverfismat áætlana og heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið.*

*Hjá stofnuninni ríkir góður starfsandi og í boði er góð starfsaðstaða. Nánari upplýsingar má finna á [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is).*

**Skipulagsstofnun** óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa við fjölbreytt verkefni í skipulagsmálum með áherslu á aðal- og svæðisskipulag.

Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á að takast á við fjölbreytt viðfangsefni og getu til að leysa verkefni bæði sjálfstætt og í samvinnu við aðra.

### Helstu verkefni:

- Ráðgjöf og leiðbeiningar um skipulagsgerð sveitarfélaga, sérstaklega varðandi gerð og afgreiðslu aðal- og svæðisskipulags.
- Ýmis verkefni við stefnumótun, miðlun, leiðbeiningar og kynningarmál um skipulagsmál, sérstaklega tengt gerð aðal- og svæðisskipulags.
- Þátttaka í vinnu við þróun leiðbeininga, laga og reglugerða á sviði skipulagsmála.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, svo sem á sviði borgarhönnunar, arkitektúrs eða skipulagsfræði.
- Þekking eða reynsla sem nýtist í starfi er æskileg.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu á sviði skipulagsmála.
- Færni í notkun landfræðilegra upplýsingakerfa.
- Hæfni til að hagnýta þekkingu og reynslu í ólíkum verkefnum.
- Frumkvæði, skapandi hugsun og metnaður til að ná árangri.
- Færni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.
- Nákvæmni og ögun í vinnubrögðum.
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. september nk.**

Sótt er um starfið á [www.vinnvinn.is](http://www.vinnvinn.is).

**Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir ([audur@vinnvinn.is](mailto:audur@vinnvinn.is)) og Hildur J. Ragnarsdóttir ([hildur@vinnvinn.is](mailto:hildur@vinnvinn.is)).**

**vinnvinn**  
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



# Viltu vera í Vinnvinn teyminu?

Árangur og farsæld viðskiptavina og samstarfsaðila er lykilatriði í okkar velgengni og það sem við brennum fyrir. Við erum þekkt fyrir að skapa virði, veita faglega ráðgjöf og sérfræðipækkingu.

Með skapandi nálgun og starfsgleðina að vopni leitum við sífellt betri leiða að bættum árangri fyrir samstarfsaðila okkar.

Við höfum þrjú grunngildi sem skilgreina hver við erum og hvað við gerum:

Ástríða – Árangur – Sköpunargleði.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hefur Jensína K. Böðvarsdóttir ([jensina@vinnvinn.is](mailto:jensina@vinnvinn.is)) hjá Vinnvinn.

Við hjá Vinnvinn hlökkum til að mæta í vinnuna alla daga vikunnar vegna þess að við elskum það sem við gerum. Nú leitum við að ráðgjafa sem hefur brennandi áhuga á fólki, er lipur í samskiptum og hefur metnað til að ná árangri í starfi. Svona eins og við! Árangur annarra er okkar velgengni svo við leggjum gríðarlegan metnað í okkar starf.

## Starfssvið:

- Mat og greining á umsækjendum, viðtöl og umsagnaleit.
- Ráðgjöf við stjórnendur í fyrirtækjum og innan stjórnsýslu á sviði ráðninga.
- Fyrirlögn og túlkun persónuleikamats, hæfnisprófa og verkefna.
- Eftirfylgni ráðninga.
- Ráðgjöf til einstaklinga í atvinnuleit.
- Önnur tilfallandi verkefni á sviði ráðninga.

## Hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Ástríða fyrir fólki.
- Brennandi áhugi á mannauðs- og vinnumarkaðsmálum.
- Lipurð og framúrskarandi samskiptahæfileikar og hæfni til að vinna í teymi.
- Árangursdrifni, frumkvæði og drifkraftur.
- Ögun í vinnubrögðum og sveigjanleiki.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli.

Umsóknarfrestur er til og með 20. september nk.

Sótt er um starfið á [www.vinnvinn.is](http://www.vinnvinn.is).



# Sérfræðingar í netöryggissveitina

CERT-ÍS er netöryggissveit á vegum Fjarskiptastofu. Sveitin hóf formlega starfsemi árið 2013.

Helstu verkefni netöryggissveitarinnar CERT-IS er ástandsvitund um stöðu netöryggismála ásamt atvikameðhöndlun þegar netatvik verða. Með sjálfstæðri skipulagseiningu netöryggissveitarinnar er verið að tryggja sjálfstæða úrvinnslu upplýsinga og atvika í fullum aðskilnaði frá öðrum sviðum.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og settur fram rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Jensína Kristín Böðvarsdóttir ([jensina@vinnvinn.is](mailto:jensina@vinnvinn.is)) og Garðar Ó. Ágústsson ([gardar@vinnvinn.is](mailto:gardar@vinnvinn.is)).

CERT-ÍS hefur það hlutverk að fyrirbyggja, draga úr og bregðast við hættu vegna netárása eða hliðstæðra öryggisatvika í þeim tölvu- og netkerfum sem falla undir starfssvið hennar. Sveitin leitast við að greina atvik af þessu tagi, takmarka útbreiðslu þeirra og tjón af þeirra völdum. Einstakt tækifæri til að hafa bein áhrif á netöryggi Íslands til framtíðar.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Þátttaka í atvikameðhöndlun CERT-ÍS.
- Þróa og taka þátt í netöryggisæfingum.
- Þátttaka í innlendu og alþjóðlegu samstarfi um netöryggismál.
- Ráðgjöf og upplýsingagjöf varðandi netöryggismál.
- Náin samvinna með sviðshópum CERT-ÍS.
- Vinna við atvika-, veikleika- og búnaðargreiningu.

## Hæfniskröfur

- Háskólanám sem nýtist í starfi, t.d. á sviði verk- eða tölvunarfræði eða víðtæk reynsla af netöryggi.
- Brennandi áhugi á upplýsingaöryggi og upplýsingatækni.
- Reynsla af netöryggi kostur.
- Reynsla af atvikagreiningu tengd upplýsingatækni er kostur.
- Gott vald á íslensku og ensku, og búa yfir ríkulegri samskiptafærni meðal annars að geta miðlað tæknilegum upplýsingum.
- Samstarfshæfni, jákvætt viðhorf og eiga auðvelt með að vinna í hóp.
- Hæfni til ákvarðanatöku við flóknar og krefjandi aðstæður.
- Góður skilningur á upplýsingatækni og geta til að meta upplýsingar með tilliti til áhættu og áhrifa.

Áhugasamir einstaklingar eru hvattir til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsóknarfrestur er til og með 20. september nk.

Sótt er um starfið á [www.vinnvinn.is](http://www.vinnvinn.is).





**blómaval**  
**FYRIR ÞIG**

Ert þú með græna finger?

Skannaðu kóðann og skoðaðu starfið

Við leitum er að vandvirkum aðila með frjóa hugsun til þess að bætast í hóp öflugra starfsmanna Blómavals í Skútuvogi.

Í Blómavali starfar samheldinn hópur sem hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu og að aðstoða viðskiptavini okkar við að fegra heimili sitt og umhverfi. Um er að ræða spennandi starf í lifandi og litríku umhverfi þar sem helstu verkefni eru sala og þjónusta við viðskiptavini, vöruframsetning og önnur almenn verslunarstörf.

Starfið hentar öllum kynjum og áhugasöm eru hvött til að sækja um.

### Hæfniskröfur:

- Starfsreynsla úr blómaverslun og af sölustörfum er kostur
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi, jákvæðni og heiðarleiki í starfi
- Gott vald á íslensku

Nánari upplýsingar um starfið gefur Dána Allansdóttir á [diana@blomaval.is](mailto:diana@blomaval.is)



Umsóknarfrestur er til og með 25. september.  
Sótt er um starfið á [www.husa.is/laus-storf/](http://www.husa.is/laus-storf/)



**PROTOCOL ASSISTANT**

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Protocol Assistant lausa til umsóknar. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: <https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/> Umsóknir skulu sendar í gegnum Electronic Recruitment Application (ERA)

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Protocol Assistant. Application instructions and further information can be found on the Embassy's home page: <https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/> Applications must be submitted through Electronic Recruitment Application (ERA)



intellecta.is

**RÁÐNINGAR**

RIKISKAUP  
ADILLAÐ RAMMASAMINGI

intellecta




**Viltu vera samferða okkur?**

## Eftirlitsmaður í lofthæfi- og skrásetningardeild

Samgöngustofa óskar eftir að ráða eftirlitsmann í lofthæfi- og skrásetningardeild. Í starfinu felst m.a. skrásetning loftfara, lofthæfi þeirra og flugtæknilegra framleiðsluvara. Eftirlitsmaður sér einnig um vottun og eftirlit með fyrirtækjum sem annast viðhald og viðhaldsstýringu sem og þeim er annast kennslu flugvéltækna. Í starfinu getur auk þess fallist mat á umsóknum og afgreiðsla skirteina og tegundaáritana til flugvéltækna. Starfshlutfall er 100%.

Í boði er spennandi starf á eftirsóknarverðum og framsæknum vinnustað í alþjóðlegu umhverfi. Við byggjum á liðsheimild og bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.

Nánari upplýsingar um störfina: [www.samgongustofa.is/storf](http://www.samgongustofa.is/storf)

Umsóknarfrestur er til 19. september 2022.

# Tengiliður við umboðsmenn



Endurvinnslan hf. óskar eftir að ráða drífandi og sveigjanlegan einstakling til að sinna stöðu tengiliðs við umboðsmenn. Umboðsmenn sjá um móttöku skilaskyldra drykkjarumbúða og eru 55 talsins, staddir víðs vegar um landið. Viðkomandi þarf að búa yfir framúrskarandi samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

## Helstu verkefni og ábyrgð:

- Samskipti og viðskiptatengsl við umboðsmenn
- Ráðgjöf til umboðsmanna
- Upplýsingamiðlun og kynning á starfsemi
- Utanumhald og skipulagning verkefna í tengslum við umboðsmenn
- Uppgjör verkefna

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Þjónustulund og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta, nákvæmni og skipulagshæfni
- Drifkraftur, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð íslensku og enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með **26. september 2022**. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf henni að fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Endurvinnslan hf. var stofnuð árið 1989 og rekur skilakerfi fyrir drykkjarumbúðir. Ástæða stofnunar fyrirtækisins var náttúru- og umhverfisvernd þó vonir stæðu til að hægt yrði að endurvinna umbúðirnar sem smám saman varð að veruleika.

Endurvinnslan sér um móttöku, ásamt umboðsmönnum sínum, allra einnota drykkjarvöruumbúða héraendis, greiðir út skilagjald, undirbýr til útflutnings og selur til endurvinnslu u.þ.b. 1200 tonn af áli á ári og 1.400 tonn af plasti.

Hjá Endurvinnslunni starfa 30 starfsmenn. Nánari upplýsingar má finna á: [www.endurvinnslan.is](http://www.endurvinnslan.is).

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Svava Sandholt ([sigridur@intellecta.is](mailto:sigridur@intellecta.is)) í síma 511 1225.

**intellecta**  
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

# Sölumaður/viðskiptastjóri



Katla matvælaíðja óskar eftir að ráða drífandi sölumann/viðskiptastjóra á fagsviði (B2B).

## Helstu verkefni og ábyrgð:

- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Samstarf og samskipti við erlenda birgja
- Umsjón með innkaupum
- Þátttaka í vörubrúun
- Tilboðsgerð

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegum sölumálum
- Starfsreynsla og/eða menntun innan matvælaíðnaðar er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfni, þjónustulund og frumkvæði
- Metnaður, sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfni
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með **26. september 2022**. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf henni að fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og færni viðkomandi til að gegna starfinu. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Katla er fjölskyldufyrirtæki stofnað árið 1954. Frá stofnun fyrirtækisins höfum við lagt áherslu á gæðavörur fyrir neytendur, en fyrirtækið sérhæfir sig einnig í framleiðslu og þróun lausna fyrir bakarí, kjötiðnað og fiskiðnað.

Starfsfólk okkar er hjarta fyrirtækisins sem veitir viðskiptavinum okkar persónulega og góða þjónustu með fókusi á að byggja upp traust langtímasambönd.

Nánari upplýsingar má finna á: [www.katla.is](http://www.katla.is).

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Svava Sandholt ([sigridur@intellecta.is](mailto:sigridur@intellecta.is)) í síma 511 1225.

**intellecta**  
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGAR  
RANNSÓKNIR



**intellecta**

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • [intellecta.is](http://intellecta.is)



**HÚSASMÍÐJAN**  
**FYRIR ÞIG**

Drífandi  
söluráðgjafi

Skannaðu kóðann  
og skoðaðu starfið

Við leitum að söludrifnum einstaklingi sem hefur mikla þjónustulund, sýnir frumkvæði í starfi, er lausnamiðaður og býr yfir góðum samskiptahæfileikum til þess að bætast í öflugan hóp starfsfólks Húsasmiðjunnar í Skútuvogi. Um er að ræða fjölbreytt starf söluráðgjafa í gólfefna- og hreinlætistækjadeild.

### Helstu verkefni:

- Ráðgjöf, sala og þjónusta til viðskiptavina
- Tilboðsgerð og eftirfylgni
- Önnur tilfallandi verkefni

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bjarki Þór Árnason, rekstrarstjóri Húsasmiðjunnar í Skútuvogi á [bjarkia@husa.is](mailto:bjarkia@husa.is).

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi - iðmenntun kostur
- Þekking af gólfefnum og hreinlætistækjum er kostur
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhugi á verslun og þjónustu
- Stundvísi, jákvæðni og heiðarleiki í starfi
- Gott vald á íslensku
- Almenn tölvukunnátta



Umsóknarfrestur er til og með 25. september.  
Sótt er um starfið á [www.husa.is/laus-storf/](http://www.husa.is/laus-storf/)  
Starfið hentar öllum kynjum og áhugasöm eru hvött til að sækja um.



### Waldorfskólinn Sólstafir í Reykjavík

Eftirfarandi staða eru laus til umsóknar við skólann frá 1. október:

#### Staða raungreinakennara á unglíngastigi. 100% staða.

Waldorfskólinn er sjálfstætt rekinn grunnskóli sem starfar eftir aðferðafræði þar sem skapandi og heildræn nálgun á nám og kennslu er höfð að leiðarljósi.

Við leitum eftir metnaðarfullum kennara sem hefur áhuga og eldmóð til að afla sér frekari þekkingar og/eða menntunar til að starfa í anda skólafestunnar.


#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Faglegur metnaður og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla og áhugi á að starfa með börnum.

#### Umsóknarfrestur er til 25. september.

Nánari upplýsingar um störfín eru veittar í síma 5771110 og á [solstafir@waldorf.is](mailto:solstafir@waldorf.is)

Upplýsingar um skólustarfið er að finna á heimasíðu skólans [www.waldorf.is](http://www.waldorf.is)



**Brennur þú fyrir þjónustu?**

## Tjónafulltrúi í ferðatjónum

Brennur þú fyrir þjónustuveitingu og samskiptum? Átt þú gott með að vinna í teymi fólks sem sinnir fjölbreyttum og ólíkum verkefnum frá degi til dags? Á spennandi tímum leitar Vörður að öflugum liðsauka í teymi þeirra sem sinna ferðatjónum.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Þjónusta við viðskiptavinum félagsins í tengslum við ferðatjón
- Samskipti við erlenda þjónustuaðila
- Skráning og gagnaöflun
- Úrvinnsla gagna og uppgjör tjóna

### Hæfniskröfur

- Frumkvæði, þjónustulipurð og fagmennska
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði í töluðu og rituðu máli
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að greina tækifæri til umbóta og skilvirkni
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum

Við hvetjum alla þá sem áhuga kunna að hafa á starfinu til að sækja um en viðkomandi þarf að hafa viðeigandi háskólamenntun og/eða reynslu sem nýtist í starfi. Tekið er á móti umsóknum á ráðningavef félagsins á [vordur.is](http://vordur.is). Nánari upplýsingar veitir Ingunn Þorvarðardóttir teymisstjóri, [ingunn@vordur.is](mailto:ingunn@vordur.is) eða Hrefna Kristín Jónsdóttir, framkvæmdastjóri tjónaþjónustu [hrefna@vordur.is](mailto:hrefna@vordur.is).

Umsóknarfrestur er til 15. september 2022

Vörður hlaut hvatningarverðlaun jafnréttismála 2021 með áherslu á kynjajafnrétti og hvatningarverðlaun fyrir framúrskarandi samfélagsábyrgð 2020 frá Creditinfo og Festu. Vörður er jafnlaunavottað fyrirtæki frá árinu 2014.

Við bjóðum metnaðarfullt starfsumhverfi, jákvæðan og hvetjandi starfsanda þar sem fólk er hvatt til að eiga opin og hreinskiptin samskipti og taka virkan þátt í verkefnum sem og eigin starfsþróun.

# Sérfræðingar

Vegna aukinna verkefna viljum við bæta öflugu og metnaðarfullu starfsfólki í hópinn okkar. Við viljum jákvæða einstaklinga sem sýna frumkvæði og sjálfstæði í starfi. Verkefnin okkar byggja að miklu leyti á teymisvinnu sem krefst góðrar samskiptahæfni innanhúss sem utan.

Nánari upplýsingar um störfin eru á [umsokn.verkis.is](https://umsokn.verkis.is)

## HÖNNUÐUR VEGA OG STÍGA

Fjölbreytt verkefni tengd samgöngu-mannvirkjum, s.s. hönnun vega, gatna og göngu- og hjólastíga sem eru staðsett í þéttbýli jafnt sem dreifbýli, bæði hér á landi sem erlendis.

## SÉRFRÆÐINGUR Í SJÁLFBÆRNI

Verkefnin eru á sviði sjálfbærni bygginga og innviða, þ.m.t. lífsferilsgreiningar (LCA) og umhverfissvottanir s.s. BREEAM, greiningar og aðgerðir vegna vistspora, hringrásarhagkerfis og loftslagsmála.

## TÆKNITEIKNARI

Aðstoða hönnuði við gerð teikninga og þrívíddarlíkana í AutoCAD, Civil3D og Revit ásamt útgáfu og utanumhaldi teikninga og teikningaskráa.

## HÖNNUÐUR HAFNARMANNVIRKJA

Fjölbreytt verkefni á sviði hafnarframkvæmda sem fela í sér ýmis konar greiningar tengdar fyrirkomulagi og hönnun hafnarmannvirkja.

## SÉRFRÆÐINGUR Í HÖNNUN STJÓRNKERFA

Hönnun stjórnkerfa í virkjunum, tengivirkjum, veitukerfum og iðnaði ásamt prófunum og gangsetningu kerfa.

## BYGGINGAHÖNNUÐUR

Fjölbreytt hönnunarverkefni, gerð kostnaðaráætlana og eftirlit í verkefnum á sviði virkjana, veitna og iðnaðar.

## SÉRFRÆÐINGUR Í UMHVERFISMATI FRAMKVÆMDA

Verkefnin tengjast umhverfismati framkvæmda s.s. gerð matsskýrsla og matskyldufyrirspurna, túlkunar á rannsóknnum og sérfræðiskýrslum sem og öðrum verkefnum sem varða umhverfi og samfélag.

## HÖNNUÐUR VATNS- OG HITAVEITNA

Verkefnin felast m.a. í lagnahönnun, kerfisgreiningum, hönnun veitumannvirkja og samræmingarhönnun veitustofnana í þverfaglegri teymisvinnu þar sem löggö er áhersla á sjálfbærni.

## VERKEFNASTJÓRI

Starfið felst í verkefnastjórn og skipulagningu fjölbreyttra verkefna á sviði hönnunar og framkvæmda þar sem löggö er áhersla á árangursrík samskipti.

## SÉRFRÆÐINGUR Í INNKAUPUM OG SAMNINGAGERÐ

Utanumhald útboðsferla fyrir stór verkefni og aðstoð við gerð samninga fyrir viðskiptavinum, bæði á íslensku og ensku ásamt skipulagningu verkefna og kostnaðargát.

## SKJALASTJÓRNUN (E. DOCUMENT CONTROL)

Starfið felst í utanumhaldi og eftirfylgni á skjölum í stærri verkefnum og samskiptum við hönnuði og verkkaupa. Vinnan fer fram með notkun skjalastjórnunarkerfis Verkis og á ýmsum verkefnavefum.

## VIÐ BYGGJUM SAMFÉLÖG

VERKÍS veitir trausta ráðgjöf sem styður við uppbyggingu sjálfbærra samfélaga. Við höfum mikla þekkingu á sviði vistvænnar hönnunar og erum leiðandi á heimsvísu þegar kemur að grænni orkuvinnslu og nýtingu jarðvarma. Við vinnum að sjálfbærni verkefnum víða um heim, þar sem við byggjum upp sjálfbær samfélög með því að hafa sjálfbærni alltaf í huga við ákvarðanatöku – allt frá fyrstu hugmynd til förgunar.

Nánari upplýsingar veitir

Áslaug Ósk Alfæðsdóttir, sérfræðingur í mannauðsmálum, [aoa@verkis.is](mailto:aoa@verkis.is)

Umsóknarfrestur er til og með 20. september 2022. Sótt er um á [umsokn.verkis.is](https://umsokn.verkis.is)



# Viltu vinna með okkar yngsta og besta fólki?

**Kennarar og leiðbeinendur óskast á leikskóla í Kópavogi.**

**Kópavogsbær rekur 19 leikskóla og auglýsir eftir öflugu starfsfólki.**

Kópavogsbær er barnvænt samfélag þar sem mikill metnaður er lagður í faglegt og framsækið starf innan leikskólanna. Áhersla er lögð á öryggi, samvinnu, gæði og gleði starfsins innan leikskólanna, börnum og starfsfólki til heilla.

Starfsfólk í leikskólum fær hvatningu og aðstoð við að auka menntun sína til að eflast enn frekar í starfi.

Lögð er áhersla á að taka vel á móti starfsfólki og veita því markvissa þjálfun þannig að því líði vel í starfi og nái góðum tókum á því. Allt fastráðið starfsfólk Kópavogsbæjar fær líkamsræktarstyrk.

Fjölbreytt störf eru í boði í leikskólum Kópavogsbæjar.

**Nánar um leikskólana og störfin á:**

<https://leikskolar-kopavogsbaer.alfred.is>



**Kópavogsbær**

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

Sjóvá

## Forstöðumaður reikningshalds

Við leitum að metnaðarfullum stjórnanda í **starf forstöðumanns reikningshalds**. Um er að ræða starf sem felur í sér fjölbreytt og krefjandi verkefni, sem og tækifæri til að starfa með öflugu teymi sérfræðinga og stjórnenda.

Hjá Sjóvá starfar kraftmikill og samhentur hópur starfsfólks sem leggur sig fram um að veita viðskiptavinum afburðaðþjónustu. Við erum efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvöginni og kannanir sýna að starfsánægja hjá okkur er með því mesta sem mælist hérlandis.

440 2000

### Helstu verkefni og ábyrgð eru:


- › daglegur rekstur og starfsmannahald reikningshalds
- › fjárhagsleg uppgjör, reikningshald og kostnaðarbókhald
- › gerð árs- og árshlutareikninga auk skattframtala
- › upplýsingagjöf til stjórnar móðurfélags og líftryggingafélags
- › samskipti við innri og ytri endurskoðendur
- › skipulag og þróun ferla auk þátttöku í stefnumótandi verkefnum

### Við leitum að einstaklingi með:

- › háskólapróf á sviði viðskipta og/eða endurskoðunar, löggildingarpróf í endurskoðun er kostur
- › viðtæka reynslu af uppgjörsvinnu og samstæðuuppgjöri, stjórnunarreynsla er kostur
- › frumkvæði, leiðtogaþæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- › framúrskarandi skipulags- og greiningarþæfni
- › færni í framsetningu upplýsinga

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni, [sigridur.vala.halldorsdottir@sjova.is](mailto:sigridur.vala.halldorsdottir@sjova.is).

Umsóknarfrestur er til og með **18. september nk**. Sótt er um starfið á [sjova.is/starfsumsoknir](http://sjova.is/starfsumsoknir).



**SJÓVÁ**





# Átt þú heima í öflugum starfsmannahópi TR?



Hlutverk TR er að framfylgja lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni langveikra barna auk þess að sinna öðrum verkefnum sem stofnuninni eru falin hverju sinni. Nánari upplýsingar um Tryggingastofnun má nálgast á [www.tr.is](http://www.tr.is)

Frekari upplýsingar um störfín veitir Hólmfríður E. Finnsdóttir, mannauðsstjóri TR í síma 560 4400 eða á [holmfridur.finnsdottir@tr.is](mailto:holmfridur.finnsdottir@tr.is)

Umsóknarfrestur er til og með 26. september nk.

Sjá nánari upplýsingar um störfín á [starfatorg.is](http://starfatorg.is) og [tr.is](http://tr.is)

Tryggingastofnun (TR) leitar að öflugum starfsfólki í fjölbreytt og áhugaverð störf í krefjandi umhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði í starfi. Hjá TR er boðið upp á nútímalegt vinnuumhverfi þar sem ríkir góður starfsandi, sveigjanlegur vinnutími og mikil samvinna.

## Lögfræðingur

Hefur þú áhuga á að starfa í krefjandi lagaumhverfi þar sem reynir á góða þekkingu á stjórnsýslurétti og öguð og vönduð vinnubrögð? Þá gætir þú átt heima í lögfræðiteymi TR.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Afgreiðsla stjórnsýsluerinda og álitsgerða.
- Lögfræðileg ráðgjöf á sviði almannatrygginga og vegna réttinda á milli landa.
- Eftirfylgni með framkvæmd laga.
- Ritun greinargerða til úrskurðarnefndar velferðarmála vegna kærumála.

### Hæfniskröfur

- Fullnaðarpróf í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi.
- Góð þekking á sviði stjórnsýsluréttar og Evrópuréttar er kostur.
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti.
- Gott vald á ensku í ræðu og riti.
- Frumkvæði, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð eru skilyrði.
- Jákvætt viðmót og góð samskiptahæfni eru skilyrði.

## Persónuverndarfulltrúi/lögfræðingur

Hefur þú þekkingu og áhuga á persónuvernd og getur veitt ráðgjöf á sviði persónuverndar og innra eftirlits? Þá ætti staða persónuverndarfulltrúa hjá TR að vera starf sem þú ert að leita að.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Eftirlit með því að farið sé að persónuverndarlögum innan stofnunarinnar.
- Upplýsa starfsfólk um skyldur þess samkvæmt persónuverndarlögum og veita ráðgjöf á sviði persónuverndar.
- Framkvæma úttektir og viðhalda vinnsluskram.
- Eftirlit með vinnslu mála og innra eftirlit.
- Greining á öryggi við vinnslu og úrbætur.
- Vera tengiliður við Persónuvernd.
- Ritun verklagsreglna um persónuvernd.
- Önnur lögfræðileg úrlausnarefni í samráði við stjórnendur.

### Hæfniskröfur

- Fullnaðarpróf í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi.
- Góð þekking á sviði persónuverndar er kostur.
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti.
- Frumkvæði, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð eru skilyrði.
- Jákvætt viðmót og góð samskiptahæfni eru skilyrði.

## Heilbrigðisgagnafræðingur

Ert þú þjónustulundaður heilbrigðisgagnafræðingur með mikinn metnað til að hafa allt í röð og reglu? Þá gætir þú átt heima í ritarateymi TR.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Skráning, skönnun og meðhöndlun heilbrigðisgagna sem og annarra gagna.
- Ritun bréfa vegna úrvinnslu mála.
- Þróun gæðaferla og verklagsreglna.
- Ráðgjöf og upplýsingamiðlun til viðskiptavina.

### Hæfniskröfur

- Starfsleyfi sem heilbrigðisgagnafræðingur (læknaritari).
- Reynsla af störfum sem heilbrigðisgagnafræðingur er kostur.
- Mjög góð skipulagshæfni og nákvæm vinnubrögð.
- Góð tölvukunnátta.
- Mjög gott vald á rituðu íslensku máli og góð enskukunnátta er kostur.
- Mjög góð samskiptahæfni, lausnamiðuð hugsun og frumkvæði.

## Sérfræðingur í erlendum málum

Hefur þú brennandi áhuga á lífeyrismálum, góða þjónustulund, góð tök á erlendum tungumálum og reynslu af starfi og eða búsetu erlendis? Þá gætir þú verið rétta manneskjan í teymi sérfræðinga í afgreiðslu lífeyrisréttinda á milli landa.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Skráning, mat og ákvarðanatáka um lífeyrisréttindi fólks búsett erlendis.
- Ráðgjöf og upplýsingamiðlun til viðskiptavina í síma og framlínu.
- Ritun bréfa vegna úrvinnslu mála.
- Þróun gæðaferla og verklagsreglna.

### Hæfniskröfur

- Háskólapróf í tungumálum, alþjóðasamskiptum, alþjóðafræði eða annað háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Mjög góð enskukunnátta í ræði og riti.
- Annað tungumál sem nýtist í starfi er kostur.
- Hæfni í greiningu, túlkun og framsetningu gagna.
- Mjög gott vald á rituðu íslensku máli.
- Mjög góð samskiptahæfni, lausnamiðuð hugsun og frumkvæði.
- Skipulagshæfni og nákvæm vinnubrögð.



TRYGGINGASTOFNUN

# Rennismiðir og samsetning á Raftjökkum



Vegna aukinna verkefna viljum við ráða 2 starfskrafta í samsetningu á raftjökkum sem við framleiðum. Handlagni skilyrði. Konur velkomnar.

2 rennismiðir óskast. Erum með 3 Okuma rennibekki, 2 Harrison rennibekki og 2 Milltronics fræsivélar allar CNC. Kunnátta á CNC vélar skilyrði. Vélar eru allar nokkuð stórar.

Umsóknir og ferilskrá sendist á [isotech@isotech.is](mailto:isotech@isotech.is)  
Frekari upplýsingar í síma 5556200

IsoTækni ehf | Dalshrauni 9 - 220 Hafnarfjörður | Sími: 555 6200 | [isotech@isotech.is](mailto:isotech@isotech.is) | [www.isotech.is](http://www.isotech.is)



## Embassy Support Officer

Fullt starf | Embassy Support Officer

We are currently looking for an Embassy Support Officer. Main roles and responsibilities: Office Administration, estate management, security and transport (80%) IT Support (20%)

**Application deadline is Sept. 25th**

Sjá nánar á

# job

Finnum draumastarfið saman

Vinnueftirlitið er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu og er hlutverk þess að tryggja að allir komi heilir heim úr vinnu.

Lykilþættir í starfsemi stofnunarinnar er að stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi með áherslu á forvarnir og eftirlit með vinnuumhverfi vinnustaða og með vinnuvélum og tækjum.

Einnig annast stofnunin fræðslu um vinnuvernd, virka innleiðingu öryggismenningar á vinnustöðum, gott félagslegt starfsumhverfi, heilsuefingu á vinnustöðum og markvissar aðferðir í vinnuverndarstarfi.

Gildi Vinnueftirlitsins eru frumkvæði, forvarnir og fagmennska.

Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar [www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is).

## Vinnueftirlitið leitar að öflugum sérfræðingi í hreyfi- og stoðkerfi

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055 .

Ástkær móðir mín, tengdamóðir,  
amma, stjúpmóðir, systir og mágkona,  
**Hafðís Magnúsdóttir**  
lést á líknardeildinni í Kópavogi 4. september. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 16. september kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkuð en þeim er vildu minnst hennar er bent á líknardeild/Heru: <https://www.landspitali.is/um-landspitala/stydjum-starfsemina/minningarkort/>  
**Helga Bryndís Kristjánsdóttir Jóhannes Kristjánsson  
Andrea Líf, Stella Dís, Jóhannes Örn og Aron Leó  
Ragnar Ingi Magnússon Fatou N'dure  
Jóhanna Marteinsdóttir Smári Hilmarsson**

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdafaður, afa og langafa,  
**Sigurjóns Hannessonar**  
Stíllholti 21, Akranesi.  
Guð blessi ykkur öll.  
**Guðlaug Bergþórsdóttir Rannveig Sigurjónsdóttir Bergsteinn Metúsalemsson  
Guðriður Sigurjónsdóttir Ágúst Grétar Ingimarsson  
Bergþóra Sigurjónsdóttir Hannes Sigurbjörn Jónsson  
Hafðís, Birkir, Rúnar Freyr, Sigurjón, Ingimar Elfar,  
Jón Gautur, Hilmar Veigar, Guðlaug Gyða  
og langafabörn.**

Okkar ástkæri  
**Sigurður Sigurþórsson**  
Egilsbraut 9, Þorlákshöfn,  
lést mánudaginn 5. september síðastliðinn. Útförin fer fram föstudaginn 16. september kl. 13.00 frá Þorlákskirkju. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Parkinsonsamtökin. Streymt verður frá útförinni.  
**Úlfar Gíslason Gerður Stefánsdóttir  
Marta Sonja Gísladóttir Brynjar Sigurgeir Sigurðsson  
Eggert S. Guðlaugsson Móeydúur Ágústsdóttir  
Einar Sighvatsson Ása Kristín Jónsdóttir**

Ástkær kona mín, móðir mín,  
dóttir og systir,  
**Hildur Einarsdóttir**  
hjúkrunarfræðingur,  
lést á Líknardeildinni mánudaginn 5. september. Útförin verður frá Fossvogskirkju 13. september kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, þeim sem vilja minnst hennar er bent á Landvernd. Streymt verður frá athöfninni á: [https://youtu.be/RxNjn\\_vo4zw](https://youtu.be/RxNjn_vo4zw)  
**Gísli Sigmundsson  
Áróra Eir Traustadóttir Steinn Linnet  
Sesselja Þorbjörg Gunnarsdóttir Hjalti Arnþórsson  
Ólöf Kristín Einarsdóttir Margrét Einarsdóttir  
og aðrir aðstandendur.**

Elsku maðurinn minn, pabbi okkar,  
tengdapaðbi, afi og langafi,  
**Viðar Karlsson**  
skipstjóri,  
Brekkuþraut 28, Akranesi,  
lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi, miðvikudaginn 7. september. Útför hans fer fram frá Akranesirkirkju föstudaginn 16. september kl. 13. Streymt verður frá athöfninni á vef Akranesirkirkju: [www.akranesirkirkja.is](http://www.akranesirkirkja.is) Starfsfólki HVE og Heimahjúkrunar HVE eru sendar alúðar þakkir fyrir hlýja og góða umönnun.  
**Sigríður Adda Ingvarsdóttir Dröfn Viðarsdóttir Sigurgeir Sveinsson  
Ingunn Viðarsdóttir Ásgeir Ásgeirsson  
Karl Óskar Viðarsson Nina Guðbjörg Jóhannsdóttir  
afabörn.**

LADY málning

# 25%

## afsláttur

Maja Ben verður  
með litaráðgjöf  
í Skútuvogi

laugardag kl.12-15

### 25%

afsláttur LADY innimálning



## Pottaplöntu- útsala

Allar pottaplöntur

### 30-50%

afsláttur

33%

Friðarlilja  
12 cm pottur.  
11400082

1.990 kr  
2.990 kr



blómaval

25%

damixa™  
Eldhús-  
blöndunar-  
tæki

Silhouet, brass.  
8000070

36.390 kr  
48.590 kr



Calluna/Erikur  
3 stk. af eigin vali. 10327400

1.299 kr  
1 stk. 599 kr

PHILIPS  
hue

HUE Start Kit

Hvít dimma, sett með brú  
og tvær perur. 6167018

13.990 kr



eta  
since 1943

Þvottavél,  
1400 sn.

Með kolalausum  
mótor, tekur  
8 kg af þvotti,  
15 þvottakerfi.  
1853100

59.490 kr  
84.590 kr

30%



WORX verkfæri

### 20%

afsláttur



Reiðhjól

### 30%

afsláttur



Pottaplöntur

### 30-50%

afsláttur



Geymslubox

### 25%

afsláttur



Nýtt blað  
er komið út  
husa.is




HÚSASMÍÐJAN

**FYRIR ÞIG**

# Heimilið fínt

Frábær tilboð í september



Parket útsala

**30-50%**  
afsláttur



Hillurekkar

**20%**  
afsláttur



Flísar útsala


**35-45%**  
afsláttur



Blöndunartæki

**25%**  
afsláttur

Krossgáta



LAUSNARORD Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist mjúkt dýr og meinlaust (13). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 15. september næstkömandi á krossgata@frettabladid.is merkt „10. september“.

--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--

Sudoku

	1		2		5		3	
	2		7	3				
		9			5			
		7						
9				3	4	1		
5			1	9		6	8	
	5		9	8	2			
7			6			8	2	
		8		5		1		

	7	3			5	9			
				1		3			
			5	6					7
			2			6		1	
1		9			2				7
						1	8		
2	9			8					3
	6	8							5
			1	9		4			

Þrautinn felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.


Pondus



Eftir Frode Øverli

Lausnarorð síðustu viku var

AKUTULSFJÖRDUR



Á Facebook-síðunni Krossgátan er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

- 1 Fint að hafa kjörna fulltrúa á æðstu stöðum, en hverju koma þeir til leiðar? (9)
- 8 Byttur og ker sem hvorki rennur af né úr (6)
- 11 Vefjum rollu ullardúkum (7)
- 12 Borið svo holu í botninn, þar sem holan er (9)
- 13 En heitir þú á framandi borra og háhyrninga? (10)
- 14 Græn og fin eru unnar strá og þörungar líka (11)
- 15 Víst mun sá vöndur síður lykta (10)
- 16 Litil hreyfing réttlætir leynifélag sem virðir lögin (11)
- 17 Sakna vísbendinga vænnar stúlku og slyngrar (10)
- 22 Sækja fé bláeygrar dísar sem dregin var á tálar (12)
- 25 Hafna sinni í einföldni sinni (9)
- 26 Hvað um skerta netpoka fyrir fáséða fiska? (10)
- 29 Þessi tappi fer undir yfirborðið ef sakkan flækist í makkann (11)
- 30 Leiðréttu þetta og það verður aftur þitt (8)
- 32 Hvort byrðir hann kýraugað eða ljórann á risinu? (13)
- 39 Ég get dregið bjarg í bú þrátt fyrir þvagteppu (9)
- 40 Eftirrétur: Ber. Og hér eru réttu áhöldin (8)
- 41 Um náttmál biður ævintýr allra sem heyra vilja (9)
- 42 Nýtti minn skammt af reyk til hins itrasta (6)
- 43 Eru allar þessar mölflugur komnar af brúði Krists? (8)
- 44 Fáum hvíld með fiskum og verndum þá fyrir vikið (9)
- 45 Sigur á þeim næstu getur aldrei unnist með svona rugli (6)
- 46 1001 nótt tætti öll sem virtust eins (7)

LÓÐRÉTT

- 1 Hver passar þau sem hvorki þekkja skjól né hlekki? (11)
- 2 Undarleg löngun í öskur villtra matháka (11)
- 3 Er þetta inngangur að torfufleti? (11)
- 4 Á von á veseni þegar þetta spil er úti (9)
- 5 Er það líkn eða morð ef hún friðar þennan krók? (9)
- 6 Geng í raðir sella guðsmanna og segi vertu sæll við hina (9)
- 7 Held að hamingjan auki möguleikann á að komast hér inn (8)
- 8 Klambra saman söng um vinnubrögð (8)
- 9 Nú vakna þau til meðvitundar um einangrunina (8)
- 10 Gríp til grípa sviðs í hugarleikfimi (8)
- 18 Tekur frá tvö misseri vegna annáls (7)
- 19 Eftir þessa miklu moldarskriðu varð gengishrun (7)
- 20 Æ, svo ægigríð en þó alls ekki (7)
- 21 Brot tveggja sem snoðuðu sig urðu til þess að ég lét eina þeirra fara (7)
- 23 Finnurðu fugl á slóðanum slaufum slegna? (12)
- 24 Þó að lira heyri sögunni til lifir þessi ákveðna mynt e-n veginn enn (6)
- 27 Til að lina seyða seyðing dugar undur fátt (10)
- 28 Hirti jafnt þau hýru sem heiftræknu (10)
- 31 Leita blóma á bólstri bleikum (8)
- 33 Þræði skrauti innan úr nagla (7)
- 34 Þessi dælir þrjóna mest af bensini í blöndunginn (7)
- 35 Legg djúpan bassa og minniháttar málhelti á vogarskálarnar (7)
- 36 Fara í kringum fyrstu orsök að þessu raski (6)
- 37 Ljóma er kvikmyndavélarnar skima yfir flónin hægri vinstri (7)
- 38 Trjónur grufna innan marka ennis og rana (7)




VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Inngangur að efnaræði**, eftir **Bonnie Garmus** frá Forlaginu. Vinningshafi í síðustu viku var **Ása Guðmundsdóttir, Reykjavík**.



# Traust tæki á tilboði í september

Skoðu nýja  
tilboðsbæklinginn  
okkar á [sminor.is](http://sminor.is)!



**SIEMENS**

## Uppvottavélar

SN 43HW60CS (hvít), SN 43HS60CE (stál)

14 manna. Sex kerfi. Fjögur sérkerfi.  
Hnífaparaskúffa. Hljóð: 44 dB.

Tilboðsverð (hvít):

**99.900 kr.**

Fullt verð: 124.900 kr.

Tilboðsverð (stál):

**99.900 kr.**

Fullt verð: 129.900 kr.



## Stadler Form Rakamælar

SFS-080 (hvítur), SFS-081 (svartur)

Sýna hita- og rakaprósentu innandryra.

Tilboðsverð:

**2.200 kr.**

Fullt verð: 2.900 kr.



**BOSCH**

## Töfrasproti

MSM 66150

Kraftmikill, 600 W.

Tilboðsverð:

**9.900 kr.**

Fullt verð: 12.900 kr.



**BOSCH**

## Þvottavél m. þurrkara

WNA 134B0SN

Tekur mest 8 kg í þvott.

Tilboðsverð:

**119.900 kr.**

Fullt verð: 154.900 kr.



Ný  
vara!

## Bell Borðlampar

AN18100-15-01/25-14

Tilboðsverð:

**9.900 kr.**

Fullt verð: 13.900 kr.



**BOSCH**

## Skafttryksuga

BBH 32101

Öflug, 21,6 V.

Tilboðsverð:

**29.900 kr.**

Fullt verð: 42.900 kr.

# SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000  
[www.sminor.is](http://www.sminor.is)

Opið virka daga frá kl. 9 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 14.  
Vefverslun okkar er opin allan sólarhringinn á [sminor.is](http://sminor.is).





# HAUSTDAGAR

ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR  
VÖLDUM VORUM


# ILVA



**RIA TUNGUSÓFI**  
199.900 kr. Nú **139.930 kr.**



**SEAFORD GLERSKÁPUR**  
59.900 kr. Nú **47.920 kr.**



**RICHMOND SJÓNVARPSSKENKUR**  
99.900 kr. Nú **79.920 kr.**



**SEAFORD HLIÐARBORÐ**  
14.900 kr. Nú **11.920 kr.**



**WOODSTOCK SÓFABORÐ**  
54.900 kr. Nú **43.920 kr.**



**CERVO SKEMILL**  
18.900 kr. Nú **15.900 kr.**



**TORONTO 3JA SÆTA SÓFI**  
219.900 kr. Nú **153.930 kr.**



**BASTIA HÆGINDASTÓLL**  
64.900 kr. Nú **51.920 kr.**



**SICILIA 3JA SÆTA SÓFI**  
159.900 kr. Nú **127.200 kr.**



**VIVA HÖFUÐGAFL FYRIR 120CM RÚM**  
64.900 kr. Nú **38.995 kr.**



**ALLY SKRIFBORÐSSTÓLL**  
29.900 kr. Nú **20.900 kr.**



## HELGAR SPRENGJA

TIL 12. SEPTEMBER



**ILVA Garðabæ**, s: 522 4500 [www.ilva.is](http://www.ilva.is)  
mánudaga - föstudaga 11-18:30, helgar 11-18

**ILVA Akureyri** Mánudaga - föstudaga 11-18:30,  
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

[FACEBOOK.COM/ILVAISLAND](https://www.facebook.com/ilvaisland)

[INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND](https://www.instagram.com/ilvaisland)

## Fimm stjórnur hjá Tesla Model Y

njall@frettabladid.is

Model Y fékk hæstu heildareinkunn af öllum ökutækjum sem voru prófuð að þessu sinni hjá Euro NCAP. Model Y náði 98% árangri í öryggisástoð sem metur virkt öryggi ökutækja, þar á meðal getu til að forðast slyss, draga úr meiðslum og koma í veg fyrir að öikumenn aki út af. Prófið var framkvæmt með Model Y sem búin er Tesla Vision-tækninni. Model Y náði einnig 97% árangri í flokki verndar á fullorðnum farþegum sem var það hæsta af öllum prófuðum ökutækjum. ■

## Jeep Wagoneer S verður rafdrifinn lúxusjeppi

njall@frettabladid.is

Jeep notaði vikuna til að kynna þrjú nýja bíla og stefnir líka á að kynna fjóra nýja rafbíl á komandi árum. Einn þeirra er Wagoneer S sem verður flaggskip merkisins í rafbilum. Mun hann hafa um 650 km drægi og keppa við bíla eins og BMW iX, Mercedes EQS SUV og Audi e-tron.

Miðað við myndir sem sýndar voru af bílnum á hann fát sam-eiginlegt með núverandi Jeep Wagoneer. Að vísu er sjö arma grillið á sínum stað en nú er hægt að kveikja á því. Fyrir ofan það er

ljósarönd og þar fyrir ofan Wagoneer merkingin. Afturendinn er nokkuð kúptur en það er falið með stórra vindskeið sem hönnuð er til að draga úr titringi á loftinu fyrir aftan bílinn.

Undirvagninn verður nýi STLA undirvagninn frá Stellantis en hann ræður við yfir 100 kWst rafhlöðu. Hann getur verið með tvo rafmótora allt að 592 hestöfl og hröðun upp á aðeins 3,5 sekúndur í hundraðið.

Bíllinn verður frumsýndur á næsta ári en framleiðsla fyrir bæði Ameríku- og Evrópumarkað hefst ári seinna. ■



Engar myndir af innanrými bílsins voru sýndar að þessu sinni en Wagoneer S gæti jafnvel verið átta manna miðað við stærð botnplötunnar.



Lucid Air Sapphire verður öflugast fólksbíllinn á markaði þegar hann fer í sölu á næsta ári.

MYNDIR/ANTUAN GOODWIN

## Air Sapphire verður tólf hundruð hestöfl

njall@frettabladid.is

Lucid rafbílaframleiðandinn hefur tilkynnt um nýja útgáfu Lucid Air sem verður með þremur rafmótorum. Það er greinilegt að bílnum er ætlað að keppa við Tesla Model S Plaid enda verður hann hvorki meira né minna en 1.200 hestöfl. Það þýðir að um öflugasta fólksbíl í heiminum er hér að ræða.

Lucid hafði frumsýnt þriggja mótora útfærslu áður árið 2020 en engar afltölur lágu þá fyrir. Að aftan verða tveir rafmótorar, einn á hvort hjól, og eru þeir 500 kW. Mótórararnir eru sjálfstæðir þannig að á meðan annar er að skila fullu afli getur hinn verið að draga úr hraða sem getur haft áhrif á hvernig bíllinn tekur beygjur. Að framan er sami rafmótor og í Lucid Air Dream sem skilar 670 hestöflum. Sapphire með sín 1.200 hestöfl mun því geta farið í 100 km á undir tveimur sekúndum og í 160



Hvor bremsudæla að framan verður með tíu stimplum utan um 16,5 tommu keramikdiska.

km á undir fjórum sekúndum. Búast má við kvartmilutíma undir 9 sekúndum og hámarks hraða vel yfir 320 km á klst. Til að ráða við aflið og þau 2.400 kíló sem bíllinn vegur verður Sapphire með 16,5 tommu keramik bremsudiskum og tíu stimpla bremsudælum að framan. Engar tölur um drægi hafa verið birtar en bíllinn verður frumsýndur á næsta ári. Áætlað er að verð bílsins verði í kringum 35 milljónir króna í Bandaríkjunum. ■



Að innan verður 12,3 tommu skjár í mæla-borði og einnig í miðjustokk, ásamt 10,8 tommu fram-rúðuskjá.

## Nissan sýnir nýjan X-Trail

Nissan frumsýndi í vikunni næstu kynslóð hins sjö sæta X-Trail. Hann verður í boði með e-Power tvinntækninni sem samanstendur af 1,5 lítra bensínvél með forþjöppu sem sér um að halda 2,1 kWst rafhlöðu fullhlaðinni. Vélin sér aldrei um að drífa hjólin en þess í stað sér 201 hestafla mótör um að knýja fram-hjólin áfram.

njall@frettabladid.is

Hægt verður að fá bílinn með drif á einum öxli eða báðum en X-Trail kemur á sama CMF-C undirvagni og Qashqai. Að sögn Nissan er upptakið meira í ætt við rafbíl og er hann um átta sekúndur í hundraðið með framdrifinu. Miðað við blandaðan akstur eyðir bíllinn aðeins um 4,8 lítrum á hundraðið og CO2 er um 132 g/km. Með mótör á báðum öxlum verður hann 210 hestöfl og fer á sjö sekúndum í hundraðið, en



Nissan X-Trail sækir mikið í útlit nýs Qashqai með grönnum aðalljósum og V-laga grillinu en hann kemur líka með e-Power tvinntækninni.

sú útgáfa kallast e-4ORCE. Að sögn Nissan er e-4ORCE 10.000 sinnum sneggra að bregðast við en hefðbundið fjórhjóladrif sem þýðir betri aksturseginnleika.

Einnig verður hægt að fá X-Trail með sömu 1,5 lítra bensínvélinni

með mildri tvinntækni, en þannig er hún 161 hestafl og með CVT sjálfskiptingu. Sú útgáfa verður 9,6 sekúndur í hundraðið. Hægt verður að panta bílinn seinna í þessum mánuði en fyrstu eintökin verða afhent í október í Evrópu. ■

## Bílaréttingar án málningar

Sími: 557-1515

gspr.is

Tjónaskoðun - vinnum í samstarfi við tryggingafélögin

vörður

SJÓVÁ

TM

VÍS



## GÆÐASPRAUTUN og GÆÐARÉTTINGAR



# Sigraðu innkaupin!

Tilboð gilda 8.-11. september

**Kalkúna-  
leggir  
lausfrystir**

**549** kr/kg  
1.099-kr/kg

**ÍSFLUGL** 

**50%**





**25%**

Bláber  
125 g

**299** kr/pk  
399-kr/pk

**KJARNAFÆÐI**

**30%**



Kinda-fillet

**2.729** kr/kg  
3.899-kr/kg

**KJÖTBANKINN**

**23%**



Nautamínútusteik

**3.464** kr/kg  
4.499-kr/kg

**KJÖTSEL**

**40%**



Grilltvenna  
Úrbeinuð kjúklingalæri

**1.799** kr/kg  
2.999-kr/kg

**KJÖTBORD**

**20%**



Stóri tarfur  
Ribeye-borgarar, 2x150 g

**639** kr/pk  
799-kr/pk

**30%**



Vínarbrauð  
með pekanhnetum

**188** kr/stk  
269-kr/stk



Sigraðu innkaupin og fáðu betra verð á matvöru með Samkaupa appinu

**nettó**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

*Italia*  
**Róm**  
6. október í 4 nætur

4 nætur  
Flug & hótél frá  
**129.850**

SKANNAÐU

Heimsferðir 595 1000 www.heimsferdir.is



Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, fann sér sína eigin stund milli stríða í Covid-faraldrinum til að vinna að rannsóknunum sínum á landhelgismálinu og þorskastríðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Saga landhelgismálsins er þjóðarsaga

Stund milli stríða nefnist nýjasta bók Guðna Th. Jóhannessonar. Í bókinni rekur forseti Íslands sögu landhelgismálsins og þorskastríðanna af sanngirni og hlutlægni.

tsh@frettabladid.is

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, sendi á dögnum frá sér bókina Stund milli stríða: Saga landhelgismálsins, 1961–1971. Í bókinni fjallar Guðni um sögu landhelgismálsins, útfærslu fiskveiðilögsögunnar og fyrsta þorskastríðið en hún byggir að hluta á doktorsrannsókn forsetans í sagnfræði á Englandi undir lok síðustu aldar.

„Ég hófst handa við öflun heimilda hér og þar og alls staðar, á skjalasöfnum og ræddi við sjónarvotta og þá sem komu við sögu, og lagði drög að því meðfram öðru að skrá þessa sögu. Ég skrifaði bókina Þorskastríðin þrjú, yfirlit um landhelgismál á síðustu öld, sem kom út árið 2006. Svo var ég kominn á fullt fyrir allnokkrum árum en þá tóku örlögin í taumana og ég fór í forsetakjör,“ segir Guðni um aðdraganda bókarrinnar.

Hann bætir því við að á forsetastóli hafi hann fundið fyrir nauðsyn þess að hafa eitthvað til að sleppa frá amstri dagsins og hafi því haldið skrifunum áfram.

„Svo var það auðvitað þannig þegar að heimsfaraldurinn skall á að það snarfækkaði ferðum, viðburðum og fundum. Þótt það væri enn þá nóg að gera þá fann ég stundir til þess að ljúka við þetta rit. Hafði satt að segja mjög gaman af því að setja það saman og vona að það verði viðbót við það sem þegar hefur verið skráð og skrifað um þessa merku sögu. Saga landhelgismálsins er þjóðarsaga.“

### Merkur þáttur samtímasögu

Guðni hóf rannsóknir sínar á landhelgismálinu fyrir um aldarfjórðungi. Spurður hvaðan áhuginn á þessu tímabili þjóðarsögunnar komi kveðst forsetinn alltaf hafa haft mikinn áhuga á sagnfræði auk þess sem nokkrir í hans frændgarði hafi verið í Landhelgisgæslunni á tímum þorskastríðanna.

„Þetta er bara það merkur þáttur í samtímasögunni að þegar ég var að

leita mér að efni til þess að takast á við í doktorsnámi þá staldraði ég við þessa sögu. Vildi segja hana eins og ég tel að svona sögu eigi að segja. Með því að leita heimilda sem viðast, horfa á söguna frá öllum sjónarhornum, ekki búa til einhverja glansmynd. Okkur Íslendingum hefur stundum hætt til að segja sem svo að við höfum alltaf staðið saman öll sem eitt í gegnum þessi átök öll en sú var alls ekki raunin.“

*Ertu með bókinni að reyna að leiðrétta einhverjar mytur um þennan kafla Íslandssögunnar?*

„Ég er að minnsta kosti að segja söguna eins og ég tel að hún verði best sögð. Ég hef notið þess að lesa frásagnir þeirra sem voru á vettvangi, spjalla við þá og ber ítrustu virðingu fyrir þeim öllum, en ég tel hins vegar að með því að fjarlægjast þessa átakasömu tíma þá öðluðumst við kannski annan skilning á því hvers vegna fór sem fór. Það er alltaf þannig að þeir sem voru í eldlínunni hverju sinni sjá viðburði, þróun, alla atburðarás frá sínum sjónarhóli, eða jafnvel stjörnpalli. Svo koma aðrir síðar og fá annað sjónarhorn. Ég held því aldrei fram að ég sé einhver handhafi sannleikans, en ég reyni þarna að segja þessa sögu af sanngirni og hlutlægni og án þess að sagan sé notuð eins og einhvers konar vopn í baráttu okkar við erlenda andstæðinga.“

Það er alltaf þannig að þeir sem voru í eldlínunni hverju sinni sjá viðburði, þróun, alla atburðarás frá sínum sjónarhóli, eða jafnvel stjörnpalli. Svo koma aðrir síðar og fá annað sjónarhorn. Ég held því aldrei fram að ég sé einhver handhafi sannleikans, en ég reyni þarna að segja þessa sögu af sanngirni og hlutlægni og án þess að sagan sé notuð eins og einhvers konar vopn í baráttu okkar við erlenda andstæðinga.“

„Ég held því aldrei fram að ég sé einhver handhafi sannleikans, en ég reyni þarna að segja þessa sögu af sanngirni og hlutlægni og án þess að sagan sé notuð eins og einhvers konar vopn í baráttu okkar við erlenda andstæðinga.“

### Finnur eigin stund milli stríða

Spurður um hvernig það fari saman að vera í senn forseti Íslands og sagnfræðingur viðurkennir Guðni að það geti að vissu leyti verið snúið enda sé nánast skrifað inn í verklýsingu þjóðhöfðingja að vera jákvæður og blása þjóð sinni eldmóði í brjóst.


„En ég er sannfærður um það að við högnumst aldrei á því til lengri tíma að búa til einhverja glansmynd af afrekum þjóðarinnar í



Ég held því aldrei fram að ég sé einhver handhafi sannleikans, en ég reyni þarna að segja þessa sögu af sanngirni og hlutlægni.

bráð og lengd því það kemur okkur bara í koll. Við eigum að horfa raunsæjum augum á liðna tíð. Við eigum að viðurkenna og horfast í augu við það sem miður fór. Við eigum að setta okkur við það að hér er stundum hver höndin uppi á móti annarri, jafnvel þegar mikilvægir þjóðarhagsmunir eru í húfi. Við eigum að kappkosta að segja söguna í öllum sínum blæbrigðum. Við eigum ekki að hafa auðar síður í þjóðarsögunni og ef ég get lagt mitt lóð á vogarskálarnar í þeim efnum þá er það kannski jafnvel bara betra að ég sé í þeirri stöðu sem ég er í núna um stundir.“

Saga landhelgismálsins og þorskastríðanna þriggja er umfangsmikil saga sem teygir sig yfir nokkra áratugi. Guðni heitir því að klára söguna og mun næsta bindi fjalla um átökin á 8. áratugnum þegar fiskveiðilögsagan var færð út í 50 mílur og að lokum út í 200 mílur. „Ég er í launalausum leyfi við Háskóla Íslands og allt tekur enda, líka minn ferill á forsetastóli, en þá held ég bara áfram að skrifa þessa sögu,“ segir hann og bætir því við að stefnan sé að næsta bindi komi út eftir tvö ár. „Svo tek ég upp þráðinn þar sem frá var horfið í þessu bindi og held áfram að finna mína eigin stund milli stríða á forsetastóli.“ ■



## 20% afsláttur af laserlyftingu\*

Laser andlitslyfting styrkir húðina með því að örva nýmyndun kollagens og eykur teygjanleika með því að bæta elastín. Við það lyftist húðin, andlitslínur minnka og húðin verður fallegri.



Tryggðu þér tilboðið með því að bóka tíma á [www.hudin.is](http://www.hudin.is) eða síma 519-3223



\*gildir út september

Verið velkomin!



Hátún 6b, 105 Reykjavík / Sími 519 3223 / [www.hudin.is](http://www.hudin.is)

# BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á [frettabladid.is](http://frettabladid.is)



Skíðafærðir

# Val di Fassa

Beint flug til Verona á Ítalíu



**Fjöldi brottfara í janúar og febrúar**

Val Di Fassa dalurinn, mitt í Dolomiti fjallgarðinum á Ítalíu hefur að geyma nokkra geysivinsæla skíðabæi m.a. Canazei, Campitello, Alba, Arabba og Pozza

Skíðapörp þessi eru gífurlega falleg með skemmtilegri blöndu af ítölsku og austurrísku yfirbragði. Val di Fassa tilheyrir einu stærsta skíðasvæði heims, Dolomiti Superski og er hluti af hinum vinsæla Sella Ronda hring sem er u.þ.b. 50 km löng skíðaleið sem tengir skíðasvæðin í Dolomiti fjöllum saman.

Fjöldi skíðaskóla er á svæðinu sem bjóða upp á kennslu fyrir öll getustig.

7 nætur

Flug & hótél frá

**135.567**



7 nætur

Flug & hótél frá

**156.400**

á mann



→ FJÖLDA GISTIMÖGULEIKA FINNUR ÞÚ Á HEIMSFERDIR.IS



SKANNADU

Heimsferðir



595 1000

[www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

Fáðu meira út úr frúinu



## HELGAR BRUNCH

laugardaga og sunnudaga  
11.30–14.30




## G"EGGJAÐ" SPENNANDI SEÐILL

Eggs Benedict, amerískar pönnukökur, avókadó rist, mega brunch og fleiri girnilegir réttir og brunch kokteilar.

Matseðill og borðapantanir á [saetasvinid.is](http://saetasvinid.is)

SÆTA SVÍNID // Hafnarstræti 1-3 // Sími 555 2900



Arnbjörg María Danielsen er sýningarstjóri sýningarinnar Growing Body of Evidence í Norræna húsinu og verkefnisins Goethe Morph\* Iceland ásamt Thomas Schaupp.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sýningaropnun og súludans í Norræna húsinu

tsh@frettabladid.is

Norræna húsið býður upp á veglega dagskrá í dag þegar myndlistarsýningin Growing Body of Evidence verður opnuð. Á meðal viðburða er listrænn súludans á þaki Norræna hússins með listakonunni Frznte.

Í dag verður sýningin Growing Body of Evidence opnuð í Norræna húsinu þar sem listamennirnir Aneta Grzeszykowska, Colette Sadler og Varna skoða hugtök eins og líkamleika, hið manngerða og tilbúna og það hvernig lítið er á mannslikamann sem forsendu og flytjanda þekkingar. Sýningin er hluti af viðburðaröðinni Goethe Morph\* Iceland og samhlíða opnuninni verður haldinn listgjörningur þar sem Frznte dansar listrænan súludans á þaki Norræna hússins.

„Goethe Morph er alþjóðlegt samstarfsverkefni á milli Goethe Institut og Norræna hússins undir listrænni stjórn Arnbjargar Maríu Danielsen og Thomas Schaupp sem nær hápunkti sínum á hátíðardegi í dag 10. september og í tilefni hans verðum við með sýningar allan daginn. Dagskráin byrjar klukkan eitt með Omuama þáttökuhljódgjörningi í samstarfi við þýska sendiráðið. Aðalhluti hennar byrjar klukkan fimm, við verðum með matargjörning frá hinum magnaða keníska mataraktívista og kokki Chef Kabui og svo verður sýningin Growing Body of Evidence opnuð,“ segir Arnbjörg María Danielsen sýningarstjóri.


### Töfra fram súlu á þakinu

Gjörningur Frznte á þaki Norræna hússins sem ber heitið Spinning Rooftops hefst klukkan 17.45. Spurð um hvort það sé ekki erfitt að koma súlu fyrir á þaki Norræna hússins segir Arnbjörg:

„Við kunnum ýmislegt fyrir okkur hér. Við erum bara með alveg brjálæðislega gott teymi sem töfrar fram súlu á þakinu. Það eru bara galdrar.“

Growing Body of Evidence verður opnuð klukkan 18 í dag og stendur yfir til 18. desember.

„Við erum aðallega að vinna með líkamann og líkamleika og fornleifafræði framtíðar. Við erum að skoða líkamann sem einhvers konar töl eða miðil til þess að varðveita og



Frznte mun flytja listrænan súludans á þaki Norræna hússins í dag.

MYND/SILKE BRIEL

afbyggja þekkingu og minningar,“ segir Arnbjörg.

### Eftirlíking af sjálfri sér

Verkið Model er ljósmyndaröð eftir hina pólsku Anetu Grzeszykowska þar sem listamaðurinn tekur ljósmyndir af nákvæmri eftirmynd af sjálfri sér úr silikoni sem var framleitt í verksmiðju.

„Hún er alþjóðlega þekkt listakona og sýnir á Feneyjatvíæringnum núna. Þetta eru sjálfsmýndir þar sem hún er búin að búa til fullkomna eftirmynd af sínum eigin líkama til þess að reyna að fjarlægast sig sjálfa. Verkið er áhugaverður spegill á sjónræna menningu samtímans,“ segir Arnbjörg.

Verkið ARK 1 – Towards a Future Archeology eftir Colette Sadler er vídeóinnsetning og dansgjörningur þar sem tilviljanakennd framtíð mannkynsins er könnuð í ljósi þeirra breytinga sem gervi-greindarbyltingin og loftslagshamfarir munu hafa í för með sér.

„Þetta er vísindaskáldskapur þar sem við erum komin inn í framtíðina. Það er alveg stórkostlegur

dansari sem heitir Leah Marojevic sem túlkar einhvers konar leifar af mannlegu minni unnið úr algrimi í gegnum líkamann á opnardegnum og sunnudeginum,“ segir Arnbjörg.

### Grænlenstur trommudans

Að lokum er svo verkið Oqiliianneq / Relief eftir grænlenstur trommudansarann og sviðslistamanninn Varna í samstarfi við hljómlistarkonuna Söлку Valsdóttur.

Hljóðheimur Vörnu er innblásinn af austur-grænlenstum trommudansi sem hún hefur fengið í erf frá forfedrum sínum. Varna vinnur með fútúrískar staðalmyndir inútíameningar og veltir upp erfiðum spurningum um varðveislu á andlegum og listrænum arfi í samhengi við uppgjör safnaaðferðar og nýlenduvarleifðar.

Dagana 13. til 15. september fer svo fram lokaviðburður Goethe Morph\* Iceland, tilraunaráðstefnan Unexpected Lessons, Decolonizing Nature í samstarfi við Talking Objects Lab. ■

# Hauستtilboð

**Innifalið: Gráir steinar úr granít**  
**Grafskrift og skrautmynd (efst)**  
**Ledljós fylgir með lugt**  
**Uppsetning á höfuðborgarsvæði**  
**og Norðurlandi**  
**Frí sending um allt land**  
**Geymum steina ef óskað er**

**Tilboð 1**



**Sett eins og á mynd : 580.000**  
**Sett án blómaramma : 480.000**

**Tilboð 2**



**Sett eins og á mynd : 580.000**  
**Sett án blómaramma : 460.000**

**Tilboð 3**



**Hægt að setja 2 nöfn**  
**Sett eins og á mynd : 460.000**  
**Sett án blómaramma : 350.000**

**Tilboð 4**



**Sett eins og á mynd : 660.000**  
**Sett án blómaramma : 540.000**

**Tilboð 5**



**Sett eins og á mynd : 225.000**  
**Steinn án luktar : 175.000**



Jeannette Charles hafði atvinnu af því að leika Elísabetu sem er hér í vandræðalegum stellingum í *Naked Gun*.



Helen Mirren í drottningarhlutverkinu en hún er ein þeirra leikkvenna sem Elísabet veitti nafnbótina „dame“.



Stell Gonet í *Spencer* sem gerist þegar Diana, sem Kristen Stewart leikur, ákveður að skilja við Karl prins.



Kristin Scott Thomas tók við af Helen Mirren í *The Audience*.

## Margar og ólíkar myndir Elísabetar

Bretadrottning var 96 ára gömul þegar hún lést á fimmtudaginn en mun lifa um ókomna tíð í sjónvarpi og kvikmyndum þar sem hún hefur komið við sögu í yfir 100 bíómyndum og þáttum.

[toti@frettabladid.is](mailto:toti@frettabladid.is)

Þær eru orðnar ansi margar leikkonurnar sem hafa brugðið sér í gervi Elísabetar II. og varla við öðru að búast þegar jafn langlífur þjóðarleiðtogi, er annars vegar. Fyrir utan svo auðvitað að hún var ættmóðir fólks

sem er og hefur verið sérstakt eftirlæti alþjóðlegu slúðurpressunnar.

Netflix-þættirnir *The Crown* hafa á síðustu misserum gefið leikkonunum Claire Foy, Olivia Colman og Imelda Staunton tækifæri til að túlka drottninguna á ólíkum æviskeiðum en hlé hefur verið gert á tókum 6. seríu, þar sem Staunton er komin í hlutverkið, af virðingu við drottninguna. Enda vill höfundur þáttanna, Peter Morgan, meina að *The Crown* sé ástarbréf til drottningarinnar. Bréf sem hún að vísu hefði líklega frekar kosið að yrði aldrei skrifað.



Emma Thompson lék Elísabetu í *Walking the Dogs* og fékk orðu frá sjálfri drottningunni og er „dame“.



Neve Campbell var Elísabet í dellumynd þar sem hún fellur fyrir Churchill sem Christian Slater leikur.



Olivia Colman lék Elísabetu á miðjum aldri í 3. og 4. seríu *The Crown*. Hún lék hana áður í myndinni *Hyde Park on Hudson* 2012.

Helen Mirren hefur leikið drottninguna í tvígang. Hún þótti frábær í hlutverki drottningarinnar í *The Queen* frá 2006 og hlaut Óskarsverðlaun sem besta leikkonan í myndinni sem fjallaði um eftirmála dauda Díönu.

Mirren hefur einnig leikið Elísabetu í leikritinu *The Audience* sem varð síðar kveikjan að *The Crown*. Kristin Scott Thomas tók við hlutverkinu 2015 og það sama ár veitti drottningin henni DBE-orðu, með meðfylgjandi nafnbót fyrir framlag hennar til leiklistarinnar.

Emma Thompson lék drottninguna 2012 í sjónvarpsmyndinni *Playhouse Presents: Walking the Dogs* sem snerist um þá einstöku uppákomu þegar Michael Fagan braust inn í Buckingham-höll 1982.

Ekki má svo gleyma Jeannette Charles sem hafði beinlínis lifibrauð af því að bregða sér í líki drottningarinnar og þá helst í klíkkudum gamanmyndum á borð við *National Lampoon's European Vacation*, *The Naked Gun* og *Austin Powers in Goldmember*. ■

Röðin í *The Crown* er komin að Imelda Staunton sem lýkur sögunni í 5. og 6. seríu.

Claire Foy reið á vaðið í *The Crown* í fyrstu tveimur seríunum sem hin unga Elísabet.








**MSZ-RW er besta loft í loft varmadælan okkar.**  
Hentar vel í nánast allar tegundir húsa t.d.:

- Alrymi einbýlishúsa
- Sumarbústaði 60+ fm
- Geymslur

**Kynningartilboð á MSZ-RW35 Varmadælu, innifalið er:**

- Góð þjónusta
- Veggfesting
- Mótörpúði
- Flott skjólhus fyrir úteiningu

**AÐEINS 333.333 ISK m/vsk**

Nánari upplýsingar á nýrri heimasíðu okkar: [vorukaup.is](http://vorukaup.is)

vorukaup.is
156-2600
vorukaup@vorukaup.is



Freyja Wilson lét barnunga Elísabetu í *The King's Speech* þar sem í ljós kom að krúnan myndi biða hennar.







# FALLVARNIR

Ísfell býður fjölbreytt og gott úrval af fallvarnarbúnaði. Fyrirtækið er ávallt með á lager fallvarnarbelti, tengitaugar, karabínur, fallvarnarblakkir og minni fallvarnarkerfi. Í samstarfi við viðskiptavini og birgja er boðið upp á stærri fallvarnarkerfi, þau sniðin að þörfum hvers og eins. Ísfell býður upp á skoðanir á fallvarnarbúnaði og námskeiðahald varðandi notkun búnaðarins.

# Löðrandi hæfileikaríkur fjölskyldufundur

Þriðja smáskífa ballöðu-sveitarinnar Löðurs, þegar þú ert hér, kom út í vikunni en segja má að fjölskyldufundur standi að baki meðfylgjandi tónlistarmyndbandi þar sem tvö barna Einar Arnar Jónssonar sáu um leikstjórn, upp-tökstjórn og klippingu.

toti@frettabladid.is

Einar Örn Jónsson, þekktastur sem hljómborðsleikari í svörtum fötum, skemmtir sér við að semja ballöður með hljómsveitinni Löðri. Þriðja smáskífa ballöðu-sveitarinnar, þegar þú ert hér, kom út í vikunni ásamt tónlistarmyndbandi þar sem nánir ættingjar og fjölskylduvinir hans gegna mikilvægum hlutverkum.

„Í Löðrinu fæ ég útrás til þess að gera stór, mikil og dramatísk popplög sem er svona smá sakbitin sæla hjá mér. Eða bara sæla,“ segir Einar Örn sem fékk Stefáníu Svavars og Dag Sigurðsson til að syngja lagið.

„Ég gerði alveg slatta af ballöðum með í svörtum fötum og þetta er svona ballöðupæling með alvöru strengjakvartett og gospelkór í bakróddum. Ég nýt þess að fá að gera þetta stórt með miklum hljóðvegg.“

Tvö elstu börn Einar, Margrét og Baldur, áttu síðan veg og vanda af gerð myndbandsins við lagið en Margrét er upprennandi leikstjóri og Baldur sá um kvikmyndatöku og eftirvinnslu.



Kvikmyndasystkinin Baldur og Margrét Einarsbörn með leikarana ungu, Sigurrós Ylfu Rúnarsdóttur og Jón Benedikt Hjaltason, á milli sín. MYNDIR/ÁSENDAR



Stefanía Svavars syngur þegar þú ert hér ásamt Degi Sigurðssyni.



Í Löðrinu fæ ég útrás til þess að gera stór, mikil og dramatísk popplög sem er svona smá sakbitin sæla hjá mér.



Einar Örn Jónsson

## Fjölskyldan kölluð saman

„Það var bara fjölskyldufundur,“ segir Einar Örn. „Margrét er með lítið framleiðslufyrirtæki sem hún kallar Kvísl Productions og hefur verið að gera myndbönd fyrir hina og þessa. Svona minni verkefni og er bara metnaðarfull ung kona og ætlar að verða leikstjóri.“

Margrét stjórnaði upptökum á myndbandinu og klippti en Baldur sem er þekktur fyrir hlutverk sín í Hjartasteini og Vitjunum var bak við tókuvélina. „Þótt Baldur sé orðinn nokkuð reyndur leikari miðað við undan aldur þá er hann einnig lipur fyrir aftan tókuvélarnar og ákvað hann að fara í kvikmynda-

tækninám,“ segir Einar Örn og bætir við að líklega megi segja að tvö elstu börnin hans séu bæði að taka sín fyrstu skref í kvikmynda-bransanum.

## Hæfileikabörn

Einar Örn segir Margrétu hafa fengið þá hugmynd að fá börn til að leika fullorðið fólk í myndbandinu og ekki þurfti heldur að sækja sjö ára gamla leikarana, Sigurrós Ylfu Rúnarsdóttur og Jón Benedikt Hjaltason, langt.

„Ég á lítinn frænda, bróðurson minn, sem er mikið alinn upp í kringum sviðslistir og er sífellt að setja upp leikrit og mér fannst kom-

inn tími til að gefa honum almennilegt hlutverk.“

Einar Örn auglýsti síðan eftir sjö ára stúlku til þess að leika á móti frænda sínum. „Ég fékk mjög mikil og góð viðbrögð og hafði úr mörgum góðum að velja. Svo kom í ljós að hún Sigurrós er dóttir góðs félaga míns, Rúnars Freys Gíslasonar, og það var algjörlega málið að fá hana.“

Hún er rosalega mikið talent. Hæfileikarík ung kona og nú þegar komin með talsverða reynslu og framtíðin greinilega björt hjá henni,“ segir Einar Örn en Sigurrós leikur í Svári við bréfi Helgu sem var frumsýnd í kvikmyndahúsum nýlega. ■

DAY

BIRGER • MIKKELSEN



J.LINDBERG

Filippa K

billi bi  
COPENHAGEN

Fruit

KARL LAGERFELD  
PARIS

GANNI

'S MaxMara

- MERKI FYRIR MINNA -

POP UP  
MERKJAMARKAÐUR  
KEX HOSTEL

SKÚLAGATA 28

LAUG & SUN OPIÐ 11:00-18:00

AÐEINS ÞESSA HELGI

GK

REYKJAVÍK

eva

Kultur COMPANYS Kultur  
menn

KARAKTER  
KONUR

gs skór

MERKJAMARKAÐURINN STENDUR YFIR 8.-11. SEPTEMBER

DIESEL®

GERARD DAREL

Acne Studios

Paul Smith  
herrar

InWear

ROTATE

SAMSØE SAMSØE

BY MALENE  
BIRGER

Matinique

\*ásamt fleiri merkjum

# „Vildi að ég gæti **leikið** meira **við börnin mín**“

Róbert Jóhannsson  
Ristilkrabbamein



Eftir að ég  
**greindist**  
sé ég lífið  
í nýju ljósi

Vertu ljósavinur

Tryggðu krabbameinsgreindum  
**fría endurhæfingu.**



# Mannréttindasamtök fengu fingurinn frá ráðherra

## Fréttir vikunnar

Sema Erla Serdar

toti@frettabladid.is

„Það lá fyrir í vikunni að Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra ætli á haustþingi að leggja fram frumvarp um breytingar á lögum um útlendinga í fimmta sinn,“ segir Sema Erla Serdar, stofnandi Solaris, hjálpar-

samtaka fyrir hælisleitendur og flóttafólk á Íslandi

„Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar fjölda samtaka, stofnana og einstaklinga, sem leggja áherslu á mannréttindi og mannúð, um verulegra vankanta á lagafrumvarpinu og skort á samræði, ætlar Jón að gera enn eina tilraunina til þess að festa í lög skert mannréttindi fólks á flótta til verndar bákinnu,“ heldur Sema Erla áfram og minnir á að í vikunni hafi ýmis

samtök rétt fram sáttarhönd en viðbrögðin voru ekki eins og fólk gerði sér vonir um.

„Í vikunni réttu fjórtán samtök út sáttahönd og skoruðu á dómsmálaráðherra að eiga við þau samræð um breytingar á lögum um útlendinga svo hægt sé að ná fram breytingum á regluverkinu án þess að gengið sé á mannréttindi flóttafólks. Var ráðherra hvattur til að setja á laggirnar starfshóp með fulltrúum hagsmunaaðila og

sérfræðinga í málaflokknum til að tryggja að réttindi þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd séu vernduð og virt í hvívetna.

Dómsmálaráðherra var fljótur að senda samtökunum puttann!

Því stendur eftir sú spurning í lok vikunnar hvort ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur hafni nú samræði við hagsmunaaðila og ætli virkilega bara að láta Jón Gunnarsson um mannréttindi flóttafólks?“ spyr Sema Erla máturelega vongóð. ■



Sema Erla Serdar.

# TAX FREE

## AF ÖLLUM VÖRUM\*

### LÝKUR Á MÁNUÐAG



www.dorma.is

VEFVERSLUN  
ALLTAF  
OPIN

{ EKKI MISSA AF  
ÞESSU }

REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRDUR

\*Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir á öllum vörum. Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.

Holtagörðum, Reykjavík  
Smáratorgi, Kópavogi  
Dalsbraut 1, Akureyri  
Skeiði 1, Ísafirði

**DORMA**

Láttu drauminn ræstast



## Tárfelldi að hætti sannra royalista

Þótt fréttin af andláti Elísabetar II. Englandsdrottningar hafi ekki komið Kolbrúnu Bergþórsdóttur á óvart segist hún að sjálfsögðu, eins og sönnnum „royalista“ sémir, hafa fellt nokkur tár enda eigi drottningar eins og Elísabet helst að fá að lifa að eilífu.

toti@frettabladid.is

„Auðvitað varð ég döpur þegar ég frétti af andláti drottningar og felldi vitaskuld nokkur tár, eins og sannur „royalisti“ á að gera við aðstæður eins og þessar,“ segir Kolbrún Bergþórsdóttir, bókmenntadrottning og einlægur aðdáandi Elísabetar II. sem lést í fyrradag.

„Dauði hennar kom alls ekki á óvart en maður vill að sjálfsögðu helst að drottningar eins og hún fái að lifa að eilífu. Það merkilega við Elísabetu var að þó að hún segði aldrei neitt merkilegt og gerði aldrei neitt óvenjulegt þá gerði hún samt allt rétt.

Í hæversku sinni og skyldurækni var hún hin fullkomna drottning. Hún skákar reyndar ekki nöfnu sinni Elísabetu I. sem er mesti þjóðhöfðingi Breta fyrr og síðar en Elísabet II. er örugglega í öðru sæti,“ segir Kolbrún.

### Súrt fyrir Diönu-sinna

„Mér list sémilega á Karl sem konung, en ekki meira en það,“ heldur Kolbrún áfram þegar hún er spurð út í arftakann, Karl konung. „Ég held að hann sé vænn maður og við-



Hún skákar reyndar ekki nöfnu sinni Elísabetu I. sem er mesti þjóðhöfðingi Breta fyrr og síðar en Elísabet II. er örugglega í öðru sæti.

kvæmur. Svo hefur hann einlægán áhuga á listum og það er prýði á hverjum kóngi.

Gleymum því samt ekki að hann var ógurlega vondur við Diönu – og það er erfitt að fyrirgefa, eiginlega ómögulegt. Sem Diönu-sinni hefði ég svo í sannleika sagt helst viljað losna við að sjá Camillu sem drottningu. En það verður ekki á allt kosid í þessum heimi, það veit ég mætavel.

### Skuggi móðurinnar

Ég held að Karl muni reyna að vanda sig en hann mun alltaf standa í skugga móður sinnar. Svo býr hann yfir einlægru þrá til að ala þjóð sína upp og mun því ítrekað segja hluti sem munu valda fjadrafoki og kalla á andsvör frá stjórnmalamönnum.

Valdatíð hans mun væntanlega

ekki verða ýkja löng en gæti orðið nokkuð stormasöm á köflum. Þegar kemur að breska konungsveldinu á ég þá ósk að fá að lifa það að sjá Vilhjálm og Katrínu í hásetinu, þar verða þau fullkomin ásamt hinum krúttlegu börnum sínum.“

### Táknræn skyldurækni

Kolbrún segist aðspurð sannfærð um að einhver lönd muni kljúfa sig frá samveldinu í nánustu framtíð. „Ég held að það sé óumflýjanlegt eftir lát drottningar sem var sameiningartákn. Karl III. mun aldrei verða slíkt sameiningartákn, hann er einfaldlega ekki týpan í það.“

Þá telur Kolbrún ekki að það muni verða Liz Truss, fimmtánda og síðasta forsætisráðherranum sem Elísabet skipaði, pólitískt fótaklefi að drottningin skyldi deyta svo skömmu eftir fund þeirra.

„Nei, ég held að það sé ekki óheppilegt fyrir Truss. Síðasta myndin sem tekin var af drottningunni var af þeim saman og Truss minnst hennar fallega í ræðu.“

Þessi síðasti fundur drottningar er táknræn fyrir hina miklu skyldurækni Elísabetar sem var að störfum svo að segja fram á síðasta dag. Það er ekki annað hægt en að bera djúpa virðingu fyrir slíkri manneskju. ■

Kolbrún Bergþórsdóttir hefur alla tíð dáðst að Elísabetu drottningu og felldi vitaskuld nokkur tár við sorgartíðindin frá Balmoral-kastala.



# Villibráðarhlaðborð Villta kokksins

á Hótel Reykjavík Grand

Úlfar Finnbjörnsson,  
yfirmatreiðslumeistari  
á Hótel Reykjavík  
Grand.

60 ómótstæðilegir  
veisluréttir úr úrvals villibráð  
7. og 8. október | 14. og 15. október

– lifandi tónlist –

19.900 kr. á mann

Hægt að bóka á [islandshotel.is/tilbod](http://islandshotel.is/tilbod)

Einnig velkomið að hafa samband  
í síma 514 8000 eða  
[veitingar@grand.is](mailto:veitingar@grand.is)

Sunnudag  
16. október

**VILLIBRÁÐAR  
BRUNCH**  
á Grand Brasserie

8.900 kr.  
á mann



HÓTEL REYKJAVÍK  
GRAND



**-35%**

**Gem S310**  
6,9kw

**51.932**

79.895

**Þú sparar**  
**27.963**

vnr. 50657519



**-25%**

**Signet 320**  
11,4kw

**98.696**

131.595

**Þú sparar**  
**32.899**

vnr. 50657506



**-25%**

**Signet 390**  
18,5kw

**112.496**

149.995

**Þú sparar**  
**37.499**

vnr. 50657502



**-35%**

**Royal S310**  
8,8kw

**58.432**

89.895

**Þú sparar**  
**31.463**

vnr. 50657513

**Skiptir veðrið  
máli þegar þú  
grillar?**

**SAMAN Í  
60 ÁR**

**BYKO**



Great  
Place  
To  
Work®

Best  
Workplaces  
Europe™  
2022



**BEST!**

Við erum ákaflega stolt af því að vera valinn einn besti vinnustaður í Evrópu



**VIÐ ERUM HANDHAFI KUÐUNGSINS**



## Bakþankar



Ottars  
Guðmundssonar

## Lögfræðingur óskast

Það vakti athygli nýlega þegar stjórnvísan auglýsti eftir ungum lögfræðingi sem hefði þau Harvey Specter og Ally McBeal að fyrirmynd. Þetta fólk er hetjur í amerískum lögfræðingabáttum. Jafnframt var auglýst eftir mann-  
eskju sem væri „stálhnefi í silki-  
hanska“.

Það er skemmtilegt þegar ráðuneyti fara áður ótröðnar slóðir í leit sinni að hæfu fólki. Ég hefði reyndar viljað hafa aðrar fyrirmyndir í þessum ráðningum. Oneitanlega hefði verið þjódlegra að auglýsa eftir ungmennum til starfa í ráðuneytinu sem hefðu lesið yfir sig af lagakrökum í Njálu.

„Lýst er eftir lögfræðingi sem vill líkjast Merði Valgarðssyni og Þór-  
halli Ásgrímssyni í Brennu-Njáls-  
sögu. Viðkomandi þarf að vera klækjöttur og kunna að skara eld að eigin köku. Við lýsum eftir silki-  
tungu á lopasokkum.“ Með slíkri auglýsingu væri stjórnvísan að tengja nútímann inn í sagnaarfinn.

Síðan mætti halda áfram: Þjóð-  
minjavörður ætti að hafa Skalla-  
grím á Borg sem fyrirmynd enda var hann fastheldinn á gamalt drasl. Seðlabankastjóri mætti líkjast Agli afa mínum Skallgrím-  
syni sem grófsjóði sína í jörð.

Ráðuneytið vill breyta ímynd sinni. Þau Harvey og Ally eru útlits eins og dúkkurnar Barbie og Ken. Þau eru bæði með BMI undir 19 með fullkomnar tennur og vel hirt hár og taka sig sérlega vel út á mynd með ráðherrum Sjálfstæðisflokks.

Auðvitað á ekki að rýna í próf-  
skírteini og ferilskrá heldur skoða hversu mjög umsækjandinn líkist glæsilegum sjónvarpsstjörnum. Markmiðið er að fylla ráðuneytin af ungu og fallegu fólki sem hvorki eldist né fitnar svo að hópmyndin verði alltaf jafn glæsileg. ■

**AFMÆLIS  
TILBOÐ**

Veislan heldur áfram í Tölvutek.  
Opíð í dag laugardag frá 11-16

**TÖLVUTEK**  
Reykjavík • Mörkin 31 Akureyri • Undirhlöð 2

# LAEGSTA

# VERÐIÐ

# Í REYKJAVÍK

# ER Á BÚSTAÐAVEGI

